

Vefsíðugerð með FrontPage 2003

Elías Ívarsson

ISBN 9979-9599-6-7

COPYRIGHT © 1998 - 2005 Elías Ívarsson. Öll réttindi áskilin. Afritun þessarar bókar eða hluta hennar, með hvaða hætti sem er, er óheimil án skriflegs leyfis höfundar. Brot varðar við lög um höfundarrétt.

Handritsútgáfa; maí 2005.

Efnisyfirlit

Formáli	5	Vinna við síður	38
Tölvuorð	5	Möppulisti	41
Ef forrit vantar	5	Síðustillingar	41
Á Interneti	5	Bakgrunnur	42
Ritvenjur	5	Bakgrunnsmynd	43
Hvað er vefsíðugerð	6	Myndir settar á síðuna	46
Ráparinn eða Vafrinn	8	Clip Organizer	47
Upphaf Internetsins	9	Eigið myndasafn	48
Vefurinn kemur til sögunnar	10	Mynd sótt á diskinn	49
Vefsvæði og Frontpage	11	Myndir vistaðar inn	49
Vefmiðlarinn	11	Myndum bætt handvirkir í safn	49
Helstu vefþjórnar árið 2005:	12	Myndir í tölvunni	51
Lén	12	Stillingar fyrir myndir	52
Vefhýsingar	12	Appearance flipinn	52
Skráategundir	12	General flipinn	52
Réttritun í vefsíðugerð	13	Video flipinn	52
HTML kótun	14	Þumalmyndir	53
Helstu HTML ívöf	14	Afrit með Auto Thumbnail	53
Vefsíða kótuð	15	Leturgerðir	54
Vinna við kótun	16	Stílar	55
Meta kóti	16	Stíll endurhannaður	56
Leitarvélar	17	Vefsíða fær stíla	56
Myndir og Netið	18	Hægri músarhnappur	68
Staðlarnir jpeg, png og gif	18	Innbyggðir stílar	68
Heimatölvan og Internetið	19	Efnisgreinar	69
WS_FTP_HOME	19	Falдар stýringar	69
FTP forritið uppsett	20	Bókamerki	70
FTP notkun	21	Skjöl opnuð	71
Publish FrontPage Web	23	Tenglar settir inn	72
Vefsvæðið sett á vefinn	23	Töflur á vefsíðum	73
Skipulag vefsvæðis	26	Tafla sett inn	74
Einfaldleiki	26	Tafla sniðin til með Properties	75
Innihald	27	Töflustikan	75
Vefsetur og vefsíður	28	Tafla gerð með mús	75
Nýr vefur búinn til	28	Gögn úr Excel	77
Eldri vefur opnaður	29	Klippa og líma	77
Tilbúinn vefur sóttur	30	Gögn úr Word og öðrum forritum	78
Foldersviðmót	33	Sniðmát búið til	78
Tækjastikur	34	Leit og skipti	96
Hegðun hnappa	36	Rammasíða búin til	97
Hegðun valmynda	37	Rammasíður	97
		Fyrsta rammasíðan vistuð	99

Rammastillingar	99
Önnur rammasíðan vistuð	100
Aðal rammasíðan vistuð	100
Tengill innan rammasvæðis	101
Web Component	103
Dynamic Effects	103
Web Search	103
Spreadsheets and charts	104
Photo Gallery	104
Included Content	104
Link Bars	105
Table of Contents	105
List View	106
Document Library View	107
MSN Mapping Components	108
MSN Components	108
Gagnagrunnstenging	110
ODBC tengingar	110
Frontpage tengt við ODBC	111
Fyrirspurn í gagnagrunn	112
IIS vefþjónninn	114
Gagnagrunnssíðan	114
Comment glugginn	115
Margmiðlun	115
Flash myndskaið	116
Innsláttarform	117
Formþættir	119
Önnur viðmót	120
Web Site viðmót	120
Skráaflutningur með Remote Web Site	122
Reportsviðmót	125
Navigation viðmót	127
Hyperlinksviðmót	131
Tasksviðmót	132
Themes	134
Breyting tilvísana	135
Innflutt efni	136
Ýmsar stillingar	137
Frontpage Extensions	138
Frekari stillingar	139
Orðalisti	152
Úr tölvuorðasafni	154

Æfingaskrá

1. æfing - heimasíða með Notepad	59
2. æfing - vefur frá grunni	61
3. æfing - síðustillingar	65
4. æfing - töflur	81
5. æfing - myndir	85
6. æfing - eðli tengla	89
7. æfing - sniðmát	91
8. æfing - Word og Excel	93
9. æfing - lifandi hlutir	142
10. æfing - samskiptaform	145
11. æfing - Rammasíður	149

Formáli

Tölvuorð

Í bókinni eru notuð ýmis tölvuhugtök sem ekki er víst að lesandinn þekki fyrirfram. Mælt er með því að kynna sér slík hugtök í sérstökum orðalista aftast í bókinni.

Ef forrit vantar

Gott er fyrir notendur bókarinnar að fara á slóðir eins og www.shareware.com eða tu cows.islandia.is til að finna deiliforrit (e. Shareware). Deiliforrit mega notendur sækja endurgjaldslaust og vinna með í tiltekinn tíma (yfirleitt 30 til 90 daga). Að reynslutíma loknum er oft mælt til þess að notendur greiði skráningargjald til að gerast löglegir notendur.

Á Interneti

Hér að neðan er slóð í heimasíðu þessarar bókar. Þar má finna verkefni hennar, gagnlega grafík og slóðir fyrir efni á netinu um *FrontPage 2003* vinnslu.

Slóðin er <http://www.isbok.is/>.

Ritvenjur

Ensk heiti eru ýmist rituð með *skálettri* eða „innan gæsalappa.“ Þar sem nauðsynlegt þykir eru ensk hugtök (e. Concepts) sett innan sviga og fylgja þá með íslenskum heitum sínum.

Efni sem notendur bókarinnar skulu slá inn er letraðar í sérstakri leturgerð eða **feitlettraður**.

Ritháttur eins og File - Open (eða File | Open) þýðir að opna skal *File* vallista og úr honum velja skipunina *Open*. Eru bókstafir sumsstaðar undirstrikaðir eins og þeir koma fyrir í valmyndum forrita en annars eru tilvísanir í vallista ritaðar í sérstakri leturgerð.

Allar athugasemdir og ábendingar eru vel þegnar, og má senda þær á elias@isbok.is. Einnig má senda snigla póst á: Íslenskar tölvubækur, Box 465, 222 Hafnarfirði.

Meginmál bókar er sett upp í Times New Roman, 11 pt. leturgerð, fyrirsagnir í Arial 14 og 17 pt. Skipanaheiti eru rituð með Gill Sans MT leturgerð (eða Futura Lt BT). Kótunarskipanir eru í Lucida Console leturgerð.


Hvað er vefsíðugerð

Vefsíðugerð snýst um það tvennt að setja saman vefsíður sem samanstanda af texta og myndum annars vegar og hins vegar að skipuleggja efnislega samsetningu vefseturs.


Vefsíðan sjálf er því ekki aðalatriði vefsetursins (vefsins) heldur vefsíður þess. Hver vefsíða sem unnin er fyrir setrið skyldi sett saman með heildar framsetningu þess í huga. Vefsetrið þarf að vera vel skipulagt og aðengilegt bæði fyrir þann sem vinnur við samsetningu þess og hins vegar fyrir notandann sem les vefsíðurnar á Netinu.

Mikilvægt er að hafa vald á mörgum þáttum í senn þegar unnið er við vefsíðugerð, s.s. efnissamsetningu, skráaskipulagi og myndvinnslu. Þá þarf vefarinn stöðugt að fylgjast með framsetningu annarra vefsetra á Vefnum og fylgjast með tækninýjungum, aðferðum, stíl og framsetningu annarra vefsvæða.

Í Frontpage er boðið upp á umhverfi sem auðveldar samsetningu efnis í vefsíður og skipulag vefsetursins þ.e. skráaskiuplag.




Vefsíða og vefsetur opin í FrontPage. Vinstra megin birtast möppur, vefsíður og myndir innan vefsetursins, hægra megin er unnið með vefsíðuna. Bæði má vinna með útlit vefsíðunnar í neðri hluta og HTML kótun hennar í þeim efri.



Fleiri forrit en Frontpage geta sett saman vefsíður og Windows stýrikerfið hefur tilhneigingu til að senda síðurnar á þau. Sé hægri-smellt á forritið og notuð skipunin „Open With“ má senda síðurnar á Frontpage.


Á stöðu-stíkkunni (e. Status bar) í Frontpage má velja hraðaviðmiðun eftir mismunandi stöðlum s.s. ISDN og 56.6 Kb mótald.

Þá getur Frontpage gefið til kynna hversu hratt vefsíðan sem unnið er með mun hlaðast niður til notanda.




Á stöðustíkkunni má velja hvernig Frontpage birtir þá síðu sem unnið er í með tilliti til hugsanlegrar skjástillingar þess sem skoðar síðuna.

Mjög erfitt er að sjá fyrir hvernig vafri (rápari) sé í notkun hjá notanda (lesanda) svo og hvernig skjá stilling notandans sé.



Fyrst þegar Frontpage er ræst, og reyndar oft, geta komið þau skilaboð að forritið sé ekki sjálfgefinn (Default) vefsíðuritill.



Ráparinn eða Vafrinn

Vafrinn eða ráparinn (samkv. tölvuorðasafni) er aðal verkfærið þegar kemur að því að skoða vefsíður. Nauðsynlegt er að þekkja vel til þess vafra sem fólk notar hvað mest.

Sérstaklega skiptir máli að vafrar birta ekki alltaf sömu vefsíðuna á sama hátt og nauðsynlegt er að þekkja þennan mun


Internet Explorer

Þessi vafri er líklega sá útbreiddasti, enda fylgir það (forritið) með Microsoft Windows stýrikerfinu og er einnig til fyrir Macintosh tölvur.

Margir hafa gagnrýnt IE fyrir að vera fyrirferðamikill og er hann óvinsæll meðal hönnuða, en því verður ekki neitað að hann er notaður af yfirgnæfandi meirihluta notenda.

<http://www.microsoft.com/ie/>

<http://www.microsoft.com/windows/ie/default.msp>



Mozilla Firefox

Þessi vafri nýtur sívaxandi vinsælda og af vefhönnuðum sá sem nýtur mestrar virðingar. Fjöldi nýrra þátta kemur með því (forritinu) s.s. innbyggð vörn gegn *Pop-up* gluggum, sjálfstæður og hraðvirkur niðurhalari, skoðun margra vefsíðna í sama glugga með *Tabbed-browsing* og aukið öryggi þar sem *ActiveX* stjórntækjum er meinaður aðgangur að tölvunni. *ActiveX* er forritunartækni frá Microsoft og mjög vinsæl hjá vírusasmiðum.

Auk þess inniheldur Firefox nauðsynleg töl fyrir vefhönnuði sem auðvelda villuleit í *JavaScript*, *CSS* og við rýni í samsetningu vefsíðna. Þess má geta að Firefox er opin-útgáfa (e. Open Source) af hinum fræga Netscape Navigator.

<http://www.mozilla.com/>




Opera

Opera vafrinn (ráparinn) er vinsælt forrit og býður upp á þægindin sem Firefox er þekktast fyrir s.s. svipað öryggi gegn vírusum, opna margar vefsíður í sama glugga, og þægilegt leitartækni.

Opera hefur lengi haft orð á sér fyrir að vera hraðvirkasti vafrinn og hefur enginn skákað því enn. Mjög auðvelt er að sníða útlit vafrans að eigin smekk. Tvennt býður Opera sérstaklega þ.e. stuðningur við radd-drifin kerfi eða vefi sem leyfa að talað sé við þá og stuðningur við „Scalable Vector Graphics“ eða SVG..

<http://www.opera.com/>



Upphaf Internetsins

Internetið hefur verið til í um þrjá áratugi eða frá því um 1970. Fyrstu tölvurnar sem voru í notkun á þeim tíma voru miðlægir netþjónar (e. Servers). Var þá í fyrirtæki t.d. ein tölva sem margir skjáir tengdust við. Skjáirnir fengu frá henni öll forrit og gögn sem vinna þurfti með og notendur vistuðu alla sína vinnu beint á þjóninn.

Fljótlega þróuðust samskipti þessara netþjóna þannig að þeir gætu deilt efni á milli sín. Oft gegnum hefðbundnar símalínur. Þannig gætu t.d. tveir netþjónar fyrirtækis unnið saman sem einn. Þetta var hentugt til að fyrirtæki með útibú á fleiri stöðum gæti samhæft samskipti notendavéla eða biðlara (e. Clients) yfir lengri vegalengdir.

Netþjónn er tölva sem sér um að miðla aðgangi að gögnum eða þjónustu til útstöðva. Þeir geta verið beintengdir skjáir eða einmenningstölvur tengdar saman. Getur tengingin verið hvort sem er símalína eða kapall beint frá tölvu í tölvu. Netþjónn er þó ekki skilyrði fyrir nettengingu. Nóg er að tvær einmenningstölvur séu tengdar með kapli til að net verði til.

Ein afurð þessarar þróunar var að samskonar vélar, sem ekki voru endilega í þjónustu sama fyrirtækis gátu einnig nýtt sama samskiptastaðal. Hófst þannig þróun á staðlinum TCP/IP og þannig var kominn grunnurinn að Internetinu sem einmitt byggist á þeim samskiptastaðli.

Fyrirtæki og stofnanir komust fljótt upp á lagið með ýmsa kosti kerfisins. Tvær manneskjur staðsettar í sitthvorri heimsálfunni, gátu með nokkurra mínútna millibili skipst á upplýsingum sem báðum nýttust að sameiginlegu markmiði. Einnig varð auðvelt fyrir vinnuhópa að vinna saman að sameiginlegum markmiðum þó hópurinn stækkaði og engir tveir væru á sama stað.

Mest var notast við tölvupóst þar sem notandi við skjá sendi skilaboð til annars og fékk tilkynningu á eigin skjá þegar svar barst. Ýmsar útfærslur á þessari hugmynd hafa skotið rótum gegnum árin. Þær notadrýgstu, fyrir utan tölvupóstinn sjálfan (sem líklega mun alltaf hafa forskot á aðra þætti), eru fréttahóparnir *Usenet*, og svo efnisleitir eins og *Archie* og *Gopher*.

Í fréttahópum vinna ákveðnir netþjónar saman og sjá um að geyma og miðla upplýsingum í formi tölvupósts í flokkum og undirflokkum. Hver sem hefur tilskilið forrit getur fengið lista yfir alla flokka á netþjóninum og valið einhverja þeirra til nánari skoðunar, fengið lista yfir þá undirflokka sem gætu verið í hverjum flokk fyrir sig og síðan lesið póstskeytin í flokknum. Er jafn auðvelt að senda eigið framlag eins og að svara venjulegum tölvupósti. Fréttahópar hafa alltaf verið vinsælir ekki síst vegna notagildis en margir sem hafa tileinkað sér notkun þeirra finna þar hafsjó af fróðleik auk auðveldra tengsla við fólk með svipuð áhugamál.

Archie og *Gopher* eru að vissu leyti allt annars eðlis þó þeir séu ekki alls óskyldir. Engin leið hefur verið að hafa yfirsýn yfir alla netþjóna sem til eru í heiminum né allt það efni sem þeir geyma. Því koma efnisleitir til sögunnar, þjónustur þar sem notandi getur leitað uppi ákveðna textastrengi eða upplýsingar sem hann fýsir að finna og fá upplýsingar um hvar upplýsingarnar sé að finna og sækja þær síðan.

Flestir netþjónar leyfa aðgang að ákveðnum svæðum á gagnasvæðum sínum og bjóða notendum sínum að vista þar skrár. Geymist þannig á netþjónum oft mikið magn upplýsinga, aðgengilegt hverjum sem nennir að skoða. Að sjálfsgöðu má reikna með því að ekkert sé sett í opin svæði nema leyfilegt sé að skoða það og þarf FTP aðgang að þessum upplýsingum.

Vefurinn kemur til sögunnar

Árið 1989 var maður að nafni Tim Berners-Lee (<http://www.w3.org/People/Berners-Lee/>) sem sat á skrifstofu í Sviss og vann við það verkefni að gera upplýsingar aðgengilegri en áður. Hann fann þá lausn að textaskjöl gætu innihaldið stiklur (tenglar, krækjur, á ensku Links). Stiklurnar væru ofnir inn í uppsetningu skjalanna. Þegar lesandi skjals sæi þau orð sem væru stiklur gæti hann með því að smella á orðið með mús sótt til sín skjal sem stiklan vísaði til án tillitis til þess á hvaða netþjóni tengda skjalið væri geymt. Hugmynd að þessari lausn var ekki ný af nálinni og fleiri unnu að svipaðri þróun á þeim tíma.

Berners-Lee tókst ætlunarverk sitt og hannaði staðal sem gerði þetta mögulegt. Kerfið er kallað *World Wide Web* skammstafað *www*. Á íslensku er yfirleitt talað um veraldarvefinn eða Vefinn. Staðallinn sem skjölin skyldu kótuð (e. Code) eftir var nefndur *Hyper Text Markup Language* skammstafað HTML. HTML staðallinn er ívafsmál þ.e. að vefa má skipanir með sérstökum merkingum í textann og breyta honum í stiklutexta með stiklum eða krækjum. Eiginleikar kerfisins voru að þeir netþjórnar sem veittu *www* þjónustu gætu miðlað sín á milli og til notenda öllum þeim skjölum sem á þeim væru vistuð og ef þau væru kótuð með HTML-málinu og hefðu endinguna *html/htm* gætu þau hagnýtt og birt stiklur.

Kerfið er einfalt í notkun. Hver sem hefur aðgang að netþjóni á Internetinu þ.e. hefur notandanafn á honum getur vistað HTML skjöl í sérstöku skráasvæði (e. Directory) eða möppu (e. Folder) í heimasvæði sínu á netþjóninum og þar með er hann (notandinn) kominn með vefsíðu (eða vefsvæði) á sínu heimasvæði.

Berners-Lee á höfundarrétt þessarar lausnar en gaf réttinn frjálсан til frekari þróunar. Gerði hann þetta til að auka möguleikana á því að heimsbyggðin sameinaðist um einn staðal frekar en að margir væru í notkun. Þess í stað tryggði hann sér sæti í staðlaráði fyrir áframhaldandi þróun kerfisins og setti á stofn stofnunina „World Wide Web Consortium“ (<http://www.w3.org>). Þar með átti enginn einn aðili hagsmuna að gæta í þróun kerfisins heldur hver sá sem vildi hagnýta sér það hverju sinni. Því hefur það haldist opið og er svo komið að „allir“ þekkja og nota Vefinn í dag.

Síðan hefur Vefurinn gjörsigrað heiminn og þykir sjálfsagt að fyrirtæki jafnt sem einstaklingar komi sér upp vefsvæði. Þeir sem vilja koma upplýsingum á framfæri við hvern sem er og án fyrirhafnar þurfa aðeins aðgang að Vefnum og viljann til að koma gögnum sínum á framfæri. Eins getur hver sem er nýtt sér netið til að nálgast upplýsingar eftir þörfum og oft frá fólki sem er að setja frá sér upplýsingar af hvötum eigin áhuga.

HTML-staðallinn hefur þróast mikið síðustu ár og er í stöðugri þróun. Hann hefur þó haldið þeim eiginleikum sem hann hafði í upphafi, að geta sett fram hverskonar gögn og vera einfaldur í notkun. Nú orðið finnst á Vefnum gríðarlegt magn af vefsvæðum sem innihalda texta, gagnagrunna, myndrænar framsetningar og hljóð, jafnvel hreyfimyndir. Í stuttu máli; upplýsingar og margmiðlun af hvaða tagi sem er.

Þegar þetta er ritað er HTML staðallinn í útgáfu 4 og er hún endanleg. Í stað útgáfu 5 hefur staðlaráðið gefið út XHTML staðallinn sem eykur notagildi staðalsins verulega og er ætlast til að XHTML vefir séu notaðir með CSS (Cascading Style Sheets) tækni.

Þó HTML sé í einfalt þá er umfang efnisins sem setja þarf fram af margvíslegum toga og tæknin hefur þróast í að vera nokkuð umfangsmiki.. Því er á markaðnum fjöldi öflugra forrita til þess að hanna vefsíður og vefsvæði. Eitt hið öflugasta er án efa *FrontPage* frá *Microsoft*. Hugbúnaður sem leyfir notanda að vefa síður, flokka og setja saman umfangsmikil vefsvæði með mismunandi

tegundum margmiðlunar og viðskeyttum möguleikum án þess að notendur þurfi að læra staf í HTML-kótun eins og áður var.

Vefsvæði og Frontpage

Nærri allar síður á vefnum eru HTML-síður. Er átt við að texti og myndir sem birtast í síðunum eru settar upp með sérstakri kótun, sem segir vafra (rápara) hvernig efnið á að líta út. Með kótuninni eru tenglar (stiklur) settir inn til að geta sótt annað efni hvort heldur á netþjóni móður-síðunnar, netþjóni í næstu götu eða handan við hnöttinn. Hvaðeina sem höfundur síðunnar vill framsetja er því sett upp með tenglum ofnum í textann. Heimasíðan er sett í heimasvæði höfundar á netþjóni og verður þar með aðgengileg hverjum sem er svo fremi að netþjónninn sé aðgengilegur á Vefnum.

Þó *FrontPage* leyfi notanda að hanna vefsíður án allrar grunnþekkingar á HTML-málinu þá er samt nauðsynlegt að vera inni í eðli þess og grunnkótun. Það kemur að því fyrr eða síðar að höfundur vefsvæðis þurfi að laga útlit eða setja inn eiginleika sem ekki er hægt að gera með fullkomnustu tólum.

Ýmis önnur tól þykja þó nauðsynleg til viðbótar við *Frontpage*.

Myndaflokkarar:	ACDSee, Thumbsplus.
Forritunar-ritill:	Editplus, Textpad, ...
Myndvinnsla:	Photoshop, ...
FTP samkiptaforrit:	ws_ftp personal eða professional, CuteFTP, ...
Vafrar, ráparar:	Internet Explorer, Mozilla Firefox, Opera, ...

Vefmiðlarinn

Vefurinn byggir á þeirri hugmynd að þegar notandi óskar eftir vefsíðu, skuli rápara (vafra) beint að skjalinu. Skal þá gefa upp slóð eða veffang síðunnar (e. URI: Universal Resource Identifier).

Vefslóðin <http://www.isbok.is/> er dæmi um veffang, sömuleiðis <http://www.isbok.net/elias/>. Bæði þessi vefköng benda á rót vefsvæðis á Netþjóni án þess að tilgreina sérstaklega eitthvað skjal. Vefslóðin <http://www.isbok.net/myndir/r1.htm> bendir hins vegar á skjalið `r1.htm` í skráasafninu „myndir“ í vefrót tiltekins vefþjóns.

Sé ráparanum beint að rót vefþjóns án þess að tiltekið skjal sé nefnt í slóðinni (veffanginu) bregst vefþjónninn við með því að senda til baka skrána `index.htm`, `index.html` eða `index.php`, svo fremi slík skrá sé fyrir hendi. Einnig leitar vefþjónninn að skránni `default.htm` eða `default.asp`. Því er hefð fyrir því að forsíða vefsvæðis sé ýmist nefnd `index.html` eða `default.asp`. Þannig skiptir engu hvort gefin sé upp slóðin www.isbok.is/index.php eða www.isbok.is eftir atvikum.

Þegar ráparinn er beðinn um veffang af þessu tagi biður hann vefþjóninn um að senda sér skjalið og allar myndir sem birta skuli með því. Þannig er ekki hægt að skoða neitt efni á viðkomandi netþjóni nema vefþjónninn miðli því frá sér. Einn kosturinn við þetta er sá að vefþjónninn getur undirbúið síðuna sérstaklega ef vefhönnuðurinn hefur grafið forritunarkóta í hana sem t.d. sækir upplýsingar í gagnagrunn.

Eftirfarandi tafla birtir lista yfir átta vinsæla vefþjóna. Tveir þeir fyrstnefndu, *Apache* og *Internet Information Server* (IIS) deila sín á milli yfir áttatíu prósent allra vefsvæða í heiminum þegar þetta er skrifað. Talið er að *Apache* eigi á milli 60% og 75% og IIS eigi um 22% til 30% af því hlutfalli.

Helstu vefþjórnar árið 2005:

- Apache Web Server
- Internet Information Server (IIS)
- iPlanet Web Server
- Zeus Web Server
- Roxen Web Server
- Jigsaw
- Sambar Server
- Sun Java System Web Server

Lén

Lén (e. Domain) er nafn sem hýst er á tilteknum DNS (Dynamic Name Resolver) netþjóni og má nota nafnið til þess að finna vefrót viðkomandi vefs. Þar sem öll lén búa á sérstakri íp tölu þarf ávallt DNS þjón til að túlka léns-nafnið yfir á íp tölu vefþjónsins. Lén er yfirleitt einfalt nafn með endingu eftir tilteknum reglum s.s. isbok.is er eitt léns-nafn með endingunni „punktur is.“

Endingar léna benda yfirleitt til þess landssvæðis sem vefurinn er hýstur á t.d. er endingin .dk hýst í Danmörku, .se í Svíþjóð og .uk í Bretlandi. Fjöldi endinga eru ekki bundnar við svæði s.s. .org, .com, .info og .net.

Svæðisbundin regla þessara endinga þykir ekkert heilög t.d. á höfundur lénin isbok.is, isbok.com og isbok.net og eru þau öll hýst í Reykjavík, Íslandi. Bæta má við nafni framan við lénsheitið, t.d. er www.isbok.is yfirleitt skeytt framan við lénið samanber www.isbok.is og bendir þá til aðal vefsins á því léni. Auðveldlega mætti hýsa annan vef á sama netþjóni (eða öðrum) og nefna t.d. grusk.isbok.is (vefþjónn sem höfundur notar þegar þetta er ritað).

Fyrir kemur að aðilar sem þróa nýjar útgáfu vefja sinna án þess að breyta þeim sem fyrir er gefi út einn vef á www.ekkitil.is sem væri aðal vefurinn og þróunarvefinn á www2.ekkitil.is.

Vefhýsingar

Nauðsynlegt er þegar kemur að vefsíðugerð að velja sér vefhýsingu til að setja vefinn á Netið. Yfirleitt er auðvelt fyrir einstaklinga að koma sínu persónulega vefsvæði á Vefinn séu þeir tengdir Netinu í gegnum stærri aðila á markaðnum s.s. Símann Internet og OgVodafone. Einnig veita fyrirtæki á borð við Lína Net og Skýrr upp á öflugar lausnir í vefhýsingu.

Ekki er lagt upp í að lista frekar alla þá sem veita aðgang að Netinu eða einstaka vefhýsingaraðila en af nógu er að taka. Skal lesanda bent á að nýta sér leitarvélar á borð við www.google.com eða www.leit.is til að finna sér vefhýsingu við hæfi.

Fyrirtæki kaupa sér yfirleitt lén og þá hýsingu í leiðinni, einstaklingar sömuleiðis. Yfirleitt borgar sig að kaupa þessa þjónustu sérstaklega og er mjög ódýr. Útgefandi bókarinnar (isbok.is) hýsir t.d. alla vefi sína hjá einum og sama aðilanum (www.vefhysing.is).

Skráategundir

Rétt er að þekkja deili á helstu skrátegundum sem notuð eru á vefnum. Fyrsta spurningin sem hér kemur upp er munurinn á endingunum .htm og .html, sem er enginn. Aðalmunurinn felst í því að PC tölvur (Windows tölvur) gera ráð fyrir þriggja stafa endingu og þar til Windows 95 kom á

markaðinn var hún skylda. Á Linux tölvum var hins vegar engin slík regla fyrir hendi og þróaðist sú venja að nota .html þar. Þessi munur er þó úreltur í dag.

Helstu skráartegundir:

.htm, .html	Venjulegar vefsíður.
.php, .phtml	Vefsíður sem innihalda forritun í PHP forritunarmálinu. Slík forritun undirbýr vefsíður á vefþjóninum áður en notandinn sér þær.
.asp	Vefsíður sem innihalda forritun í annaðhvort VBScript eða JScript forritunarmálinu. Slík forritun undirbýr vefsíður á vefþjóninum áður en notandinn sér þær.
.gif	256 lita myndir sem leyfa gegnsæjan bakgrunn og myndskeið.
.jpg	Myndir sem leyfa 16,7 milljón liti og því ljósmyndagæði.
.png	Myndir sem leyfa ýmist 16,7 milljón liti eða 256 liti með gegnsæi en ekki myndskeið.
.swf	Myndskeið og gagnvirkni smíðuð í Macromedia Flash.
.inc	Textaskrá notuð undir upplýsingar fyrir .asp og .php síður.
.txt	Venjulegar textaskrár.
.class	Forritlingar (e. Applets) smíðuð með Java forritunarmálinu.
.zip	Skráastaðall sem notaður er til að þjappa mörgum skráum í eina og oft notuð til að miðla stórum skráum og forritum um vefsíður.
.css	Venjuleg textaskrá sem geymir kótun fyrir Cascading Style Sheets.
.js	Venjuleg textaskrá sem geymir forritunarkóta í JScript eða JavaScript.

Réttiritun í vefsíðugerð

Fylgja þarf eftirfarandi reglum um alla ritun í vefsíðugerð.

Þegar skráum eru valin nöfn er mikilvægt að þau séu ekki brotin upp í setningar s.s. gæti skjalið „vefsidan min.htm“ orðið óvirk á Vefnum því Linux vefþjónar skilja þetta nafn sem tvö heiti. „vefsidan-min.htm“ myndi hins vegar virka eðlilega.

Þá borgar sig að nota eingöngu enska málrítun við nafngiftir skráa. Þannig gæti „vefsíðan-mín.htm“ týnst á vefnum því óvíst er að vefþjónninn skilji séríslensku bókstafina. Þó má nota tölustafi í skráaheitum.

Leyfilegt er að nota hástafi í nöfnum skráa og skráasafna en það er óráðlegt vegna þess að Linux tölvur og fleiri sem hýsa vefþjóna eru hástafanæmar (e. Case Sensitive). Á Linux tölvu myndi því „vefsidan-min.htm“ og „vefsíðan-mín.htm“ teljast vera sitthvort skjalið en á Windows tölvu myndi aðeins annað þeirra fá tilvist á sama stað.

Að lokum þarf að temja sér réttiritun þegar kemur að kótun í HTML því minnsta stafsetningarvilla í slíkri kótun getur gert síðuna ónothæfa.

HTML kótun

Lengi voru textaritlar vinsælustu vefsmíðatólin, Notepad í Windows, Vi í Linux og SimpleText á Macintosh. Ástæðan er sú að allar HTML síður eru kótaðar með ívöfum (e. Tag) sem gott er að kóta handvirkt inn á efni síðunnar og var gott að setja þau inn með ritli sem ekki tæki upp á því að kóta útlit texta og staðsetningu sjálfkrafa svipað og gerist í ritvinnslum.

Einfaldur textaritill er því ákjósanlegur fyrir slíkar kótanir. Ef texti á til dæmis að vera feitlettraður (e. Bold) á síðunni þá þarf að gefa skipun um það með ívafi. Slík skipun myndi þá líta svona út: `<B>feitlettraður</B>`.

Þegar síðan er skoðuð í rápara (vafra, e. Browser, Web Browser) eru ívöfin ósýnileg en efni þeirra birtist í samræmi við merkingu þeirra. Flestöll ívöf í HTML ívafsmálinu virka þannig að efni á milli upphafs-ívafs og enda-ívafs fær sérstaka meðhöndlun. Ívöf eru yfirleitt sett fram innan hornsvisa (stærri-en og minna-en merki) en enda-ívafið hefur þó aukalega skástrik til aðgreiningar. Dæmi: `<ívaf>efni</ívaf>`.

Kótun skoðuð

Besta leiðin til þess að sjá hvernig þetta er gert er að skoða hvernig aðrir hafa kótað sínar vefsíður. Það er gert með því að smella á View - (page) source í ráparanum. Þá birtist gluggi með kótanum sem notaður var til þess að setja síðuna saman.

Ákveðnir þættir (e. Elements) þurfa að vera til staðar í öllum HTML síðum

- Þær þurfa að hafa endinguna .html eða .htm.
- Þær þurfa að byrja á `<html>` og `<body>`.
- Efni sem á að birtast.
- Þær þurfa að enda á `</body></html>`.

Ef eitthvað af þessu vantar á síðuna mun hún ekki birtast eðlilega.

Mikilvægt er að vista aðalsíðu heimasvæðis sem `index.htm` eða `default.asp`. Þegar vefrápari er stilltur inn á ákveðna slóð á Netinu án þess að gefið sé upp nafn tiltekinnar síðu, fær hann `index.htm` eða `default.asp` frá miðlaranum (þjóninum). Sú skrá er þar með forsiða heimasvæðisins.

Helstu HTML ívöf

Hverjum þeim sem ætlar sér að læra heimasíðugerð er ráðlagt að setjast við tölvuna sína og skoða kótun annarra, setja upp tvær eða fleiri síður með HTML kótun og setja á vefinn. Þó bók þessi sé helguð *FrontPage 2003* eru hér sýnd algeng ívöf sem ekki er hægt að vera án þegar heimasíða er hönnuð.

Þess skyldi ávallt gætt við HTML kótun að skrár og vísanir í skrár séu í lágstöfum og ekki með séríslenskum stöfum. Texti skjala má þó vera skrifaður hvernig sem er. Í HTML 4 skiptir engu þó ívöf séu rituð í hástöfum en í XHTML er þess krafist að þau séu í lágstöfum og ströngum reglum fylgt þar að lútandi.

Enginn vafi er á því að vefhönnuður þarf að kunna að lágmarki þær skipanir sem hér birtast og helst að kunna góð skil á HTML. Gott er að læra XHTML og Cascading Style Sheets því sú tækni er að ryðja sér hratt til rúms.

`<html>`Efst í skjali, gefur til kynna að síðukótun hefst. `</html>` Þarf að vera neðst í skjali.

`<body>`Þar sem aðalefni skjals byrjar. `</body>` Þarf að vera næst neðst í skjali.

```

<head>Það sem er hér á milli er haus skjals, ekki í aðaltextasvæði. </head>
<title>Hér kemur sá texti sem á að koma í titillínu vefskoðarans (efst til vinstri). </title>
Title er alltaf milli <head> og </head> Titill síðunnar er sá texti sem kemur í Favorites
(Bookmarks) listann í vefskoðaranum þegar gefin er skipunin Favorites - Add to Favorites.
<a href="http://www.isbok.is">Texti til að smella á. </a> Tengill kótaður með slóð og texta
sem notendur geta smellt á. Gæsalappirnar verða að vera annars virkar tengillinn ekki.
<a href="onnur.htm">Texti til að smella á </a>. Tengill sem sækir aðra síðu í sömu möppu.
<a href="http://www.hvarsemer.is/meira.htm">Texti til að smella á </a>. Tengill til að
sækja aðra síðu á annan netþjón.
<a href="textar/onnur.htm"> Texti til að smella á </a>. Tengill sem sækir aðra síðu í
möppunni textar en mappan textar er í sömu möppu og gildandi síða.
<a href="mailto:einhver@hvergi.is">Nafn til að smella á.</a>Tengill til að smella á
svo hægt sé að senda póst t.d. til höfundar síðunnar.
 Mynd skal birtast þar sem þetta ívaf kemur fyrir.
<h1>Texti sem er fyrirsögn 1. </h1>, <h2>Texti sem er fyrirsögn 2. </h2> Fyrirsagnir eru alls sjö
talsins, sú með stærsta letrið er númer 1 og svo minnkar það með hækkandi númerum.
<hr> Lárétt lína þvert yfir skjáinn. <center>Hlutir miðjujafnast</center>.
<strong>texti feitletrast</strong> , <p>efnisgrein hefst og endar</p>, <br>línuskipting,
<em>skáletrun</em>.
<table border="1"> Tafla byrjar með línuþykkt 1. Eftirfarandi tafla er þrjár línur með tveimur
dálkum.
  <tr><td>Fyrsta lína, v. dálkur</td><td>Fyrsta lína, h. dálkur</td></tr>
  <tr><td>Önnur lína, v. dálkur</td><td>Önnur lína, h. dálkur</td></tr>
  <tr><td>Þriðja lína, v. dálkur</td><td>Þriðjalína, h. dálkur</td></tr>
</table> Tafla endar.

```

Vefsíða kótuð

```

<html>
<head>
<meta name="keywords" content="vefur, vefurinn, vefsíður, heimasvæði">
<title>Dæmasíða</title>
</head>
<body><h1>Þetta er fyrirsögn</h1>
<p align="center">Fyrsta heimasíðan!</p>
<p>Þegar síða af þessu tagi er hönnuð, skal gæta ýtrustu nákvæmni við kótun. Ekki þarf að vanta
nema eina gæsalöpp á einum stað til að vefarinn missi stjórn á útliti síðunnar.</p>
<center></center>
<hr>Heimasíðugerð</h1> <a href="http://www.isbok.is/">Ísbók.</a><br>
Smelltu <a href="mailto:isbok@simnet.is">hér</a> til að senda tölvupóst
</body>
</html>

```

Vinna við kótun

Hér á undan er heimasíða gerð með einfaldri HTML kótun í Notepad. Við svona kótun byrjar höfundurinn að ræsa kótunarforritið og vistar síðuna með File - Save As. Í „Save As“ valmynd er valin staðsetning á harða disknum. Skyldi þá velja möppu sem ekki inniheldur neitt annað og helst að búa hana til sérstaklega í þessum tilgangi.

Gæta skal þess að vista skjalið með endingunni .htm(1) en Notepad vistar gjarnan með endingunni .txt þó hann leyfi hvaða endingu sem er sé valið „All types“ í „Save as type“ fellivalmyndinni.

Meðan verið er að vinna síðuna er öðru hverju vistað með File - Save (eða Ctrl+S) en allan tímann er vefráparinn (vafrinn) hafður opinn í tölvunni. Í honum er valið File - Open, smellt á Browse hnappinn, fundin mappan sem geymir .htm skjalið og það opnað. Eftir hverja vistun í Notepad er smellt á táknmynd vefskoðarans á verkstikunni og smellt á hnappinn Refresh á tækjastikunni til að skoða síðuna.

Í línunni er vísað í mynd á internetinu en einnig má vísa í mynd sem er staðsett í sömu möppu og vefsíðan, er þá nóg að skrifa nafn myndarinnar (ásamt endingu hennar).

Þá er myndin fundin á tölvunni með Windows Explorer og opnuð til þess að ganga úr skugga um að hún henti í vefnaðinn. Síðan er hún afrituð yfir í viðeigandi möppu. Einnig mætti fara á Netið og finna mynd þar en hana má þá vista á harða diskinn með því að smella á hana með hægri músarhnappi og velja „Save Image As.“ Passa verður að nota einungis myndir með .jpg, .png eða .gif endingu.

Meta kóti

Ekki er hægt að setja neinar upplýsingar í kótun til þess að koma þeim á framfæri við leitarvélar. Til þess þarf að heimsækja vefsvæði hverrar leitarvélar fyrir sig og leita þar leiða til að koma vefsvæði sínu á framfæri.

Hægt er að setja í kótunina upplýsingar sem auðvelda sumum leitarvélum að flokka síðurnar sem þær finna. Þegar leitarvél finnur og les síður þá eru þær flokkaðar eftir innihaldi eða þeim texta sem finnst í þeim. Með því að setja „meta kótun“ inn í haus síðunnar má hafa áhrif á það hvernig þessi flokkun fer fram. Sumar leitarvélar athuga hvort vefsíður innihaldi slíka kótun og láta hana þá hafa forgang fram yfir efnisinnihald.

```
<head>
```

```
<meta http-equiv="Refresh" content="10;URL=http://www.isbok.is">
```

Þetta ívaf hefur ekki áhrif á leitarvélar heldur sækir aðra síðu sjálfkrafa.

```
<meta name="keywords" content="chess, check">
```

Hér eru listuð inn öll þau leitaryrði sem nota skal til að flokka heimasíðuna eftir. Hér skyldi hafa stök orð með kommu á milli. Leyfilegt er að setja mikið magn orða.

```
<meta name="description" content="Listin að gera vefsíður">
```

Hér á að setja inn almenna lýsingu á síðunni sjálfri.

```
<meta name="author" content="Elías Ívarsson">
```

Hér má setja höfund síðunnar.

```
</head>
```

Liðirnir keywords og description vinna saman. Þegar notendur leitarvéla slá inn leitaraskilyrði fá þeir lista af síðum sem innihalda þau orð sem leitað er eftir. Í listanum sjá þeir lýsingu á síðunum. Í þessu tilfelli gæti leitandi leitað að síðum sem fjalla um skák og í niðurstöðulistanum séð að ein síðan hefur lýsinguna „Listin að gera vefsíður“.

Leitarvélarnar þurfa þá að hafa áður lesið þessar síður en höfundar þurfa oft sjálfir að vinna í því að koma þeim á framfæri.

Leitarvélar

Fjöldi leitarvéla eru til í veröldinni og tómmt mál að lista þær allar. Margir atvinnumenn í vefsíðugerð reyna þó að fylgjast með þeim helstu. Sex helstu leitarvélarnar notaðar af íslendingum í dag:

Google	www.google.com
Altavista	www.altavista.com
Leit	www.leit.is
Finna	www.finna.is
Ha	www.ha.is
Microsoft	search.msn.com

Myndir og Netið

Vefsíður innihalda aldrei myndir heldur nota ívöf til að vísa í þær og birta. Þegar vefsíðan kemur til notandans er myndin sótt í beinu framhaldi. Því fleiri og þyngri myndir sem notaðar eru á síðu, því lengur eru þær á leiðinni frá Netinu yfir til notandans. Textinn sjálfur er fljótur í förum en myndirnar nokkru lengur.

Helsti vandinn var í upphafi að myndir taka mikið pláss, bæði í vinnsluminni og í geymslurými tölva. Ljósmynd í lit af stærðinni A4 getur tekið allt frá 20 MB til 100 MB, allt eftir upplausn. Til samanburðar tekur meðalstór orðabók u.þ.b. 5 MB. Til gamans má nefna að Biblían er tæp 6 MB.

Um tvennskona upplausn er rætt varðandi myndir. Annars vegar stærðir í dílum (e. Pixels) og er þá yfirleitt átt við „breidd sinnum hæð.“ Skjáupplausn tölvunnar mælist í sömu mælieiningu og er algeng skjáupplausn 800 dílar á breidd og 600 á hæð. Þannig er þá átt við breidd myndar og hæð sem er sjáanleg á skjá. Ef talað er um upplausn á tommu (dpi) er átt við fjölda díla á hverja fer-tommu í myndinni sjálfri og þá sem prentupplausn.

Mynd getur t.d. verið 100 x 150 dílar að stærð með upplausninni 300dpi. Sagt er að skjáir noti upplausnina 72 dpi og aðrir við 96 dpi þegar myndir eru birtar, það er rangt. Eingöngu er miðað við dílafjölda mynda (<http://www.scantips.com/no72dpi.html>). Því fleiri dílar því stærri mynd á skjánum.

Þessi atriði geta virkað mótsagnakennd. Þannig getur hærri dpi upplausn stækkað mynd á prentara án þess að hafa nokkuð að segja með skjástærðina. Til að fá góða tilfinningu fyrir þess konar hlutum þarf dálitla æfingu í myndvinnsluforritum. Þessir þættir eru þó fljótlaerðir.

Aðalatriðið er að því fleiri dílar í mynd því stærra skjal í bætum sem vistast í tölvunni og þar af leiðandi er myndin lengur í flutningum um Netið. Margir staðlar í myndvinnslu eru til og má segja að hvert einstakt myndvinnsluforrit eigi sinn staðal og að flest þeirra lesi staðla hinna. Má því segja að engu máli skipti hvert myndvinnsluforritið sé en hvaða staðlar eru notaðir skipti miklu máli þegar kemur að miðlun efnisins.

Staðlarnir *jpeg*, *png* og *gif*

Þrír myndstaðlar eru í notkun fyrir vefsíðugerð; png, gif og jpg. Hér nefnt eftir skráarendingu myndskjalanna. Gif myndir eru léttar í flutningi en leifa aðeins 256 liti en gagnsæjan bakgrunn. Jpg (eða JPEG) myndir leyfa hins vegar 16,7 milljón liti en á kostnað myndskerpu. Jpg myndir þjappa myndskjölum mjög vel en kasta við það litum í hvert sinn sem vistað er. Png staðallinn leyfir 16,7 milljón liti, missir enga skerpu og styður gegnsæjan bakgrunn. Í stöðlunum þremur er myndskjalinu þjappað saman með þjöppunarstaðli til að gera hana sem léttasta í flutningi. Sér þá myndvinnsluforritið sjálfkrafa um þessa þjöppun. Þegar rætt er um fjölda lita í myndinni þá er jafnan átt við fjölda mismunandi litagilda sem hver díll getur innihaldið.

Margir miða myndanotkun sína við það hvort birta skuli ljósmyndir eða teikningar. Ljósmyndir eiga hiklaust heima í .jpg staðli. Teiknaðar myndir hinsvegar þurfa ekki meiri litafjölda en .gif staðallinn býður uppá. Að auki geta eingöngu .gif myndir verið með gagnsæjan bakgrunn. Þeir sem leggja mikið upp úr fingerðri skerpu og góðum litgæðum kjósa yfirleitt png staðalinn.

Mestu skiptir að skrárnar sem geyma myndirnar séu ekki of stórar og séu þar af leiðandi fljótar í flutningi yfir Netið. Vefarinn miðar yfirleitt við stærð skráa í KB þegar verið er að velja þar á milli. Ráðlegt er að prófa sig áfram með hvað hentar hverju sinni þegar myndstaðall er notaður.

Heimatölvan og Internetið

Í flestum tilfellum þar sem vefsmíði fer fram er unnið á einkatölvu vefarans. Er þá allur vefurinn settur upp í möppu (skráasafni) á hörðum disk tölvunnar og þegar vefurinn hefur tekið á sig útlit er tímabært að setja síður og myndir á vefinn. Eftir það er kannski haldið áfram vinnu við vefsvæðið á einkatölvunni og síðan uppfært reglulega yfir á Netið.

Tvær leiðir eru í boði þegar að þessu kemur, annars vegar *Ftp* og hins vegar *Publish FrontPage Web*. Þó fyrrnefnda leiðin sé ekki hluti af FrontPage er hún góð til þess að setja vefsíður og önnur skjöl handvirkir út á Vefinn. Aðalkostur hennar er að notandinn hefur nákvæma stjórn á því hvað sett er á Vefinn og eins hvar það lendir. Sú síðari er innbyggð í *FrontPage* og er tekin fyrir síðar.

WS_FTP_HOME

Ftp stendur fyrir *File Transfer Protocol* (samskiptareglur við skráaflutninga). Þessi aðferð er ein elsta aðferðin við skráaflutning á milli nettengdra tölva. Aðferðin lifir góðu lífi, er mikið notuð og hefur verið við lýði síðan á árdögum Internetsins (í. Lýðnet) upp úr 1970.

Mörg góð forrit eru í boði til að nýta sér þessa aðferð en hér verður notað „ws_ftp_home“ sem áður hét „ws_ftp“ og „ws_ftp_light.“

Auðvelt er að nálgast forritið ws_ftp_home. Ætlunin er að nota forritið til þess að flytja gögn á milli tölva, þ.e. á milli einkatölvunnar og netþjónsins. Á myndinni hér á eftir sést hvar farið var inn á <http://tucows.islandia.is/> til þess að nálgast forritið sem notað er hér.

Search Results for "ws-ftp" - Mozilla Firefox

File Edit View Go Bookmarks Tools Help

http://search.tucows.com/search?search=ws-ftp&platform_id=7%2C1565%2C1584%2C1570

The Curmudgeonly Li... Screen Source: Man... Sonia Braga Photos ... Sonia Braga Vísindavefurinn Byggðarsafnið í Skó... Blómahönnun

tucows Search our site: This Site Advanced options

Windows Mac Linux Mobile/PDA Online Services Software Store

Business Games Internet Multimedia System and utilities Themes

Windows > Search

You searched for "ws-ftp"

Displaying records 1 - 4 of 4

Sponsored Links

Faster than **WS_FTP**
3DFTP.com Transfer your files faster than with **WS_FTP**. Get Free Trial.

Name	Rating	Popularity	License	Supported platforms
Active@ File Recovery 3.0			Demo	98 NT 2k - - -
This recovers data after formatting or loss of partitions.				
Search Engine Commando 3.1			Shareware	98 NT 2k Me XP -
Promote your Web site with automated submission and rank-checking on...				
WS-FTP Home 9.0			Commercial	98 NT 2k - XP -
This program allows for single file transfers and auto-resume of...				
WS-FTP Pro 9.0			Shareware	98 NT 2k - XP 2003
This FTP client allows you to transfer files between your home and...				

Displaying records 1 - 4 of 4

FTP forritið uppsett

Fyrst þegar forrit af þessu tagi (deiliforrit) eru ræst, birtist viðvörðunargluggi sem minnir notandann á að greiða fyrir notkun þess.

Sum deiliforrit hætta að virka að liðnum tilteknum notkunartíma. Önnur halda áfram virkni sinni að þessum tíma loknum. Þegar greitt hefur verið fyrir forritið hættir þessi gluggi að birtast.

Site name

Þetta forrit notar gandálf (e. Wizard) til að aðstoða notendur við uppsetningu. Fyrsta myndin býður notanda að gefa nafn fyrir þær stillingar sem setja þarf upp.

Smellt er á „Next“ til þess að halda áfram og má nota „Back“ hnapp til þess að komast aftur til baka.

Server Address

Í næsta glugga er beðið um veffang Netþjónsins sem tengjast skal við.

Mismunandi getur verið eftir netþjónum hvað hér skuli rita inn, best væri að fá upplýsingar um það frá þeim aðila sem hýsir vefinn.

User Name and Password




Þar á eftir er beðið um notendanafn og aðgangsorð þess aðila sem notar tenginguna.

Connection Type

Yfirleitt er valið FTP í þessari valmynd. Viðbótar valmöguleikar eru tvær útgáfur af SSL tengingum fyrir vefþjóna með öryggislæsingum.

Finish

Síðasti glugginn birtir yfirlit yfir þær stillingar sem valdar voru. Hér er ennþá hægt að nota „Back“ hnappinn til þess að komast til baka og gera breytingar.



FTP notkun

Þegar FTP forritið hefur verið ræst opnast það í tvískiptum glugga. Vinstra megin er gluggi fyrir skráakerfi einkatölvunnar og hægra megin birtist skráakerfi netþjónsins.


Á lóðréttri stiku fyrir miðjum skjánum eru tveir pílunappar sem notaðir eru til þess að færa valdar skrár á milli þessara tveggja tölva eftir þörfum.

Þegar netþjónn opnar fyrir aðgang að skráasafni sínum fyrir tiltekinn notanada þá opnast yfirleitt heimasvæði hans á netþjóninum.


Ekki er ráðlagt að setja vefinn strax yfir heldur þarf að aðgæta reglur viðkomandi hýsingar aðila. Oft tiltaka þeir að setja þurfi vefsvæði í sérstakar möppur og er engin fyrirfram ákvöðin regla fyrir nafngiftum þeirra heldur er hún byggð á ákvörðun viðkomandi kerfisstjóra fyrir sig.

Á tilfelli þessarar tengingar hér þarf að opna möppuna „wwwroot“ og setja vefinn þar inn.


Reyndar þarf að fara þar inn í undirmöppu (því ég er að setja inn eldri vef) og smíða þar möppu samanber litlu myndina




Mappa smíðuð á vefþjóninum.



Myndin sýnir heimasvæði notandans „elias“ á vefþjóninum „www.isbok.is“



Myndin sýnir hvar allar skrár 11. verkefni í bókinni eru færðar yfir í skráasafn á www.isbok.is



Myndin sýnir að vefurinn (verkefni 11.) er kominn út á Vefinn og virkar vel.

Publish FrontPage Web

Vefsvæðið sett á vefinn

Þegar búið er að hanna vefinn má setja hann á Netið. Þá er gefin skipunin File - Publish Site. Einnig má smella á hnappinn „Publish Site“ á tækjastikunni.

Þá kemur valmyndin hér til hliðar. Hér þarf að og gefa slóðina í vefþjóninn til dæmis þann vefþjón sem selur notanda sitt notandanafn.

Remote Web Site Properties

Þessi gluggi opnast sjálfkrafa ef þetta er í fyrsta sinn sem vefsvæðinu er varpað á Netið.




Hér þarf að velja hvers eðlis netþjónninn er sem skuli tengjast við. Yfirleitt er valið FTP en í þeim tilfellum sem vefþjónninn styður við „Frontpage Extensions“ er efsti valliðurinn valinn.

Í þessum glugga þarf að gefa upp slóð að vefþjónum (Remote Web Site Location) en ekki er alltaf nauðsynlegt að gefa upp möppu (næsta lína neðan við).

Á „Optimize“ flípanum má velja hvort Frontpage megi hreinsa athugasemdir úr HTML kóða þeirra síðna sem settar eru á Vefinn.

Frontpage setur mikið af athugasemdum í kóða sína þegar ýmsir innbyggðir eiginleikar eru notaðir á vefsíðum. Sömuleiðis er algengt að vefhönnuðir setji athugasemdir í kóða sína.

Sjálfgefið er að hér séu allar athugasemdir hreinsaðar út.



Á „Publishing“ flípanum eru fáar en mikilvægar skipanir.

„Changed pages only“ velur að hafi vefnum verið áður varpað á Netið skuli aðeins senda frá sér þær síður sem hefur verið breytt.




„All pages, overwriting ...“ tilgreinir að senda skuli allar síður á vefinn og séu þær til fyrir skuli þær yfirritaðar.

Þar á eftir undir „Changes“ valliðnum má velja hvort Frontpage megi bera skrárnar sem sendar eru saman við þær sem fyrir eru. Þá er annað-hvort borið saman eftir slóð eða dagsetningu.


Síðasti liðurinn „Log changes during publish“ vistar aðgerðir í dagbók (e. Log) sem skoða má síðar.

Lykilorð


Yfirleitt biðja vefþjónar um bæði notendanafn og lykilorð rétt eins og í hefðbundnum FTP aðgerðum. Forritið *man* þann innslátt sem hér er gefinn upp.



Vefsíðan komin á Netið.



Dagbóarskráin skoðuð eftir að vefnum var varpað á Netið.



Þegar „Publish“ aðgerð stendur yfir birtist þessi FTP gluggi í Frontpage.

Skipulag vefsvæðis

Með heimasvæði er átt við það þegar búið er að setja saman á einn stað eitthvað magn efnis og tengja það saman að einhverju leyti. Þegar byrjað er að smíða vefinn er nauðsynlegt að skipuleggja hann með notendur í huga. Hönnuðurinn verður að setja sig í spor notandans sem á að sjá síðurnar. Hann þarf að átta sig á hvað fær notandann til að skoða meira en bara fyrstu síðuna. Hvað fær hann til að koma aftur.


Hver er markhópur vefsins? Er verið að setja upp persónulegt svæði sem vinir og kunningjar eiga að skoða eða viðskiptavef? Á að setja upp þjónustu við viðskiptavin, upplýsingamiðlun eða auglýsa vörur og þjónustu? Nauðsynlegt er að greina slíkt og ekki að hika við að taka góðan tíma í að skoða hvernig aðrir hanna vefsvæði.

Einfaldleiki

Mikilvægt er að fyrsta síða svæðisins sé lítil í bætum og einföld. Að notandi átti sig fljótt á eðli hennar og auðvelt sé að komast aftur á upphafssíðuna af hvaða undirsíðu sem er.

Stiklur (krækjur) þurfa að hafa skýran tilgang og er ekki mælt með því að þær opnast í sérglugga því það ruglar lesendur í rýminu. Ef notaðar eru rammastíðar þarf að haga fjölda þeirra og hönnun eins smekklega og hægt er.

Besti kennarinn í þessu er að skoða önnur vefsvæði á Vefnum og setja sjálfan sig í spor lesenda eigin svæðis.



Innihald

Þegar byrjað er að vefa þarf að ákveða hvað á að koma fram á svæðinu. Þá er síðunum raðað upp til að flokka í hópa og ákveðið hvað á að tengjast hverju.

Þetta er fyrst gert á blaði en allt efni skyldi tengjast í einföldu skipulagi frá einni forsíðu og aðgengi til hennar til baka ætti alltaf að vera augljóst fyrir lesendur.

Mjög mikilvægt er að það sé skýrt hvað heimasvæðið geymir og að notandi átti sig á því strax með fyrstu tenglunum. Mælt er með að vefir séu léttir í flutningi og að síðurnar séu ekki minnisfrekar og myndanotkun sé stillt í hóf.

Stiklur - Krækjur - Tenglar

Stikla er texti eða mynd, kótuð þannig að notandi geti smellt á stikluna og sótt nýja síðu á skjáinn, hvort sem hún er innan sama svæðis eða á öðrum netþjóni. Þannig eru þær notaðar til þess að stikla á milli síðna.

Ekki skiptir máli hvort stiklur séu notaðar til þess að fara á síður í eigin vefsvæði eða á önnur. Ekki skiptir heldur máli hvort efnið sem stiklað er til sé á Íslandi eða í Ástralíu. Vefurinn er án landamæra.

Sumir halda því fram að stiklur þurfi að vera í aðgengilegum lista til hliðar við efni síðunnar. Aðrir eru þá því að þær megi vera hvar sem er. Enn aðrir segja að hvorutveggja sé gott.





Vefsetur og vefsíður

Nýr vefur búinn til

Nýtt vefsvæði eða síða er búið til með aðgerðinni File - New. Einnig má smella á viðeigandi hnapp á tækjastiku.

Sé einhver síða opin fyrir þegar skipunin „New“ er gefin verður til ný vefsíða.

Sé engin síða opin opnast vinnuspjald lengst til hægri á skjánum. Þar má velja hvort smíða skuli nýja síðu undir „New page“ valliðnum eða nýtt vefsetur undir „New Web Site“ valliðnum.




Web Site Templates

Sé valið að smíða nýtt vefsetur opnast glugginn „Web Site Templates.“ Hér má velja úr fjölda sniðmáta sem nota má til þess að smíða tóm vefsvæði (Empty Web Site), vefsvæði með einni síðu (One Page Web Site) og fjölda annarra fyrirfram hannaðra vefsvæða.

Hér er vinsæl aðgerð sem heitir „Import Web Site Wizard“ sem leyfir notanda að sækja vefsvæði eftir aðra.

Lengst til hægri í þessum glugga er valliðurinn „Specify the location ...“ sem er notaður til þess að tilgreina hvar nýji vefurinn er vistaður á disk vinnutölvunnar. Með „Browse“ hnappi má fletta upp á þeirri staðsetningu.

Mikilvægt er að gefa góðan gaum að því hvar við geymum vefina sem smíðaðir eru.



Eldri vefur opnaður

Gerður er mikill munur á því hvort opnaður sé vefur eða opnað sé skjal í *FrontPage*.

Skjal getur verið hvaða heimasíða sem er á tölvunni en vefur er sérstakt vefsvæði sem geymt er í möppu og verður að lokum sett á Netið.

Gefin er skipunin File - Open Site eða smellt á viðeigandi hnapp á tækjastiku.

Sérstakar skipanir eru í *File* valmyndinni fyrir opnun síðna og vefsvæða. Þær eru skýrt aðgreindar. Einnig eru þar skipanirnar *File - Close* fyrir vefsíður og *Close Site* fyrir vefi sem þarf að loka.





Neðarlega eru skipanirnar „Recent Files“ og „Recent Sites“ sem birta lista yfir nýlegar skrár og vefi.

Open Web glugginn opnast sjálfkrafa í möppunni *My Web Sites* sem staðsett er í *My Documents* möppunni á harða disk tölvunnar.

Er gert ráð fyrir að aðrir vefir séu þá búnir til og geymdir í *My Web Sites*. Má búa til vefina hvar sem hönnuðinum þóknast á tölvu sinni.

Mikilvægt er hér að átta sig á mikilvægum þætti við opnun vefja:

Í myndinni *My Web Sites* eru til tveir vefir „myndat-01“ og „myndat-2.“ Sé tvísmellt á annan þeirra vefja birtist innihald þeirrar möppu, en vefurinn opnast ekki. Sé hins vegar smellt einu sinni á möppuna og síðan á „Open“ hnappinn opnast vefurinn.





Look in fellivalmyndin sem opnast efst í „Open Site“ glugganum, sýnir hvar opna mappan er staðsett á tölvunni.

Tilbúinn vefur sóttur

Sé táknmyndin *Import Web Site Wizard* valin í *Web Site Templates* kemur gluggi með fimm möguleikum.

Fyrstu þrír eru „Frontpage server extensions ...“, WebDav og FTP sem ekki verða gerð skil hér. Þessir möguleikar virka þó svipað og næstu tveir.

Í öllum tilfellum er gert ráð fyrir því að notandi viti af vef sem hægt er að sækja og þróa áfram.




Þegar smellt er á „Browse“ hnappinn í „Web Site Templates“ opnast glugginn „New Web Site Location“.

Með þessum glugga má rápa að hvaða staðsetningu sem er á vinnutölvunni og velja stað fyrir nýja vefinn.

Nota þarf „Create New Folder“ hnappinn til að smíða möppu fyrir nýja vefinn (rauður hringur í myndinni).

Rauði ramminn í myndinni sýnir hvar verið er að setja nýjan vef fyrir þetta dæmi.



„File System“ möguleikinn gerir ráð fyrir því að vefurinn sé til inni á tölvu notandans og þarf að nota „Browse“ möguleikann til þess að rápa að vefmöppu vefsins sem sækja skuli.

Í möguleikanum „HTTP“ er gert ráð fyrir að vefurinn sé tilbúinn á Internetinu. Þarf þá að skrifa slóð vefsins í „Web Site Location“ línuna.

Síðan er smelt á „Next“ hnappinn og er þá spurt hvort sækja skuli vefinn og bæta honum við þann sem unnið er í, annars er stofnaður nýr vefur.

Einnig má merkja við SSL möguleika sé verið að sækja vef á öryggislæst vefsvæði.

Sé valið að sækja vef á Netið kemur þriðja skrefið sem spyr hversu mikið efni skuli sækja. Sé ekki merkt við neinn möguleika þar, er allt sótt sem hægt er að sækja.

„Import the home page plus linked pages“

Hér má velja hversu mörg þrep tengdra síðna má sækja.




„Import a maximum of“

Hér má skilgreina hversu mörg bæti skuli sækja.

„Import only HTML and Image files“

Hér má skilgreina að eingöngu skuli sækja vefsíður og myndir, en margir vefir innihalda fleiri tegundir skráa.

Lokaskrefið inniheldur „Finish“ hnapp til að staðfesta það sem valið er, eða fara til baka með „Back“ og breyta stillingum.






FrontPage 2003

Á meðan Frontpage sækir vef inn á tölvuna birtist lítill gluggi með upplýsingum um hvaða skrá er sótt í það sinnið.

Þessi gluggi hverfur þegar allar síður hafa verið sóttar. Hér má smella á „Cancel“ hnapp til að hætta innflutningi vefsins.

Þegar lokið er við að sækja allar skrár innflutta vefsins, birtast smáskilaboð í þessum glugga þess efnis að skráin „index.htm“ sé endurnefnd. Þetta er vegna þess að á meðan vefur er innfluttur er þessi skrá geymd sem „temp_index.htm.“


Sömuleiðis yfirfer Frontpage allar stiklur á meðan þessi gluggi er á skjánum.



Hér er Frontpage í „Remote Web Site“ viðmóti og tilbúinn að sækja vef frá annarri tölvu yfir á vinnutölvuna.

Foldersviðmót

Hér er unnið með möppur og undirmöppur fyrir vefinn. Mikilvægt er þegar unnið er með vefi að hafa góða yfirsýn yfir vefsetrið og eru möppur góðar til að skipuleggja hann betur.




Tökum dæmi um vef með 8 síðum. Hverri síðu tilheyrir 3 myndir sem hvergi eru samnýttar. Þá eru komin 33 skjöl á svæðið og auðvelt væri að missa yfirsýn yfir þau. Með möppum getur notandi búið til nýjar möppur og flokkað skylda hluti með því að hópa þá saman.

Sérstaklega er þetta mikilvægt með myndir. Algengt er að höfundar noti undirmöppu á vefnum sem þeir kalli annaðhvort *images* eða *img*. Þá er gjarnan vísað með kótun í að myndir geymist þar t.d. þannig ``.

Eigi að nota möppur af þessu tagi í *FrontPage* er notaður hnappurinn „New Folder“ efst t.h. í viðmótinu. Þá myndast ný undirmappa í vefnum. Beðið er eftir að notandi skrifi nafnið og styðji á *Enter*. Síðan er hægt að færa skrár til með því að draga þær í viðkomandi möppu.

Hægra megin sést inn í þá möppu sem valin er og vinstra megin sjást þær möppur sem til eru á vefsvæðinu. Efstu möppuna í trénu bjó *FrontPage* til þegar vefurinn var myndaður.





Ef síða eins og *index.htm* vísaði á að birta *mynd.gif* og hún væri síðan færð úr vefrótinni inn í möppuna *images*, þurfti áður fyrr að opna *index.htm* og breyta kótuninni svo að hún vísaði áfram á rétta mynd.

Þetta gat verið mikil vinna ef þurfti að opna margar síður og breyta hverri fyrir sig.

FrontPage getur sjálfkrafa breytt stiklum síðna á vefsvæði sínu ef skjöl eru færð úr stað, sem er til mikilla þæginda fyrir notendur forritsins.

Ef skrá er endurnefnd eða færð til varar *Frontpage* við ef aðrar vefsíður hafi stiklur sem vísa á hana og býðst til að uppfæra kótunina sem fyrr segir.



Tækjastikur

Hnappar á tækjastikum eru mikið notaðir í *Windows* forritum og er *FrontPage* þar engin undantekning.


Tækjastikur eru til þess að stytta notandanum leið og gera ýmsa hluti fljótlegri í notkun.

Tilgangslaust er að læra hlutverk allra hnappa fyrirfram enda lærast þeir fljótt við notkun forritsins. Allir hnappar á tækjastikum eru án undantekninga tilvísanir í skipanir sem leynast í valmyndum og skipanalistum forritsins.


Sú regla gildir um tækjastikur í *Windows* forritum að þær eru listaðar undir „*View - Toolbars*“ vallistanum. Sömu leiðis má hægri-smella á hvaða tækjastiku sem er til að fá þann lista.

Tækjastiku-listinn er birtur eins og sést á myndinni hér til hliðar og smellt á nafn þeirrar stiku sem óskað er að birtist, að því tilskildu að ekki sé merkt við hana fyrir.

Merkin sem sjást hér framan við línurnar tákna að þær séu virkar og þar með er sú tækjastika sýnileg á skjánum.



Hér sést sá eiginleiki tækjastika að geta flotið hvar sem er á skjánum. Músinni er smellt á stikuna utan við einhvern hnappanna og hún síðan dregin til á skjánum. Ef stiku er sleppt á miðjum skjánum birtist jafnframt heiti hennar. Þannig má einnig draga stikur út að brún glugga í hvaða átt sem er og aðlagast hún þá aftur skjábrúninni eins og áður, hvort heldur að ofan eða neðan, hægra eða vinstra megin.



Tækjastiku stillingar



Neðst í tækjastku-listanum er skipunin „Customize“ sem opnar samnefndan glugga. á „Toolbars“ flipa gluggans má sjá allar stikur sem til eru og merkja sérstaklega við þær sem eiga að birtast í forritinu.

Auðvelt er að breyta staðalstikunum og séu þær valdar og smellt á hnappinn „Reset“ eru breytingarnar ógiltar.

Ein aðferð til að breyta stikum er að styðja á „Alt“ lykil um leið og hnappur er dreginn af stiku.

Með hnappnum „New“ má smíða nýja stiku en henni þarf að gefa nafn.

Þá má nota „Commands“ flipann til að draga innbyggðar skipanir forritsins yfir á nýju stikuna. Commands flipinn birtir lista yfir allar skipanir sem til eru.



FrontPage 2003


Flipinn „Options“ leyfir ýmsar smástillingar sem geta skipt miklu.

Sé merkt við „Show Standard and Formatting toolbars on two rows“ er samnefndum stikum ávallt staflað hvorri ofan á aðra frekar en í einni línu.

„Always show full menus“ tilgreinir hvort Frontpage megi fela skipanir í vallistum sem sjaldan eru notaðar.

„List font names in their font“ birtir ávallt nafn leturgerðar í því útliti sem viðkomandi leturgerð er í.

„Show ScreenTips on toolbars“ tilgreinir hvort Frontpage birti nafn aðgerða þegar mús fer yfir hnapp og „Show shortcut keys in ScreenTips“ birtir að auki flýtylkla sem nota má í stað hnappsins.





Hegðun hnappa

Microsoft forrit eru þannig gerð að tvær tækjastikur geta deilt sömu línu á skjánum. Sjást þá aðeins þeir hnappar sem oftast eru notaðir.

Efri myndin sýnir hvar smellt er í litlar örvar lengst til hægri í viðeigandi tækjastiku og fæst þá listi með þeim skipunum sem eru í felum.

Sé valinn hnappur af spjaldinu færir hann upp á stikuna. Hugmyndin er sú að smámsaman sjáist aðeins þeir hnappar sem eru notaðir, án þess að notandinn þurfi að tilgreina það.

Vallistar skipanastikunnar hegða sér eins.



Vallistar í Windows forritum geta verið nokkuð langir.

Hegðun valmynda



Vallistar hegða sér svipað og tækjastikur.

Þeir sýna aðeins þær skipanir sem oftast eru notaðar. Með því að tvísmella á nafn valmyndar, eða með því að smella í tvíþílurnar neðst í valmyndinni má sjá hvaða skipanir eru í felum.


Séu einhverjar hinna földu skipana notaðar verða þær sýnilegar næst þegar valmyndin er opnuð.

Mælt er með því við óvana notendur að tvísmella í valmyndir þegar sækja þarf skipanir til að kynna sér hvaða skipanir þar er að finna.

Einnig er ráðlegt að stilla tækjastikurnar á að sýna alla hnappa sína.




Sami vallistinn, vinstra megin eru allar skipanir birtar, hægra megin er tvíþíla neðst til að sjá allar skipanir



Þegar undir-valborði í vallista birtir smástrik efst má draga borðann út á skjáinn og breytist hann þá í stiku. Hér er Forms stikan dregin út úr „Insert - Forms“ vallistanum.

Hér mætti draga út „Lines“ borðann og breyta í hnappastiku.




Vinna við síður

Page viðmótið er fyrir vefsíðusmíðina. Þar þarf enga HTML kótun og má notandi vinna beint í útliti síðunnar svipað og gert er í hefðbundnum ritvinnsluforritum.

Neðst til vinstri á skjánum sjást fjórir flipar: *Design*, *Split*, *Code* og *Preview*. Með því að smella á þá er skipt milli fjögurra sjónarhorna fyrir sömu síðuna.

Normal flipinn leyfir „hefðbundna ritvinnsluvinnu“ á síðunni, setja inn texta, myndir, töflur eða hvað annað sem er. Efnið á að birtast nákvæmlega eins og það mun gera síðar á netinu sjálftu.



Þegar unnið er með vefsíðuna í „Design“ viðmóti sést ekki HTML kótun síðunnar.


Efst t.v. í viðmótinu birtast þá smáhnappar merktir þeim HTML ívafs þáttum (e. Tag Element) sem ráða völdu efni hverju sinni.

Sé smellt í þessa hnappa birtist listi með með aðgerðamöguleikum fyrir það ívaf sem smellt er á. Þar fyrir ofan birtast flipar fyrir allar opnar síður.



Sé unnið í „Split“ viðmóti skiptist vinnuskjárin í tvennt. Efri hlutinn birtir HTML kóta síðunnar en neðri hlutinn virkar eins og Design viðmót.

Bæði viðmótin eru þá jafnvæg meðan unnið er, sé t.d. smellt á mynd í síðunni birtir efri hlutinn HTML kóta myndarinnar. Sé smellt á einhvern hluta kótans í efri hlutanum birtist í þeim neðri hvernig sá kóti myndi líta út á Vefnum. Fyrir byrjendur er þessi flipi gagnlegur til að geta skoðað hvernig kótun HTML síðu er samansett og læra eðli hennar.




Í „Code“ flípanum er hægt að vinna beint við kótun síðunnar. Vanir vefarar kjósa oft að vinna frekar í þessu viðmóti en t.d. í Design og þykir Split viðmótið einkar gagnlegt fyrir vana vefara sem vilja gjarnan fylgjast grannt með kóta vefsíðunnar.


Einn kostur bæði í Split og Code viðmóti er sá að sjá ívöf og breytur í litum sem gerir hægara um vik að lesa kótann og finna þau kótabrot sem þarf að vinna með hverju sinni.

Með „Preview“ flípanum sér notandi síðuna eins og hún kemur til með að sjást á vefnum. Þarna má einnig flakka um vefinn og þannig prófa sig áfram gegnum þá tengla sem settir voru inn í skjalið.

Neðst á skjánum t.h. í þessum viðmótum eru smáskilaboð sem gefa til kynna hversu hratt síðan muni berast lesendum frá netinu yfir á heimatölvu. Sömuleiðis birtast umbrotsskilaboð varðandi þau stærðarhlutföll sem vefarinn sér síðuna í hverju sinni. Í bæði þessi skilaboð má smella með músinni og breyta forsendum þeirra fyrir breyttar aðstæður.



Code og Preview flíparnir




Möppulisti

Lengst til hægri á FrontPage skjánum birtist „Folder List“, sem er listi yfir allar möppur og skrár í vefnum.

Þessi listi er að öllu jöfnu óþarfur enda sjást sömu upplýsingar ef smeltt er á „Web Site“ viðmót.

Breyta má þessum lista yfir í „Navigation Pane“ sem er yfirlit hvernig síður vefsins tengjast innbyrðis, svo fremi að „Navigation“ viðmótið hafi verið notað til að tengja síður saman.

Með því að smella á viðeigandi hnapp (sjá mynd) má gera þennan lista óvirkan.



Síðustillingar


Ein mikilvæg valmynd í FrontPage fæst með File - Properties.

Þessi valmynd hefur sex flipa. Einnig má ræsa þessa valmynd með því að hægri-smella með músinni, hvar sem er á síðu og velja „Page Properties.“

Fyrsti flipinn „General“ sýnir notanda nafn skjalsins og leyfir að setja inn titil síðunnar (e. Title).

Síðutitill er það nafn sem birtist í titillínu ráparans (vafrans) og er notað ef lesandi setur síðuna í Favorites (Bookmarks) lista sinn. Hér er mikilvægt að vanda valið, því titillinn þarf helst að vera lýsandi (gagnsær) fyrir síðuna og er oft það fyrsta sem lesendur sjá af síðunni.

Hér má einnig með „Background Sound“ setja inn laglínur og hljóð sem spilast þegar síðan er skoðuð.



Bakgrunnur


Á „Formatting“ flípanum eru fimm litastillingar sem hafa afgerandi áhrif á útlit síðunnar. „Background“ fyrir bakgrunnslit hennar, „Text“ fyrir aðallit á texta, „Hyperlink“ fyrir lit á tenglum, „Visited Hyperlink“ fyrir stíklur sem gestir hafa smelt á og „Active Hyperlink“ fyrir þær sem eru í skoðun.


Í litavali má nota „Automatic“ fyrir staðlaðar lita stillingar sem ráparar gera ráð fyrir þegar síður eru skoðaðar. Staðlaðar litastillingar eru hvítur bakgrunnur, svartur texti, bláir tenglar, fjólublár fyrir skoðaða tengla og rauður fyrir virka.

Breyta má þessum litum og verða þeir þá ráðandi frekar en þeir sjálfgefnu. Þetta er sú valmynd sem leyfir breytingar á bakgrunnslit og því þykir gott að stilla hér liti texta og tengla til samræmis við bakgrunninn. Er mælt með þessum stillingum frekar en að breyta leturlitum síðar í valmynd leturstillinga.

Hér má velja bakgrunnsmynd.



Watermark er til að bakgrunnsmyndin sé „föst“ og skruni ekki með efni síðunnar.





Neðst á litaborðanum má smella á „More Colors“ fæst þá samnefnd valmynd sem leyfir fleiri liti umfram stöðluðu litina.

Þar má einnig velja „Custom“ fyrir valmyndina *Color*. Þar má velja úr fleiri litaafbrigðum vinstra megin á valmyndinni eða handfrjálst í þeim hægri velja lit og á stikunni þar við hliðina stilla styrkleika þess litar. Þegar réttur litur er fenginn má smella á hnappinn *Add to Custom Colors* og OK. Er þá nýi liturinn aðgengilegur í litla litaspjaldinu.






Bakgrunnsmynd

Á „Formatting“ flípanum er sótt bakgrunnsmynd sé slíks óskað. Smellt er á skipunina „Background Image“ og valinn „Browse“ hnappurinn.

Þá opnast gluggi sem leyfir að sótt sé mynd á harða diskinn.

Er myndin sjálfkrafa vistuð inn í vefsvæðið um leið og vefsíðan.






Bakgrunnsmynd sett inn fyrir vefsíðu.

Með „Advanced“ flípanum má stilla spássíur fyrir síðuna þ.e. hve langt inni á síðunni frá glugga vefskoðarans innihald hennar byrjar. Er þetta stillt í dila einingum (e. Pixels).


Hér má velja CSS stillingar fyrir „body“ ívafið.

„Enable hyperlink rollover effects“ leyfir breytta hegðun fyrir stiklur þegar mús er færð yfir þær (hnappurinn „Rollover style“).



Á „Custom“ flípanum má setja inn „meta kóta“ sem eru stillingar sem sjást ekki í ráðaranum.


Meta kótar eru m.a. notaðar af leitarvélum til að flokka vefsíður í gagnagrunni sínum. Einnig er hann notaður til að gefa til kynna upplýsingar eins og um höfund síðunnar og fleira í þeim dúr.



Á „Language“ flípanum þarf sjaldnast að breyta uppsetningu en þar má velja á hvaða tungumáli síðan skuli kótast.

Hjá íslenskum notendum þarf ekki að breyta þessu ef búast má við að lesendur vefsvæðisins séu í vestur Evrópu eða Bandaríkjunum.


Þessi lönd nota allflest stafa-töfluna (e. Code Page) 850 sem er sú sama og notuð er hér á landi.



„Workgroup“ flippinn leyfir hönnuði að efnisflokkka vefsíður sínar. Þetta er handhægt t.d. ef margir vinna með sama vefinn og hver og einn vinnur með sinn efnisflokk.

Hér má úthluta síður til ákveðinna vinnuaðila og velja hvort t.d. síður séu samþykktar eða undir endurskoðun.

Einnig má velja hér að tiltekin síða fari ekki út á Netið með öðru efni vefsins.



Myndir settar á síðuna

Ýmsir möguleikar eru til að setja inn myndir á vefsíður.

Með skipuninni Insert - Picture - Clip Art má fá myndir beint úr myndasafninu „Clip Art“ sem fylgir með FrontPage og öðrum Microsoft Office forritum.

Til að birta myndir má smella á hnappinn „Go“ og birtast þá fljótlega allar myndir sem til eru í safninu.

Smellt er á myndina sem óskað er og er henni þá skellt inn á síðuna.

Í Clip Art safninu má sjá yfirlit yfir ljósmyndir, hljóðskrár og myndskleið.





Efsta línan er ætluð til þess að slá inn texta s.s. lykilorð sem lýsi þeirri mynd sem óskað er t.d. Church sé óskað eftir kirkju. „Go“ hnappurinn er til að birta þær myndir sem til eru, allar ef ekkert lykilorð er slegið inn.

Næsti valliður tilgreinir þau myndasöfn sem leita skal í og þar fyrir neðan er liður sem tilgreinir tegund margmiðlunarefnis s.s. myndir, myndskleið og hljóð.




Fellivalmyndin sem tilgreinir margmiðlunartegundirnar sem sækja má.



Fellivalmyndin sem tilgreinir söfnin sem leita má í.

Sé smellt á litlu píluna hægra megin við myndina birtist spjald. Á spjaldinu má velja að innsetja myndina með „Insert“ taka afrit af henni með „Copy“ og vinna með lykilorð hennar með „Edit Keywords.“

Sömuleyðis má eyða myndinni með „Delete ...“, færa hana á milli safna með „Move to ..“ og leita svipaðra mynda með „Find Similar Style.“



Clip Organizer


Sé smellt á hnappinn „Organize Clips“ neðst á Clip Art spjaldinu opnast „Microsoft Clip Organizer.“

Í fyrsta

Í fyrsta sinn sem Clip Organizer opnast, býðst forritið til að skanna diskageymslur tölvunnar og finna allar margmiðlunarskrár sem til eru. Sé þetta samþykkt mun tölvun vinna við þessa skönnun í nokkra stund.

Sé smellt á hnappinn „Options“ opnast valmynd sem sýnir diskageymslur tölvunnar og allar möppur sem geyma margmiðlunarefni. Með þessari valmynd má stjórna því hvernig Clip Organizer skannar tölvuna og fylgist með því sem til er.

Að stilla þetta fyrirbæri getur tekið nokkurn tíma en mörgum finnst þetta tól vera mjög notadrygt.



Eigið myndasafn

Í Clip Organizer myndast sjálfkrafa sérstök söfn s.s. „Favorites“ sem eru notuð til að flokka margmiðlunarefnið nánar.

Til þess að smíða eigið safn er hægri-smellt á eitthvert af yfirsöfnunum og valin „New Collection“ skipun.

Þá birtist gluggi þar sem gefa þarf nýja safninu heiti. Í sama glugga má staðsetja safnið nánar.

Til þess að safnið virki sem skildi þarf að skilgreina hegðun þess nánar. Þá er hægri-smellt á safnið og valin „Collection Properties“ skipun, sem opnar samnefndan glugga.

Í Collection Properties glugga birtast slóðir að þeim möppum á disk tölvunnar sem safnið skal fylgjast með. „Add“ hnappur er notaður til þess að bæta við möppum og „Delete“ til að fjarlægja valdar slóðir úr glugganum.




Undir „Update Options“ má tilgreina nánari hegðun safnins.

Valliðirnir eru eftirfarandi:

- Add new or changed files and subfolders
- Add new or changed files only
- Don't add files or folders for this collection.

Fyrsti liðurinn tilgreinir að safnið geti fylgst með nýju og breyttu efni í þeim möppum sem safnið fylgist með, svo og undirmöppum. Næsti liður tilgreinir að eingöngu skuli fylgjast með nýjum og breyttum skráum en ekki undirmöppum. Þriðji valliðurinn tilgreinir að ekki skuli fylgjast með breytingum.

Myndirnar hér á síðunni sýna hver safnið „Vefmyndir“ er stillt nánar til að fylgjast með tveim möppum á disk. Í fyrstu myndinni eru engar myndir komnar í safnið en í þeirri síðustu eru 30 myndir komnar inn.



Myndum bætt handvirkir í safn



Skipunin File - Add Clips to Organizer - On My Own opnar sérstakan glugga sem leyfir að stakar skrár séu settar í Clip Organizer.

Með þessari aðgerð hefur notandi forritsins mun nánari stjórn á því hvaða efni skuli meðhöndlað af forritinu.

Fyrst er að finna möppu með myndefni. Velja má margar myndir í senn með því að styðja á Ctrl hnapp og smella á hverja mynd fyrir sig.

Einnig má styðja á Shift og smella á mynd framarlega og aðra aftarlega. Veljast þá allar myndir þar á milli.

Sömuleiðis má velja flýtykilinn Ctrl + A. Veljast þá allar myndir möppunnar. Myndin sýnir hvar verið er að velja þrjár myndir.



Mynd sótt á diskinn

Í vefsíðuham má velja skipunina Insert - Picture - From File og sækja mynd. Á þeirri valmynd má einnig með hnöppum fara beint á harða-diskinn í leit að mynd og setja inn á síðuna.




Myndir vistaðar inn


Þó búið sé að ákveða að mynd birtist á vefsíðunni er björninn ekki unninn. Myndin verður að vistast inn á vefsvæðið.

Þar sem vefsíður sækja myndir sérstaklega þegar þær eru skoðaðar verður að tryggja að þær séu á réttum stað. Eins þarf að gæta þess að myndir séu í réttum staðli, .png, .gif eða .jpg.


Þegar síðan er vistuð kemur gluggi sem staðfesting á því að FrontPage sækir myndaskjalið og visti inn í vefmöppuna. Velja má að setja myndina inn í sérstaka möppu t.d. Images möppuna innan vefsvæðisins.

Með hnappnum „Set Action“ má tilgreina hvort mynd vistist yfir eldri útgáfu sé hún til fyrir eða hvort hún vistist með nýju heiti.





Hér er verið að minnka myndina. Hún valin og horn hennar dregin til. Neðst í hægra horni hennar birtist lítil táknmynd með valmöguleikum þess að breyta myndskjalinu sjálfu eða breyta HTML stillingum myndarinnar til samræmis við skölunina.



Sé tvísmellt á mynd í „Web Site“ umhverfi Frontpage opnast myndin í myndvinnsluforriti. Getur það verið hvaða forrit sem Frontpage þekkir sem myndvinnsluforrit. Með Tools - Options - Configure Editors má endurstilla hvaða myndvinnsluforrit sé opnað. Þá mætti skilgreina Adobe Photoshop sem aðal myndvinnsluforritið. Mikil þægindi eru af því að leyfa Frontpage að opna sjálfkrafa myndvinnsluforrit fyrir myndir sem þarf að laga til.

Myndir í tölvunni

Windows býr yfir öflugu forriti til þess að finna ýmsa hluti sem leynast í tölvunni. Forritið er ræst með Start - Search.

Fyrst þegar forritið er opnað birtist hundur með fáeinum möguleikum.




Öflugasta leiðin til að finna efni á tölvunni er að nota „All files and folders“ möguleikann en þá þarf notandinn að skilgreina nokkuð nákvæmlega að hverju skuli leita.

Efsti valmöguleikinn „Pictures, music, or Video“ leyfir notandanum að leita eingöngu að marmiðlunarefni.

Hér er valið að leita margmiðlunarefnis, þá birtist annað skref, þar sem tilgreina má nánar hvort leita skuli að ljósmyndum, tónlist eða myndskleiðum (e. Video). Hér er leitað að ljósmyndum.

Þar neðan við má setja nánara skilyrði fyrir nafn þeirra skráa sem leita skal að, eða hluta nafns.

Sé smellt á „Use advanced search options“ má komast í glugga sem leifir nánari stillingar á því hvar skuli leita.



Hér er búið að finna 3.667 myndir á tölvunni, undir möppunni „D:\jag“ og mætti nýta sér þær nánar í vefsíðugerðinni.

Stillingar fyrir myndir

Þó svo að mynd sé komin inn á vefsíðuna er ekki þar með sagt að hún birtist eins og til er ætlast. Þá má smella með hægri músarhnappi á myndina og velja *Picture Properties* til að fá glugga eins og hér sést.

Appearance flipinn

Hér er hægt að ákvarða hvort myndin eigi að vera hægra eða vinstra megin, efst í línu eða neðst með *Layout - Alignment* og *Wrapping Style*. Einnig má tilgreina staðsetningu með Horizontal/Vertical Spacing. Ef myndin er stikla má stilla *Border Thickness* en þá er sjálfkrafa settur blár rammi umhverfis hana. Hér má stilla hann á 0 til að gera hann ósýnilegan. Með *Specify Size* er hægt að stilla breidd og hæð myndar í dílum. Mörgum gæti fundist óþarfi að nota þessa valmynd því allar myndir má teygja á mismunandi vegu með músinni. Ef fleiri myndir væru í síðunni og allar þyrftu að vera t.d. 160 dílar á breidd mætti aftur á móti stilla það mjög nákvæmlega hér.




General flipinn

Í *Picture* línunni sést slóð og nafn myndarinnar og með Browse hnappi má rápa eftir nýrri mynd. Svæðið beint þar fyrir neðan lýsir eðli myndarinnar. Í *Alternative Representations* má setja aukamynd (Low-Res) sem kæmi fyrst fram meðan aðalmyndin hlæðist inn (ef sú mynd væri mjög þung og hægfa).

Í *Text* línuna er gjarnan sett stutt lýsing á myndinni sem birtist á undan henni sjálfri á vefnum og eins þegar músin er stöðvuð yfir myndinni. Í *Default Hyperlink* mætti síðan skrifa slóð fyrir myndina og gera hana þannig að stiklu.

Video flipinn

Þessi flipi er aðeins notaður þegar búið er að setja myndскеið (endingin .mpg og .avi) inn á síðuna. Þessar myndir eru oft þungar í flutningi en hér má stilla hvort þær renni endalaust eða tilgreindan sýningafjölda með *Repeat - Loop*, og þá hve langt líður á milli endurtekninga. Einnig má velja hvort myndскеið keyri um leið og skráin sé komin til lesandans með *On File Open* eða um leið og mús er yfir mynd með *On Mouse Over*.



Þumalmyndir


Með skipuninni Tools - Page Options - Auto Thumbnail fæst mikilvæg valmynd.

„Auto Thumbnail“ flipinn er fyrir grunnstillingar á hnappinum Auto Thumbnail sem er á Picture tækjastikunni.

Sú skipun tekur lítið afrit af stórrri mynd á síðunni. Afritið er sett inn á síðuna í stað hennar og gerir stiklu úr afritinu í þá stærri.

Mun þá stóra myndin ekki birtast lesanda nema sérstaklega sé smellt á afritið.

Hér má stilla hversu lítið afritið eigi að vera, hversu þykkur rammi (*Border Thickness*) má vera utan um það og hvort brúnir þess skuli vera upphleyptar (*Beveled edge*).




Afrit með Auto Thumbnail


Hér er búið að setja inn frekar stóra mynd. Síðan er hægri-smellt á myndina og valið Auto Thumbnail.

Þá fær síðan smáa eftirmynd af þeirri stærri og er tengt henni með stiklu. Sé smellt á stikluna (á Vefnum) kemur sú stærri á skjáinn.

Þegar vefsíðan er vistuð kemur valmynd til að staðfesta að tvær myndir eru nú vistaðar inn á vefsvæðið í stað einnar áður.



Vinstri myndin sýnir vefsíðu með smámynd (Thumbnail), sú hægri er myndin sjálf þegar smellt er á smámyndina á Vefnum.



Leturgerðir

Með því að velja texta og gefa skipunina Formot - Font má velja nýja leturgerð fyrir valinn (blokkaðan) texta.

Velja má útlit leturgerðarinnar með *Font Style*: Regular = venjulegt, Bold = feitletrað, Italic = skáletrað, eða bæði feit- og skáletrað og Size = stærð. Liti má velja með *Color* og má blanda sinn eigin lit.

Einnig er fjöldi brellna (e. Effects) sem setja má á letur og þykir sjálfsgagt að prófa það allt saman.

Þá er sérstakur flipi í valmyndinni helgaður rými letursins eða *Character Spacing*. Má hækka og lækka textalínur, auka bil milli stafa eða þétta.

Í FrontPage er hægt að stilla á allar leturgerðir sem uppsettar eru í tölvu notandans en ekki er víst að sú sem er í tölvunni sé til staðar í tölvum þeirra sem lesa vefsíðurnar og myndu þeir þá ekki sjá þær í sömu uppsetningu.






Ef heimasíða er stillt á ákveðna leturgerð leitar hún að henni í tölvu lesandans. Finnist hún ekki er notuð hin staðlaða *Times New Roman* eða einhver önnur sem líkist þeirri sem valin var.

Hér er sýnt að orð er valið og með fellinglugga valin leturgerð og stærð.

Einnig má stækka og minnka valinn texta eins og vill. Á tækjastiku eru tveir „A“ hnappar sem stækka og minnka letur. Lengst t.h. er hnappur til að skipta um leturlit.

Á vefsíðunni <http://www.micro-soft.com/typography/> má komast í upplýsingar um þær leturgerðir sem fylgja með Windows og Microsoft Office.

Á vefsíðunni <http://studio.adobe.com/us/type/main.jsp> má komast í frekari upplýsingar um leturgerðir.



Stílar

Fossandi stílsíður (e. Cascading Style Sheets), skammstafað CSS er aðferð til að endurhanna útlit HTML ívafs-skipana. Mælt er með því að lesa sér nánar til um CSS á heimasíðu staðalsins: <http://www.w3.org/Style/CSS/>.

Stílar af þessu tagi eiga vaxandi gengi að fagna og eru margir á þeirri skoðun að Frontpage mætti styðja tæknina betur.

Mælt er með því að stílar séu ævinlega settir í sérstakt stílblað og þau geymd í sérmöppu. Þó má hæglega hanna alla stíla í hverri vefsíðu fyrir sig. Hugmyndin er hins vegar sú að eitt stílblað geti stjórnað útliti allra (eða margra) versíðna í sama vefsetri.

Til þess að vinna með stíla er fyrsta skrefið að smíða stílblað. Þetta er gert á „Style Sheets“ flípanum í „Page Templates“ vinnublaðinu.

Page Templates má opna með því að smella á More page templates á „Task Pane“ vinnu-spjaldinu (View - Task Pane).

Velja má um fjölda sniðmáta, hér er valið *Capsules* sniðmátið.

Þegar sniðmát hefur verið valið býr Frontpage til nýja síðu með stílaskilgreiningum.




Sömuleiðis birtist tækjastika með hnappinum „Styles“ sem nota má til þess að endurskilgreina stílana sem eru fyrir, eða smíða nýja.

Efst á myndinni er dreginn hringur utan um þrjá stíla „a:link“, „td“ og „a:visited.“ Stíllinn „td“ var smíðaður eftir.

Þegar stílblað er vistað bætir Frontpage við endingunni .css og skildi því haldið óbreyttu.

Myndin sýnir að nýja síðan er vistuð með heitinu „capsules“ og mun því heita „capsules.css“ þegar vistun lýkur.

Hér er stílblaðið sett í möppuna „ztylar“ og hefur áður verið vistað þar stílblaðið „arcs.css.“






Vefsíða fær stíla

Til að virkja stílblað fyrir ákveðna (opna) vefsíðu, þarf að gefa skipunina Format - Style Sheets Links.

Opnast þá glugginn „Link Style Sheets.“ Hér má nota „Add“ hnappinn til að bæta við tengingu við stílblað og jafnvel vísa ífleiri en eitt.


Einnig má nota skipunina Format - Styles til þess að sérsníða stíla fyrir þá síðu sem unnið er í. Á myndinni sést vefsíða sem hefur fengið nýtt útlit frá stílblaðinu „capsules.css.“ Efst í myndinni er dreginn hringur utan um HTML kótann sem vísar í stílblaðið.



Stíll endurhannaður

Skipunin Format - Style opnar „Style“ gluggann sem nota má til að sníða til þá stíla sem fyrir eru (*Modify*) og smíða nýja (*New*).

Miklu skiptir hvaða síða er opin þegar þetta er gert. Sé unnið í einhverri vefsíðu er unnið með stíla sem munu geymast í þeirri síðu sérstaklega. Sé hins vegar unnið í stílblaði (mælt er með því) geymist stílahönnunin þar. Sé valið „HTML Tags“ í glugganum birtast öll HTML ívöf sem til eru. „User-defined styles“ birta hins vegar þá stíla sem hafa verið sérhannaðir.



Hvort heldur valið er New eða Modify opnast sami glugginn. Hér má rita nafn nýs stíls eða breyta nafni sem fyrir er.




Neðst til vinstri í glugganum er „Format“ hnappur. Sé smellt í þennan hnapp má komast í nánari skilgreiningar fyrir stílinn.

- Font Skilgreining á lettri.
- Paragraph Skilgreining efnisgreina.
- Border Skilgreining ramma.
- Numbering Skilgreining tölusetninga.
- Position Skilyrtar staðsetningar.

Þessar valmyndir leyfa nánari skilgreiningu á þeim stíl sem valinn er en þeim verður ekki gerð nánari skil hér. Myndi sýnir hvar verið er að skilgreina leturgerðir fyrir stílinn „h1.“

Á stóru myndinni er dreginn hringur utan um haus síðunnar „Blomabudin.htm“ en þar hefur bæði verið vísað í stílblaðið „capsules.css“ og endurhannaður stíllinn „h1.“

Rétt væri að klippa síðari skilgreininguna í burtu og líma inn í stílblaðið.



```

1 a:link
2 {
3     color: #FF6633;text-decoration:none underline
4 }
5 a:hover      { text-decoration: line-through }
6 td          { font-family: Tahoma; color: #808000; }
7 td.annar {font-family:Lucida Sans Typewriter; color:#800000; font-style:italic }
8 a:visited
9 {
10     color: rgb(0,204,204);
11 }
12 a:active
13 {
14     color: rgb(204,153,51);
15 }

```



HTML ívafið „a“ tekur við fjórum breytum: active, visited, link og hover. Þessar breytur skilgreina hvernig tenglar (stíklur) líta út í vefsíðu eftir því hvort smeltt hafi verið á þær eða hvort músin sé færð yfir þær.

Sé innbygggt HTML ívaf endurhannað fær það haldið nafni sínu. Sé þess óskað að það sé til í fleiri útgáfum er settur punktur við nafnið og aukanafn strax á eftir punktinum.

Hér sést hvar búið er að smíða stílana „td“ og „td.annar“ í „capsules.css.“ Sömuleiðis er búið að bæta við stílnum „a:hover“ í stílblaðið.

Þegar innbyggður stíll fær aukanafn þarf að tilgreina í vefsíðu hönnun hvort sá þáttur sem ívafið stjórnar sé frekar stjórnað af aukaheitinu eða grunnstílnum.


Myndirnar sýna hvar ívafið „td“ (töflureitur) er sett í stílinn „annar“ sem hannaður er í stílblaðinu.



1. æfing - heimasíða með Notepad

- A) Farðu á Netið og skoðaðu síðuna:
<http://www.isbok.is/aitarefni/fp2003/verk01/>.
- B) Gefðu skipunina View - Source til að opna glugga með HTML kótun síðunnar. Vistaðu hana í möppu á C:\ drifinu. Smelltu á hnappinn New Folder og gefðu möppunni nafn. Tvísmelltu síðan á möppuna og gefðu síðunni nafnið „index.htm“ í *File name* línunni og smelltu á Save. Hafðu gæsalappir utan um nafnið svo *Notepad* bæti ekki endingunni .txt aftan við það.

Lokađu síðunni með File - Exit.




```
<HTML>
<HEAD>
<TITLE>Þetta er heimasíðan mín</TITLE>
<BODY>
<h1>Fyrsta tilraunasíðan mín</h1>
<p>Vertu velkomin. Hér má búast við miklum og gagngerum breytingum á kóða á næstu dögum.</p>
<p>Vertu því íðin(n) að koma í heimsókn og smella á <b>Refresh</b> hnappinn <br>öðru hvoru til að fylgjast með því hvort ég hafi sett<nbsp> <br>hér inn nýja uppfærslu á síðunni.</p>
<hr>
Hér er tengill í heimasíðu <a href="http://www.isbok.is">ÍSBÓKAR</a> <br>
Hér er mynd af netinu: <br>


<hr>
Smelltu hér til að senda <a href="mailto:elias@isbok.is">tölvupóst til mín</a>
</BODY>
</HTML>
```

Kótinn í síðunni

- C) Opnaðu skjalið í vafranum (ráðaranum) með skipuninni File - Open.

Með Browse hnappi finnurðu möppuna sem þú bjóst til í B lið og opnar hana.





- C) Gefðu aftur View - Source skipunina og hreinsaðu út allan texta milli html ívafanna.

Vistaðu síðuna aftur í *Notepad*. Smelltu á vefskoðarann á verkstikunni og svo á Refresh.

Breyttu einhverju efni, vistaðu og smelltu aftur á Refresh í vefskoðaranum.

Nú máttu setja eigin texta milli ívafanna og skoða árangurinn.

```
<HTML>
<HEAD>
<TITLE>**</TITLE>
<BODY>
<h1>**</h1>
<p>**</p>
<p>**<br> **<br>
**<br>** <br>**
**</p>
<hr>
** <a href="*">**</a> <br>
**<br>

<hr>
**<a href="mailto:*">tölvupóst til mín</a>
</BODY>
</HTML>
```

- D) Smelltu nú með hægri músarhnapp á myndina í vefskoðaranum og vistaðu hana í möppuna sem þú bjóst til með skipuninni Save image as. Breyttu myndakótuninni svo hún vísi í myndina. Smelltu aftur á Refresh í vefskoðaranum.




Settu allt á vefinn með forritinu *Ws_Ftp_Home* sem fjallað er um framar í bókinni.

2. æfing - vefur frá grunni

- A) Veldu File - New til að opna „Task Pane“ spjallið. Veldu „One Page Web site“ af spjaldinu til að fá vef með einni vefsíðu og gefðu vefnum nafnið „vefur02.“


Einnig geturðu smellt á „More Web Site Templates“ og valið „One Page Web Site“ í glugganum sem þá birtist.

Þau verkefni sem á eftir koma í bókinni gera ráð fyrir að þetta verkefni hafi verið unnið.



Í „Web Site Templates“ er smellt á „Browse“ hnapp til þess að velja staðsetningu fyrir nýja vefinn.

Nýi vefurinn. Hér er búið að eyða index.htm, en þá þarf að smíða hana aftur.





- B) Veldu „Web Site“ flipann og *Folders* viðmót. Vefurinn er tómur að undanskildum möppunum images og _private og skránni *index.htm*.

Búðu til fjórar nýjar síður með New Page hnappi og gefðu síðunum nafn í samræmi við myndina. Hnappurinn er efst til hægri í viðmótinu.

Þú getur notað Tab lykilinn til að breyta titli síðnanna. Gættu þess að fyrsta síðan heiti index, einnig að allar síður hafi endinguna .htm.

Taktu eftir á einni myndanna hér til hliðar að búin var til aukasiða þar sem endingunni .htm var sleppt. Sú síða er ónothæf sem vefsíða.



- C) Opnaðu *index.htm* og settu inn texta eins og á myndinni. Gættu þess að fyrirsögnin er venjulegur texti sem settur er upp í Heading 1 stíl. Línar þvert yfir síðuna er sett inn með Insert - Horizontal line.


Textinn fyrir neðan er fyrir tengla. Lóðréttu strikin (|) eru fengin með lyklaborðsinnsletti: Ctrl + Alt + <.

Smelltu á hnappinn *Show All* til að sjá táknin aftan við textalínurnar. Táknid ¶ er fengið með því að halda niðri hástafalykli þegar stutt er á Enter lykilinn.

- D) Opnaðu hverja einustu síðu og settu inn dálítinn texta í stíl við nafnið. Vistaðu að því loknu.

Ef fleiri síður eru opnar í einu þarftu að vista hverja fyrir sig með File - Save. Gættu þess að nota „Change Title“ hnappinn í hvert sinn, til að gefa síðunum titil.

Lokaðu síðulistanum með hnappnum Folder list.






- E) Notaðu flipana neðan við tækjastikurnar til að flakka á milli opinna síðna.

Veldu nú orðið Ferðalög (á *Index* síðunni) og gefðu skipunina Insert - Hyperlink. Á valmyndinni skaltu velja skjalið *ferdalog.htm* og smella á OK.

Ef skjalið birtist á tveimur stöðum á listanum er það opið í *Page* viðmótinu. Skiptir þá ekki máli hvort nafnið er valið.

Gerðu nú eins við *Félagsmál* og *Vinnan*. Prófaðu svo tenglana með því að halda niðri Ctrl lykli og smella á þá.





F) Veldu textann „Sendu mér línu“ og gefðu skipunina Insert - Hyperlink.

Á valmyndinni smellirðu á E-mail Address hnappinn til þess að geta sett in netfang. Þú skrifar tölvupóstfangið þitt og er þá búið að setja inn tengil (stiklu) fyrir tölvupóst.




G) Veldu nú textafótinn með tenglunum (stiklunum) neðst á síðunni og notaðu Edit - Copy til að afrita efni hans. Opnaðu síðan allar síður á vefnum og notaðu Edit - Paste til að fá fótinn á þær allar. Að lokum skaltu vista allar síðurnar og setja á Vefinn.



3. æfing - síðustillingar


- A). Hafðu vefinn úr síðasta verkefni opinn, eða afrit hans. Veldu Hyperlinks viðmótið í „WebSite“ ham. Athugaðu hvernig síðurnar tengjast innbyrðis. Opnaðu forsíðuna (*index.htm*).

Þegar sú síða opnast skaltu hægrismella hvar sem er á síðunni og velja Page Properties til að opna valmynd fyrir síðustillingar.



- B) Í Page Properties - General flipa skaltu breyta titli síðunnar.


Titill síðunnar er alls óskyldur nafni skjalsins. Titill er það nafn sem fólk sér birtast í rápara (vafra) þegar síðan er skoðuð á Vefnum eða þegar síðan er sett í *Favorites*.



Titillinn birtist í titillínu!

- C) Í Background er stilling fyrir bakgrunnsleti skjalsins. Þarna eru stilltir litir fyrir t.d. grunntexta síðunnar, tengla, lit á heimsóttá tengla og tengla sem eru í skoðun þá stundina.


Breyttu litum síðunnar, hafðu t.d. *Text* sem *Maroon* rauðan og *Hyperlink*, *Visited Hyperlink* og *Active Hyperlink* alla á *Red*.



- D) Í Background litastillingunni skaltu velja *More Colors* til að fá valmyndina *More Colors*.


Veldu þar hnappinn *Custom*. Hér má velja um fleiri liti eða blanda sinn eigin.

Veldu stillinguna: Red = 255, Green = 255, Blue = 200, smelltu svo á *Add to Custom Colors* og *OK*.



- E) Í *Custom* flípanum geturðu sett inn duldar upplýsingar. Þessar upplýsingar munu aðeins sjást ef lesendur síðunnar velja *View - Source* í vefskoðara sínum.


Smelltu á *Add* hnappinn í neðri lið til að fá valmyndina hér við hliðina. Settu inn í *Name* línuna orðið *Keywords* og í *Value* línuna orðin *heimasíða, vefsíðugerð og vefurinn*. Gættu þess að hafa kommu á milli liða.



- F) Þegar búið er að stilla aðalsíðuna af skal opna hinar síðurnar með File - Open og velja File - Properties.

Þegar þú hefur farið á þennan hátt yfir allar síðurnar á vefsvæðinu og vistað þær, skaltu opna *index.htm* aftur og breyta um litastillingu á henni. Vistaðu breytinguna og opnaðu síðan hinar síðurnar til að athuga hvort þær haldi áfram að lesa inn sömu stillingar.

Þegar þessu er lokið ættirðu að setja allt efnið á Vefinn og athuga hvort allt virki eðlilega.



Innbyggðir stílar

Stílar eru notaðir til að setja upp textastillingar svo sem fyrirsagnir, númeraða lista eða kúlumerkingar á málsgreinum.


Eftir að stílar hafa verið settir inn má eftir sem áður breyta stærð og letri þeirra.

Eru stílarnirinnbyggðir í *FrontPage* og miðast við innbyggða stíla HTML málsins.

Einfalt er að nota stílana. Smellt er með músarhendli á textann eða valdar saman fleiri málsgreinar. Síðan er felligluggi opnaður og valinn sá stíll sem við á.

Helst eru stílar notaðir þegar setja þarf inn fyrirsagnir án þess að eyða tíma í leturbreytingar. Á myndinni hér fyrir ofan gefur að líta felligluggann sem helst er notaður til að velja stíla.

Myndin sýnir útlit stílanna og heiti þeirra. Vert er að benda sérstaklega á samspil stílanna *Defined term* og *Definition*.



Hægri músarhnappur



Hægri músarhnappur er mikið notaður. Smellt er á þann hlut sem notandi æskir að meðhöndla. Þá birtist spjald og eiginleikar þess fara eftir því hvað smellt er á.


Hægt er að komast í að stilla eigindir fyrir:

- síður (*Page Properties*),
- töflur (*Table Properties*),
- töflureiti (*Cell Properties*),
- myndir (*Picture Properties*),
- málsgreinar (*Paragraph Properties*),
- letur (*Font Properties*),
- tengla (*Hyperlink Properties*).

Eftir atvikum er hægt að fá rammastillingar (*Frame Properties*), setja inn raðir og dálka í töflur auk fleiri möguleika.

Þægilegt er að smella á hluti, velja eigindaglugga (e. *Properties*) og stilla það sem við á og eru helstu stillingar við hendina hverju sinni. Hægri músarhnappur léttir talsvert vinnu við vefsíðugerð.





Falin tákn

Efnisgreinar

Forrit sem vinna með texta verka fyrst á bókstafi. Þegar bókstafir safnast saman án orðabíla myndast orð. Orðin safnast saman í efnisgreinar (e. Paragraph). Efnisgrein getur verið eins löng og verða vill og takmarkast af greinaskilum með Enter innslætti af lyklaborði.


Þannig nær ein efnisgrein frá því fyrst var stutt á Enter og þar til næst er stutt á hann, hvort heldur margar línur eru þar á milli eða engin. Hafa ber í huga að þegar textabendill er innan efnisgreinar og nýr still er valinn úr vallista mun stillinn ráða útliti allrar efnisgreinarinnar.

Þegar mikið magn texta er slegið inn kemur til sjálfvirk línuskipting innan efnisgreinar og skiptir engu hversu löng efnisgreinin er. Yfirleitt er ný efnisgrein gerð þegar áhersla breytist í máli en ekki er alltaf hentugt að gera nýja efnisgrein þó kannski henti að skipta í nýja línu. Þá má halda hástafalyklinum (Shift) niðri og styðja á Enter. Myndast þá línuskipting þar án þess að ný efnisgrein myndist.

Í vefsíðugerð er efnisframsetning oft samþjöppuð og línuskipting skiptir oft miklu máli fyrir framsetningu. Ástæðan er sú að við efnisgreinaskiptingu (Enter) myndast aukið línubil milli efnisgreina. Við mjúka skiptingu (hástafalykill + Enter, kallað *soft enter*) myndast ekkert slíkt línubil.

Faldar stýringar

Myndin hér fyrir ofan sýnir hvernig búið er að smella á hnapp með sýnilegum táknnum fyrir greinaskiptingu og mjúka skiptingu. Þá sjást efnisgreinatákn (¶) aftan við allar efnisgreinar og mjúk skiptingarákn (↵) aftan við hástafalykilsskiptingu. Með því að smella aftur á hnappinn (¶) má fela þessi tákn á ný. Þau prentast ekki út ef síðan er prentuð heldur stjórna aðeins línu- og greinaskiptingum innan hennar.



Bókamerki



Bókamerki er ívaf sem er sett inn á vefsíðuna á ákveðnum stað og má nota stiklur til að komast þangað á Vefnum. Oft er valið eitthvert orð í textanum t.d. fyrirsögn og gefin skipunin Insert - Bookmark.

Það má þó sleppa því að velja texta. Er þá smelt á þann stað sem bókamerkið skal vera staðsett á síðunni og gerð sama skipun og áður.

Kemur þá gluggi með lista yfir þau bókamerki sem þegar eru fyrir hendi á síðunni og textasvið til að gefa bókamerkinu nafn. Oftast er sjálfkrafa stungið uppá því orði sem valið var sem nafn fyrir bókamerkið.



Best er að nöfn séu án hástafa eða séríslenskra stafa. Ef orð var valið verður það sýnt undirstrikað með punktalínu (í FrontPage ekki á Vefnum) annars er sett flagg á síðuna. Má hægismella á bókamerkið til að breyta því.

Merkið nýtist þannig að tengill er tengdur í það, annað hvort innan síðunnar eða frá annarri síðu. Á valmyndinni fyrir tengla er valinn hnappurinn Bookmark og má þá velja hvert það bókamerki sem á síðunni felst. Tengillinn mun þá virka þannig að þegar smelt er á hann kemur það svæði síðunnar upp á skjáinn sem hefur bókamerki.



Bókamerki hafa frá upphafi verið hugsuð á þann veg að á einhverjum stað vefsíðunnar sé efnisyfirlit fyrir kaflaskiptingu síðunnar og kaflarnir bókamerktir.

Eru tenglar settir inn í efnisyfirlitið til að hægt sé að fá viðkomandi kafla beint á skjáinn án fyrirhafna, með því einu að smella á viðeigandi kaflaheiti.




Skjöl opnuð

Þegar skjal er opnað með skipuninni File - Open kemur valmynd eins og hér fyrir neðan. Sé skráin á vefsvæðinu er smeltt á hana og síðan á hnappinn Open til að opna skrána.

Opna má vefsíðu bæði úr vefsetrinu sem unnið er í svo og af öðrum stöðum á tölvunni. Séu möppur með fleiri skjöl fyrir hendi í vefsvæðinu má tvísmella á þær og skoða innihaldið.

Tilvísanir í algeng svæði á tölvunni.




Ýmis töl
Gluggastillingar
Ný mappa
Síðu eytt
Leitað á netinu
Upp eitt þrep

Ef skjalið sem þarf að opna finnst ekki innan vefsvæðisins má skrifa vefslóð í *File name* línuna. Er þá farið á vefinn og sú síða sótt svo fremi að vefþjónninn hafi *FrontPage* extensions uppsett.

Tenglar settir inn

Tengill er texti eða mynd sem hægt er að smella á og sækir þá ráparinn efnið, hvort sem það er innan vefsvæðisins eða annarsstaðar. Hægt er að mynda tengil fyrir hvað sem er svo fremi að ráparinn geti fundið það.

Til að búa til tengil er viðkomandi texti eða mynd valin og síðan gefin skipunin Insert - Hyperlink. Einnig má velja viðeigandi hnapp á tækjastiku. Þá kemur glugginn sem hér er sýndur.



Í glugganum má smella á þær síður sem vefsvæðið inniheldur. Einnig má, svipað og í *Open* glugganum, velja síður á Vefnum eða finna skrár á harða disknum. Sérstakur hnappur er til að búa til póttengil og búa til nýja síðu innan vefsvæðisins og tengjast henni.

Bookmark er valið ef síðan sem tengillinn vísar til inniheldur bókamerki (sjá nánar um bókamerki). Bókamerki eru mikið notuð þegar síður eru kaflaskiptar og gefa notendum nákvæmari stýringar yfir tengingum síðna sinna.

Target Frame hnappurinn leyfir að tengillinn opnast í nýjum rápara eða innan ákveðins ramma á rammasisðum. Þessi möguleiki getur verið mjög notadrjúgur t.a.m. getur þótt æskilegt að tenglar á síður utan vefsvæðisins opnast í sérgluggum en vefsvæðið sjálft sé áfram til staðar í upphaflega glugganum, þó er það óvinsælt meðal notenda Vefsins.

Eftir að smellt hefur verið á OK hnappinn má hvenær sem er hægri-smella á tengilinn með músinni og velja Hyperlink Properties til að breyta tenglinum. Ef gera skal tengil óvirkan þarf að fara í þennan glugga og eyða út slóðinni í *Address* línunni.


Ef Ctrl lykli á lyklaborðinu er stutt niðri þegar smellt er á tengilinn er hægt að skoða virkni hans rétt eins og verið sé í vefskoðara. Eins má í sama tilgangi hægri-smella á hann og velja Follow Hyperlink.

Töflur á vefsíðum

Nær ómögulegt er að forðast töflunotkun í heimasíðugerð þó eygir í töflulausa hönnun með tilkomu fossandi stílblaða (Cascading Style Sheets). Nánast öll uppsetning miðast við tölvuskjá. Þetta krefst þess að efnið sé framsett með einföldu sniði en þó auðveldlega kaflaskipt og helst þannig að ein skjáfylla gefi vel til kynna efnisval síðunnar þegar skrunað er niður skjáinn.

Þá þurfa atriði eins og tenglar, smágrafík, athugasemdir og fleira að vera strax sýnileg á síðunni. Til þess eru töflur notaðar út í ystu æsar. Töflur eru mikið notaðar þegar staðsetja þarf efni nákvæmlega og þegar æskilegt er að sem mest efni komist fyrir á sem minnstu svæði t.d. efst á síðum. Í *FrontPage* er auðvelt að setja inn töflur, stilla þær á að vera smáar sem stórar, allt frá því að vera einn reitur sem umlykur alla síðuna til þess að vera töflur inni í hver annarri. Eru notaðar í þessu skyni, skipanirnar í Table vallistanum.

Hér er búið að smíða töflu sem er 550 dílar á breidd. Efsta línan hefur verið fest í einn reit fyrir fyrrisögn. Hægt er að stilla rammalínur töflunnar á að vera ósýnilegar í vefskoðaranum en forritið sýnir þær þó áfram sem punktalínur svo höfundur síðunnar sé meðvitaður um hvað hann er að gera.



Sama síðan, sú t.v. með töfluramma (Border) stillt á 1 en sú t.h. með töfluramma á 0.



Tafla sett inn

Tafla er sett inn með skipuninni Table - Insert - Table. Þá kemur upp gluggi eins og sést hér til hliðar. Sjálfgefnar eru tvær raðir í tveimur dálkum (*Rows: 2 og Columns: 2*).

Sjálfgefin er staðsetning hægra megin á síðu (*Alignment: Default*) á því svæði þar sem textabendill er staddur.

Töflurammi (*Border Size*) er 1 díll á þykkt, rými milli rammalína (*Cell Padding*) 1 díll og textarými frá rammalínunum (*Cell Spacing*) 1 díll (2 dílar á myndinni hér til hliðar).

Þessum stillingum má t.d. breyta í núll ef reitir töflunnar eiga að vera ósýnilegir.

Breidd töflunnar er stillt með *Specify Width*. Sjálfgefið er að breidd hennar sé 100% af breidd vafrans (*In percent*) og má að sjálfsögðu setja inn þá stillingu sem notandinn æskir.



Gott er að stilla í *In pixels* ákveðna breidd en *Pixels* er sú viðmiðun sem skjástilling tölvunnar miðast við.


Algengt er að heimilistölva með 17 tommu skjá sé með stillingunum 1152 díla á breidd og 864 á hæð. Þess vegna er mikilvægt að gefa gaum að töflubreiddinni, hvort hún t.d. sé ekki breiðari en svo að notendur sjái auðveldlega innihald síðunnar.

Með skipuninni View - Toolbars - Tables má sækja töflustiku með ýmsum hentugum aðgerðum, s.s. til að lita töflu, eyða út og skeyta inn dálkum og línunum.

Myndirnar hér til hliðar sýna hvar verið er að nota töflustroklaðrið til að eyða út rúðuskilum og töflupennann til að teikna inn nýjar rúður í töfluna.

Síðasta myndin sýnir hvar skipunin Table - Split Cells er notuð til að skipta töflurúðu í tvennt, annaðhvort lárétt eða lóðrétt.





Tafla gerð með mús

Á myndinni hér fyrir ofan sést hvar stutt er með músinni á töflugerðarhnapp á „Standard“ tækjastikunni, haldið niðri og dregið út. Birtist þá gluggi eins og hér á myndinni sem sýnir mynd af því hvernig töflu skal búa til, þ.e. fjöldi dálka og raða. Má hafa töfluna eins stóra eða litla eins og óskað er eftir. Síðar má stilla útlit og hegðun töflunnar nánar.

Töflustikan

Næstu tveir eru töflupenni og töflustrokkeður.
Fyrstu þrír hnapparnir vinna með „Layout Table“ áhöldin.

Næstu þrír jafna dálkum og línun, eða jafna töflu við efni.
Fyrstu þrír í neðri röð breyta lóðrétti jöfnun efnis í rúðum.



Næstu þrír (frá hægri) skjóta inn línun, dálkum, eða eyða rúðum.
Öftustu tveir hnapparnir skipta reitum eða sameina.

Öftustu hnapparnir afrita hönnun.
Fatan og fellivalmyndin vinna með liti og útlitshönnun.


Tafla sniðin til með Properties

Hægt er að stilla töflur af á mismunandi vegu. Einfaldasta aðferðin er sú að smella með músinni á ramma innan töflunnar (sjá mynd hér til hliðar) og draga rammalínuna til. Sú aðferð getur verið mjög þægileg við ýmsar aðstæður.

Til að ná betri stjórn á hegðun töflunnar má nota *Table Properties* og *Cell Properties* valmyndir sem eru ætlaðar til að gefa nákvæmar stillingar annarsvegar fyrir töfluna sjálfa og hins vegar fyrir mismunandi reiti innan hennar.

Table og Cell properties valmyndirnar má báðar kalla fram í Table valmyndinni efst á skjánum. Algengara er þó að hægri-smellt sé í töflu og valin viðeigandi skipun af spjaldinu sem þá birtist.

Hér á eftir eru þessar valmyndir útskýrðar nánar.



Gera töfluáhöld virk

Skilgreina dálka og línur

Lárétt staðsetning

Textahlaup umhverfis töflu

Rúðufóðring

Rúðubil

Töflurammi (þykkt og litur)

Bakgrunnur (litur og mynd)

Gera stillingar sjálfgildar fyrir nýjar töflur

Breidd í prósentu og dílum

Hæð í prósentu og dílum

Table Properties hér fyrir ofan er fyrir töfluna í heild en Cell Properties hér til hliðar er fyrir einstaka reiti.

Hér má hafa bakgrunnslit í stakra rúða (e. Cells) og bakgrunnsmýnd óháð stillingum í töflunni sjálfri (Background).

Hér eru stillingar fyrir rammalínur horfnar en í staðinn komin stilling fyrir lárétta og lóðrétta hegðun texta og mynda innan reitsins.

Hér er komin stilling fyrir spönn reitsins, þ.e. hvort reiturinn spanni fleiri en eina röð á hæð og fleiri en einn dálk á breidd (Columns spanned og Rows Spanned).

Þá má tilgreina að sumar rúður séu titilrúður (Header cell) og að ekki skuli nota textahlaup í rúðum (No Wrap).

Gögn úr Excel

Mjög auðvelt er að flytja gögn úr Microsoft Excel yfir á vefsíður.

Hér er búið að setja upp verðskrá með stykkjaverði og útreiknaðri álagningu fyrir heimsendingu.

Verðskráin er valin og gefin skipunin Edit - Copy. Efnið er þá afritað á klippiborð tölvunnar.

Í FrontPage er valin skipunin Edit - Paste.

Verðskráin kemur þá inn á heimasíðuna með öllum uppsetningum eins í Excel en sem venjuleg tafla. Örlítið gæti þurft að laga efnið til. Með sama hætti má flytja gögn úr heimasíðutöflum yfir í Excel.

Klippa og líma





Aðferðin sem hér er útskýrð er mjög algeng í tölvumhverfinu og kallast að *klippa og líma*, þó í þessu tilfelli sé notað að afrita og líma.


Með skipunum Cut og Copy í Edit má taka nánast hvað sem er og setja á klippiborð tölvunnar.

Aðeins kemst einn hlutur í einu þangað þegar unnið er í FrontPage.

Strax á eftir er farið á endastaðinn og gefin skipunin Paste sem límir inn af klippiborðinu. Þetta virkar jafnt innan sama forrits og á milli forrita.

Síðasta myndin sýnir gluggann sem birtist ef gefin er skipunin Edit - Paste Special. Hér má velja mismunandi meðhöndlun á þeim efnisgreinum sem límdar eru inn.





Gögn úr Word og öðrum forritum



Ekki hentar alltaf að færa gögn inn á heimasíðuna með áður nefndri aðferð. Með skipuninni Insert - File í Frontpage er hægt að velja hvaða skjal sem er af harða disk tölvunnar og setja inn á heimasíðuna, meðal annars gögn úr *Microsoft Word*.

Hér til hliðar er búið að velja möppuna sem geymir fyrrnefnda verðskrá og sést hvar verið er að velja tegund forrits sem notað var til að búa til fyrrnefnt skjal. Í eldri útgáfum Frontpage mátti lesa Excel skrár inn sérstaklega, en í þessari útgáfu verður að nota „klippa og líma“ tæknina. Enn sem fyrr má lesa inn *Microsoft Word* skrár.

Sniðmát búið til

Sniðmát (e. Template) eru sérstakar síður sem FrontPage getur notað til að búa til nýjar síður. Sniðmát þekkist í fjölda annarra forrita t.d. *Microsoft Word* og er í rauninni engin síða búin til án þess. Þegar t.d. stutt er á hvíta hnappinn lengst til vinstri á efstu tækjastíkunni í forritinu kemur á skjáinn nýtt tómt skjal og er sú síða byggð á sniðmátinu *Normal page*.


Sé verið að vinna á heimasvæði með fjölda síðna sem eiga að innihalda sömu grunnstillingar, getur verið leiðigjarnt að endurtaka þær fyrir nýjar síður. Þá er brugðið á það ráð að gera eina síðu sem inniheldur allar þessar stillingar og þegar síðan er vistuð með File - Save As er valin skipunin As Template (sjá mynd). Þá kemur sérstakur gluggi sem biður um titil sniðmátsins, nafn fyrir skjalið og tækifæri til að gefa nánari skýringu á tilgangi þess.



Þegar að lokum er stutt á OK vistast sniðmátið í sérstaka möppu með nafninu *Pages* á sama svæði og forritið sjálft er uppsett.


Einnig má velja að sniðmátið sé geymt í núverandi vefsvæði (Save Template in Current Web site).

Þegar smellt er á Save hnappinn kemur valmyndin hér til hliðar. Hér er gefinn titill sniðmátsins, nafn á skjalið sjálft og lýsing á tilgangi þess. Lýsingin getur komið í góðar þarfir síðar þegar sniðmátið er notað.



Hér til hliðar eru myndir vistaðar með sniðmátinu. Slóðir fyrir myndirnar gefa til kynna hvar sniðmátið verður geymt inni á tölvunni.

Vert væri með *Windows Explorer* að kanna þær staðsetningar sérstaklega.



Síða búin til með sniðmáti

Þegar sniðmátið hér fyrir framan hefur verið búið til og kemur að því að það skuli notað er smeltt á „More page templates“ af „New“ valblaðinu (View - Task Pane) í stað þess að smella á hvíta hnappinn (á efstu tækjastikunni) sem oftast er notaður.



Þá kemur valmynd eins og hér fyrir ofan með lista yfir öll sniðmát sem til eru. Flipinn „General“ geymir m.a. sniðmátið sem Frontpage notar sjálfkrafa til að gera nýjar tómar efnissíður. „My Templates“ flipinn geymir öll sniðmát sem vefhönnuðurinn hefur smíðað.

Þegar eitthvert sniðmát er valið birtist sýnishorn (*Preview*) hægra megin í glugganum og lýsing á eðli þess (*Description*) þar fyrir ofan. Þessi lýsing er sama minnisatriði og getið var hér að framan.

Þegar stutt er á OK hnappinn er búið til nýtt skjal byggt á sniðmátinu. Skjalið getur notandi þá meðhöndlað að vild. Þegar sú síða er vistuð kemur upp hinn hefðbundni Save As gluggi þar sem notandi gefur nýju síðunni nafn innan þess vefsvæðis sem verið er að vinna í það skiptið.


Á myndinni hér fyrir ofan sést að valmyndin hefur fleiri flipa. Sé smeltt á „Frames Pages“ spjaldið kemur fram samskonar gluggi og á *My Templates* flípanum en með flóknari sniðmátum til að gera rammastíður. Rammastíða er venjuleg heimasíða sem er notuð til að kalla fram aðrar síður og raða þeim á skjáinn. Rammastíður eru ræddar hér á eftir. *Style Sheets* flipinn er *Cascading Style Sheets*, oft nefnt CSS.

Sé smeltt á skipunina *Just add Web task* verður síðan ekki búið til að sinni heldur sett í *Task* viðmótið til síðari tíma vinnslu.



4. æfing - töflur


- A) Opnaðu síðasta vef, eða afrit hans, í *FrontPage*. Á index síðunni gefurðu skipunina Table - Insert - Table.



Á valmyndinni *Insert Table* skaltu stilla:
 Rows = **6**, Alignment = **Center**, Border Size = **2**,
 Cell Padding og Cell Spacing = **5**,
 Specify Width = **600** og smelltu á *In Pixels*.

Taflan verður 6 línur með 2 pt rammaþykkt. Rými reita er 5 pt og taflan á miðjum skjá 600 pt breið.

Breidd töflunnar er mæld í sömu einingum og upplausn skjásins sem er algengust í 800 x 600.





Taflan séð í Split viðmóti svo bæði sést útlit hennar og HTML kótun. Hér hefur verið hægri-smellt í töfluna til að nálgast vallista hægri músarhnapps.


- B) Veldu fyrirsögnina, smelltu á hana og meðan músarhnappi er haldið niðri dregurðu hana inn í reitinn efst til vinstri. Þú gætir misst út *Heading 1* stillinguna en sækir hana aftur í *Style* valmyndina.

Að því loknu velurðu báða reitina í efstu línunni (sjá myndina) og gefur skipunina Table - Merge Cells. Þá sameinast þessir reitir í einn og fyrirsögnin nýtur sín betur.

Dragðu nú allt efni síðunnar inn í töfluna. Miðaðu við lokaútlit verkefnisins samanber mynd í lokin.



Hér er verið að sameina tvær rúður í eina.




Þú getur stillt breidd dálka og lína með því að draga þær til.

- C) Veldu rúður fremri dálksins, neðan við fyrirsögnina. Hægrismelltu á þá og veldu skipunina Cell Properties.

Í *Specify Width* skaltu setja inn **35**, og velja *in Percent*.

Í *Background Color* velurðu litinn *Lime*.

Smelltu síðan á OK.





- D) Nú geturðu hægrismelltt hvar sem er í töflunni og valið *Table Properties*.

Breyttu *Cell Padding* nú í **0**, *Specify Width* í **90** og smelltu á *in Percent*.

Í *Background Color* skaltu velja *Silver*.


Smelltu á OK.

Prófaðu að breyta aftur *Border Size*, *Cell Padding* og *Cell Spacing* þangað til þér líkar útlit töflunnar og vistaðu síðan.



Hér eru ívöfin fyrir töfluna aðgætt.

- E) Settu nú inn töflu af svipuðu tagi á allar hinar síður vefsins og vistaðu þær. Settu svo efnið á netið.



Lokaútlitið



5. æfing - myndir

- A) Hafðu vefinn frá því áður opinn, búðu til nýja síðu og gefðu henni nafnið „myndir.htm.“

Opnaðu síðuna *index.htm* og settu inn textann „Myndir“ í síðufótinn hjá hinum tenglunum og tengdu hann í nýju síðuna *myndir.htm*.

Hægri-smelltu á nýja tengilinn og veldu skipunina *Follow Hyperlink* til að opna *myndir.htm*.


Þegar *myndir.htm* hefur opnast skaltu nota töfluhnaup á tækjastiku til að draga út töflu með 4 röðum og 2 dálkum.





- B) Smelltu textabendlinum í reitinn efst til hægri í töflunni og gefðu skipunina *Insert - Picture - Clip Art*. Í *Clip Gallery* skaltu finna og sækja mynd eins og sést hér við hliðina.



Þegar myndin er komin inn hægri-smellirðu á hana og velur *Picture Properties*.

Þá kemur valmynd þar sem setja má inn stillingar sbr. hér á eftir.





Hér getur þú skilgreint stærðarhlutföll mynda (Size) svo og hvort mynd sé tengill (Hyperlink) eða ekki. Þá geturðu notað „Lo Res“ til að þung mynd sendi á undan sér smámynd til notandans.



Begar mynd er vistuð í vefsvæðið gefst þér tækifæri til að velja henni möppu (Change Folder). Sé sama myndin vistuð tvisvar inn má velja að hún vistist sjálfstætt (Save) eða yfirriti þá eldri (Overwrite) með „Set Action.“


Sé smelli á „Picture File Type“ opnast valmynd þar sem hægt er að skipta um tegund skráar fyrir myndina.

GIF 256 lita myndir sem styðja gegnsæjan bakgrunn og myndlífgun (e. animation).

JPG 16,7 milljón lita myndir.

PNG 8 bita útgáfan er svipuð GIF staðli.
24 bita útgáfan er svipuð JPG en þó betri litagæði og skerpa.






Myndir komnar inn á vefsíðuna. Þú velur e.t.v. aðrar myndir en hér er gert.

- C) Í næstu reiti fyrir neðan skaltu setja tvær myndir til viðbótar. Notaðu Insert - Picture - From File.


Prófaðu að finna myndir á slóðinni www.isbok.is/aitarefni/.



- D) Farðu á vefsíðuna www.isbok.is/aitarefni/, finndu þar bakgrunnsmynd og vistaðu inn í vefmöppuna þína. Þú munt finna leiðbeiningar á vefsíðunni.


Opnaðu nú *Page Properties* og smelltu á flipann *Background*. Smelltu þar á skipunina *Background Picture* og síðan á *Browse* hnappinn.

Veldu þér bakgrunn sem þú hefur sótt á isbok.is fáðu hann inn. Veldu skipunina *Watermark*.



- E) Vistaðu síðuna og farðu svo í *Folders*. Búðu til möppuna „myndir“. Finndu nú allar myndir í svæðinu og dragðu inn í nýju möppuna.

Þú getur notað Ctrl lykil til að velja mörg skjöl í einu.




6. æfing - eðli tengla

A) Opnaðu vefinn sem áður hefur verið notaður. Opnaðu því næst síðuna *felagsmal.htm*.

Ef þú hefur ekki sett inn neinn texta efst á síðuna um ýmis áhugamál væri rétt að gera það núna. Settu textann ofan við fótinn sem búinn var til í „2. verkefni.“


Ýttu síðan 15-20 sinnum á Enter, skrifaðu Leikfélagið, smelltu síðan framan við orðið. Gefðu síðan skipunina Insert - Bookmark, skrifaðu leikur og smelltu á OK.

Skrifaðu síðan nokkur orð um ímyndað leikfélag og fjölgaðu Enter innslætti neðan við. Vistaðu síðuna með File - Save.




- B) Opnaðu nú síðuna *index.htm* og settu orðið Leikfélag í síðufótinn.

Með orðið valið skaltu gefa skipunina Insert - Hyperlink. Þá kemur upp valmyndin hér við hliðina.



Smelltu á táknmyndina *felagsmal.htm*, kemur þá nafn skjalsins í Address línuna.

Nú smellirðu á hnappinn Bookmark og velur nafnið *leikur*. Mun þá Address línun breytast í: felagsmal.htm#leikur.





Nú eru komnir tveir tenglar í sömu síðuna annar sem tengist beint í síðuna sjálfa og annar sem tengist í bókamerkið *leikur* í henni..

Vistaðu allar síður og prófaðu síðan tenglana á Vefnum.

- C) Á *index.htm* síðunni skaltu nú hægri-smella á nýja tengilinn. Á *Create Hyperlink* valmyndinni smellirðu á hnappinn Target Frame. Á þeirri valmynd smellirðu á *New Window*.


Nú er búið að velja að þegar smellt er á þennan tengil opnast nýr gluggi fyrir þá síðu. Gerðu þetta við fleiri tengla.



7. æfing - sniðmát



- A) Nú máttu opna hvaða vef sem er. Í þessu verkefni verður ekki gerð síða fyrir veraldar-vefinn. Búðu til vefsíðu sem lítur út eins og síðan hér fyrir neðan.

Notaðu *Page Properties* til að gera bakgrunnslit og lit fyrir texta og tengla.



- B) Lárétu línuna færðu með Insert - Horizontal Line. Dagsetninguna neðst færðu með Insert - Date and Time.

Tenglana neðst á síðunni stillirðu í samræmi við valmyndirnar hér til hliðar.




FrontPage 2003

- C) Nú gefurðu skipunina File - Save As.

Í Save as Type velurðu FrontPage Template.

Gefðu í reitnum *Change Title* nafnið: „Aðal sniðmátið mitt“ og í *File Name* nafnið „adalsnid.“

Settu hvaða lýsingu sem er í *Description*.




- D) Gefðu nú skipunina File - Close til að loka síðunni. Endurtaktu það ef fleiri síður eru opnar.

Gefðu því næst skipunina File - New.

Þá færðu upp valmynd með fjölda sniðmáta. Finndu Aðal sniðmátið mitt í „My Templates“ smelltu á það og síðan á OK hnapp.

Þá verður til ný síða sem byggð er á sniðmátinu sem þú bjóst til hér fyrir ofan. Breyttu síðunni og vistaðu hana að því loknu.




- E) Finndu út hvar Frontpage vistaði sniðmátið til geymslu á harða disk tölunnar.

Taktu afrit af sniðmátinu.

- F) Búðu til nýtt vefsvæði og endurgerðu þar þær síður sem þú hefur þegar gert.


Notaðu sniðmátið í hvert sinn sem þú gerir nýja síðu.



8. æfing - Word og Excel

- A) Opnaðu vefinn úr myndaverkefningu opnaðu síðan *index.htm* og hafðu opna. Ræstu því næst *Microsoft Word* og skrifaðu stutta ritgerð um ferðalög.


Vistaðu hana í *My Documents* með skipuninni *File - Save As Web Page* og gefðu nafnið *ferdir.htm*. Þegar þessu er lokið máttu slökkva á *Word* með *File - Exit*.




- B) Opnaðu því næst *Microsoft Excel* og settu upp einfaldan útreikning um ferðakostnað samkvæmt myndinni. Veldu útreikninginn og gefðu skipunina *Insert - Chart* og smelltu á *Finish*.

Nú ertu búinn að setja upp einfalt graf byggt á töflunni. Færðu grafið niður fyrir töfluna. Vistaðu skjalið í *My Documents* með *File - Save* og gefðu nafnið *ferdir.xls*. Hafðu Excel í gangi um stund.

Því næst skaltu nota *File - Save As Web Page* og vista skjalið sem *ferdareikningar.htm*.




- C) Smelltu nú á FrontPage táknid á verkstikunni. Gefðu skipunina File - Import, smelltu á Add File, finndu *My Documents* og finndu *ferdir.htm*.
Smelltu á OK til að myndin sé sótt inn í vefsvæðið.



- D) Gefðu nú skipunina *Insert - File* og á valmyndinni skaltu finna *My Documents*. Opnaðu því næst *Files of type* vallistann og finndu *All Files*. Þá ætti *ferdareikningur.htm* að sjást í glugganum og þú getur valið það skjal og smellt á *Open*.
- E) Skrifaðu *Kostnaður* neðan við aðaltexta ritgerðarinnar á nýju heimasíðunni.


Veldu orðið og gefðu skipunina *Insert - Bookmark* og smelltu á *OK*. Þessu næst skaltu smella á *Excel* táknið á verkstikunni, velja súluritið og gefa skipunina *Edit - Copy*.

Farðu aftur í *FrontPage* og gefðu skipunina *Edit - Paste*. Súluritið ætti að koma neðan við orðið *kostnaður*. Dragðu það örlítið neðar og settu textabendilinn þar á milli. Nú máttu loka *Excel*.



- F) Opnaðu nú *ferdalog.htm* og settu inn línuna:
Ferðir | Kostnaður. Veldu síðan skipunina *Insert - Hyperlink* fyrir hvort orðið fyrir sig og smelltu á síðuna *ferdir.htm*.
 Fyrir tengilinn *Kostnaður* skaltu rita:
ferdir.htm#Kostnaður.

Áður en þú setur vefinn á Netið, skaltu kíkja á „Code“ flipann og skoða hvernig *Word* kótaði upphaflegu síðuna.



Leit og skipti

Skipunin Edit - Find og Edit - Replace opnar gluggan „Find and Replace“ sem leyfir vefaranum að finna nánast hvað sem er í vefsíðum sínum og skipta út eftir þörfum.

Í „Find“ flipanum má slá inn þann texta sem leitað er að en sé ætlunin að leita að HTML kóta þarf að merkja við „Find in source code“ reitinn. Þannig má nota gluggann til þess að leita ýmist í texta vefsíðunnar eða í HTML kóta.

Undir „Find where“ má velja hvort leitað sé í öllum síðum vefsins (All pages), í þeim síðum sem opnar eru (Open pages), í þeim síðum sem valdar eru í „Web Site“ (Selected pages) eða hvort leitað sé í virku síðunni (Current page).


Á „Replace“ flipanum eru sömu aðgerðir nema hér bætist við „Replace with“ reitur og má rita þar inn þann texta (eða kóta) sem skeyta má inn í stað þess sem leitað er að.

Báðar myndirnar sýna hvar leitað er að HTML kótanum „<img src=“images/“ og honum skipt yfir í „<img src=“myndir/“ alls staðar sem hann finnst. Í þessu tilfelli finnst hann aðeins í einni vefsíðu.


Þriðji möguleikinn á „HTML Tags“ flipanum er nýjung sem getur nýst mjög vel og víða. Hér má fletta upp á öllum HTML ívöfum og leita að þeim.

Þá má meðhöndla þau á mismunandi hátt s.s. að eyða út þeim sem leitað er að, hreinsa út allar breytur þeirra eða setja nýjar breytur eða skipta út efni innan þeirra. Þá er hægt að skeyta inn efni eða kóta framan við og aftan við ívöfin.


Myndin sýnir hvar leitað er að öllum „a“ ívöfum (tenglar) og „title“ breyta þeirra sett á gildið „Marilyn Monroe.“



Leitað eftir myndakóta í öllum vefsíðum sem vísa á „images“ möppuna.



Kótanum beint að möppunni „myndir“.





Rammasíður

Rammasíða er sérstök síða til að kalla á aðrar síður sem sjást á skjá lesenda. Nánast engin takmörk eru fyrir því hvernig rammasíður eru settar upp. Algengt er t.d. að vinstra megin á skjánum sé mjó ræma með tenglum. Þegar smellt er á tenglana kalla þeir fram síður sem birtast í aðalgluggasvæðinu hægra megin.

Helst eru rammasíður notaðar þegar ætlast er til að lesendur hafi á skjánum tengla til ákveðinna staða sem auðveldi þeim að flakka innan vefsvæðisins. Einnig ef skoðaðar eru síður utan svæðisins þá finnst lesanda hann vera ennþá innan þess og eigi auðvelda endurkomu.

Stöðugt færist í vöxt að vefsvæði séu hönnuð með rammaborða efst á skjánum t.d. með auglýsingum. Sömuleiðis er oft borði vinstra megin með tenglum í síður til lestrar og einum borða í viðbót neðst á skjánum ýmist fyrir auglýsingar eða aðra tengla.



Rammasíða búin til


Í dæminu hér er sett upp rammasíða með grönnum borða vinstra megin og textasvæði hægra megin. Áður fyrr þótti flókið að gera rammasíður, sérstaklega ef ætlunin var að kóta þær með *HTML* málinu en í FrontPage er þessi aðgerð orðin þó nokkuð einfaldari og skemmtileg.

Í FrontPage er gefin skipunin File - New - Page til að fá valmynd með sniðmátum. Á þeirri valmynd er smellt á Frames Pages flipann til að sjá lista með sniðmátum fyrir rammasíður. Hér er valið sniðmátið *Contents* og sést hægra megin í glugganum sýnishorn af því hvernig ramminn kemur til með að líta út.

Þegar smellt hefur verið á OK hnappinn býr FrontPage til þrjár nýjar síður. Aðal rammasíðan sést ekki á skjánum en inniheldur þó hinar tvær. Sú síða verður stöðugt virk þegar lesandi skoðar vef-síðurnar en ávallt ósýnileg.

FrontPage 2003

Borðinn vinstra megin á skjánum er sjálfstæð síða sem hefur fengið afmarkað pláss og á að vera stöðugt á því svæði í glugganum. Stærra svæðið hægra megin er þriðja síðan en hún mun verða víkjandi í vefskoðun lesandans. Þegar smellt er á tengil á borðanum vinstra megin mun síðan sem tengillinn vísar til birtast á stóra svæðinu hægra megin. Algengt er að hægri síðan sé sett upp sem forsíða og er þá tekið sérstakt tillit til víkjandi eðlis hennar.



Myndin sýnir hvernig síðurnar tvær innan rammans raðast á skjáinn. Hægri hlutinn er ekki orðinn að vefsíðu eins og sést á hnöppunum þremur í miðri síðunni. Hnappurinn *Set Initial Page* er ætlaður til að sækja síðu af vefsvæðinu og gera að aðalhluta gluggans meðan hnappurinn *New Page* er til að búa til nýja síðu í sama tilgangi. Á vinstri hlið gluggans er búið að smella á *New Page* og gera nýja síðu innan rammans.

Sérstaklega skal bent á flipann *No Frames* sem er ætlaður til að flytja skilaboð til fólks sem ekki hefur vefskoðara sem sér rammasíður.

Rammastillingar

Með því að hægri-smella innan hvors ramma fyrir sig má kalla fram stillivalmynd fyrir hegðun síðunnar. Eini munurinn á valmyndinni er nafnið í *Name* línunni efst sem vísar til hvaða hluta rammans er unnið með. *Contents* stendur fyrir granna hlutann vinstra megin sem á að vera stöðugt á skjánum. *Main* stendur fyrir stóra svæðið hægra megin sem er víkjandi.

Aðalstillingarnar eru;

Initial Page:

Ef ekki er búið að velja hvaða síða skal birtast má gera það hér með *Browse* hnappi.

Frame size:

Breidd (Width) og hæð (Row Height) rammasíðu í dílum. Oftast er aðeins notuð breidd.

Margins:



Spássía síðnanna.

Resizable in Browser:

Stærð gluggans ráðist af vefsíðuskoðara.

Show Scrollbars:

Hvort skrunstíkur mega sjást eða ráðist af aðstæðum.





Fyrsta rammasíðan vistuð

Þegar gefin er skipunin *File - Save/Save As* kemur sérstakur gluggi fyrir hverja síðu.

Hér er síðunni sem birtist vinstra megin gefið nafn. Í *File name* er skjalinu gefið heiti. Í *Change* er gefinn titill fyrir síðuna (titill heimasíðu er það nafn sem birtist í titillínu vefskoðarans).


Þegar smellt er á *Save* kemur næsti gluggi.



Önnur rammasíðan vistuð

Þegar fyrsta síðan hefur verið vistuð kemur glugginn hér til hliðar sem leyfir að gefa síðunni í hægri hluta rammans nafn.

Þessi gluggi er að öllu leyti eins og sá fyrsti en mikilvægt er þegar rammasíða er búin til að nafnið sem gefið er þessum tveim síðum séu að einhverju leyti lýsandi fyrir eðli þeirra og tilgang. Þetta skiptir miklu máli fyrir framtíðarvinnu með þessar síður svo ekki komi upp ruglingur með það hvaða síða er hvað þegar bætt er inn á þær efni síðar meir.




Aðal rammasíðan vistuð


Þegar búíð er að gefa nöfn í fyrri gluggunum tveimur kemur síðasti glugginn sem er fyrir rammasíðuna sjálfa, þ.e. síðuna til að stjórna stillingum fyrir þær síður sem munu birtast innan rammans.

Ef þessi rammasíða ætti að vera aðalforsíða heimasvæðisins væri henni gefið hér nafnið *index.htm*.

Nafngift aðalforsíðu heimasvæðis er mjög mikilvæg því vefskoðarar leita fyrst uppi síður með nöfnunum: *index* eða *default* og gildir einu hvort endingin er *.htm*, *asp* eða *.html*.

Sérstaklega er mikilvægt að fyrsti stafurinn eins og allir aðrir í nöfnum skjala séu með litlum staf.





Tengill innan rammavæðis


Á myndinni hér fyrir ofan er búið að skrifa orðið *Verðskráin* efst í vinstri rammanum. Síðan hefur textinn verið valinn og gefin skipunin Insert - Hyperlink til að breyta textanum í tengil.

Á tenglaglugganum er búið að smella sérstaklega á síðuna *verðskrain.htm* til að velja að sú síða komi á skjáinn þegar smeltt er á tengilinn. Áður en valið er staðfest með OK er smeltt á blýantinn aftast í línunni *Target Frame*. Á þeirri valmynd má smella sérstaklega á þann hluta rammans sem æskt er að síðan muni birtast í.

Á þessum glugga má velja fleiri möguleika, t.d. að tengillinn ryðji rammanum úr vegi (*Same Frame*) eða opnast í sérglugga (*New Window*). Ef þetta er ekki gert myndi tengda síðan opnast innan vinstra svæðisins, sem væri frekar óþægilegt. *Set as page default* leyfir að allir tenglar í gildandi síðu muni virka eins og þessi tengill.

Rammasíðan tilbúin

Haldið er niðri Ctrl lykli á lyklaborðinu og smeltt með músinni á tengilinn, einnig má hægrismella með mús og velja Follow Hyperlink. Kemur þá tengda síðan á skjáinn á sama hátt og verið væri að skoða hana á vefnum. Sést greinilega hvar vinstri síðan er stöðugt á skjánum en ný síða er komin í stað hægri síðunnar. Á þennan máta þarf að meðhöndla alla tengla innan ramma-svæðisins upp frá þessu.




Erfitt getur reynst að setja rammasíður upp í fyrsta skipti en æfingin skapar meistarann svo ráðlegt er að gera nokkrar tilraunaútgáfur.

Mikilvægt getur verið að ná góðu valdi á rammasíðum því með þeim má hanna mun skilvirkari vefsvæði en með einföldum rammalausum síðum.

Web Component


Skipunin Insert - Web Component opnar samnefndan glugga sem leyfir innsetningu á fjölda vefþátta. Microsoft hefur framleitt þættina sérstaklega fyrir notkun í vefsmíðatólum sínum. Einnig má smella á hnappinn *Web Component* á tækjastiku í Frontpage. Sumir þeirra þátta sem setja má inn krefjast þess að „Windows SharePoint Services“ sé uppsett á vefþjóninum, aðrir krefjast „FrontPage Server Extensions“ til að verka rétt.



Vinstra megin í „Insert Web Component“ er listi efnisþátta, eins konar kaflaskipting. Sé smellt á einhvern kaflann birtist vinstra megin þeir þættir sem kaflinn inniheldur. Til að nota einhvern þáttanna er hann valinn með mús og ýmist smellt á *Next* eða *Finish*.


Dynamic Effects

Marquee



Setur texta upp sem texta-myndskeið á skjánum. Textinn rúllar þá þvert yfir skjáinn.


Interactive Button



Setur hnapp í vefsíðuna. Hnappurinn fær texta og liti en litirnir breytast þegar mús er færð yfir hnappinn.

Web Search

Current Web



Setur upp innsláttarform fyrir leit í vefsvæði. Þessi þáttur krefst þess að vefurinn sé uppsettur á vefþjóni með „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services“ frá Microsoft.


Full-Text Search

Virkjar getuna til að leita í öllum texta á vefsvæðinu sem hannað er. Þessi þáttur krefst þess að vefþjónninn hafi „Windows SharePoint“ þjónustu og að „full text search“ sé virk á þjóninum.

FrontPage 2003


Spreadsheets and charts

Office Spreadsheet



Setur upp gagnatöflu í gagnvirkum vef-töflureikni á vefsíðunni.

Office Chart




Setur upp gögn úr töflureikni, eða úr vef-töflureikni í grafi þ.e. súluriti, línuriti eða kökuriti eftir atvikum.

Office PivotTable


Ás-tafla hefur getuna til að birta gögn á mismunandi máta, þ.e. gögn eru hópuð saman eftir mismunandi skilyrðum. Lesendur vefsíðunnar geta þá sjálfir valið hvernig þeir vilja skoða gögnin.

Hit Counter



Teljari sem setja má upp í vefsíðunni og telur þá upp um einn í hvert sinn sem vefsíða er skoðuð. Fáeinar útlitsstillingar eru í boði.


Photo Gallery



Lætur Frontpage setja saman myndasafn, þar sem hver mynd birtist í sérstakri vefsíðu og myndirnar birtast sem smámyndir á yfirlitssíðu.

Included Content

Substitution




Setur inn efnispátt sem getur birt höfundarnafn, lýsingu, dagsetningu síðustu breytingar eða vefslóð síðunnar.

Page


Setur inn efnispátt sem birtir innihald valinnar vefsíðu á þeirri sem þátturinn er notaður á.

Page Based on Schedule




Setur inn efnispátt sem birtir innihald valinnar vefsíðu á þeirri sem þátturinn er notaður á en stjórnast af skilgreindu tímabili. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Picture Based on Schedule



Setur inn efnisþátt sem birtir mynd á þeirri vefsíðu sem þátturinn er notaður á en stjórnað af skilgreindu tímabili. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“


Page Banner



Setur upp borða á vefsíðu sem mynd (byggð á þema síðunnar) eða sem textaborði.


Link Bars

Bar with custom links




Setur upp borða á vefsíðu með tenglum sem stikla að öðrum vefsíðum í vefnum eða á ytri tengla. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“, „SharePoint Team Services“ eða „Microsoft Windows SharePoint Services.“

Bar with back and next links



Setur upp borða með stiklum (tenglum) sem stikla að röð vefsíðna í vefnum.


Bar based on navigation structures



Setur upp borða með stiklum eða „Til baka“ og „Áfram“ sem byggist á „Navigation“ uppsetningu vefsins.


Table of Contents

For This Web Site



Býr til efnisyfirlit fyrir vefsetrið sem unnið er í. Þessi þáttur þarfnast „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Based on Page Category



Setur upp efnisyfirlit fyrir vefsetrið sem unnið er í byggt á völdum efnisþáttum (e. Categories).

Top Ten List


Visited Pages

Setur upp efnisþátt sem birtir 10 síðast heimsóttu vefsíðurnar í virka vefsetrinu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Referring Domains

Setur upp efnisþátt sem birtir 10 lén sem gestir hafa komið frá að virka vefsetrinu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Referring URLs



Setur upp efnisþátt sem birtir 10 slóðir sem gestir hafa komið frá að virka vefsetrinu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Search Strings

Setur upp efnisþátt sem birtir 10 leitarstrengi sem gestir hafa notað í leitarvélum til að finna virka vefsetrið. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Visiting Users

Setur upp efnisþátt sem birtir 10 virkustu gestina sem hafa heimsótt virka vefsetrið. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Operating Systems


Setur upp efnisþátt sem birtir 10 stýrikerfi þeirra gesta sem komið hafa að virka vefsetrinu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002

Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Browser

Setur upp efnisþátt sem birtir þá 10 rápara sem gestir hafa notað til að skoða virka vefsetrið. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

List View



Basic table

Setur upp lista með dálk fyrir hvert svið sem valið er og nýja línu fyrir hvert atriði in the list. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Repeating form

Setur upp lista í stíl innsláttarforms sem birtir titil hvers hlutar og önnur svið þar fyrir neðan. Þetta er endurtekið fyrir hvern titil. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Repeating form (centered)

Sama og „Repeating form“ nema miðjuset.

Repeating form with border

Sama og „Repeating form“ nema með rammalínunum.

Two-column repeating form with border

Sama og „Repeating form“ nema í tveim dálkum og með rammalínunum.

Comma separated

Setur upp lista sem birtir titla úr listum aðskildir með kommu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Two-column comma separated

Sama og „Comma separated“ nema í tveim dálkum.

Bulleted list of titles

Setur upp lista sem birtir titla merktum með bóluferki (Bullets). Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Numbered list of titles

Setur upp lista sem birtir titla, merktum með númerum. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Plain list of titles

Setur upp lista með öllum titlum úr tilteknum lista, hver titill í sjálfstæðri línu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Horizontal list of titles

Setur upp lista með öllum titlum úr tilteknum lista, hver titill aðskilinn með kommu og allir í einni línu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Dropdown menu of titles

Setur upp lista í felli-valmynd fyrir titla úr tilteknum lista. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“


Page component

Setur upp lista í bólunúmeruðum lista þar sem allir titlar birtast innan ramma. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

History list

Setur upp lista sem birtir dagsetningu og titil atriðis úr listanum og önnur atriði í sjálfstæðum línum þar neðan við. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Document Library View



Basic table

Setur upp töflur með dálkum fyrir hvert svið sem valið er og nýja línu fyrir hvert atriði í listanum. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Repeating form

Framsetur atriði úr lista þar sem valið atriði er birt í innsláttar-forms stíl en önnur atriði birtast í sjálfstæðum línum. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Repeating form (centered)

Sama og Repeating form nema miðjuset.

Repeating form with border

Sama og Repeating form nema með rammalínunum.

Two-column repeating form with border

Sama og Repeating form nema uppsett í tveim dálkum.

Comma separated

Birtir lista af titlum gagna en önnur svið gagnanna birtast aðskilin með kommu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

FrontPage 2003

Two-column comma separated

Sama og Comma separated nema uppsett í tveim dálkum.

Bulleted list of titles

Setur upp bólunúmeraðan lista. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Numbered list of titles

Setur upp tölusettan lista. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Plain list of titles

Setur upp titla fyrir atriði úr lista. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Horizontal list of titles

Setur upp titla úr atriðalista en titlarnir eru aðskildir með kommu. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Dropdown menu of titles

Setur upp atriðalista þar sem atriðin birtast í fellivalmynd. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Page component

Setur upp atriðalista þar sem atriðin birtast bólunúmeruð í ramma. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

History list

Setur upp atriðalista sem birtir dagsetningu atriða og titla. Hvert atriði er sér en önnur atriði eru listuð. Þetta endurtekur sig fyrir hvert atriði. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

MSN Mapping Components

Link to a map



Setur upp stiklu sem færir gesti yfir á „MSN Maps & Directions“ vefsetrið sem birtir staðsetningar á korti.

Static map


Setur upp kyrrlægt (e. static) kort frá „MSN Maps & Directories“ af tiltekinni staðsetningu.

MSN Components

Search the Web with MSN


Setur upp efnisþátt sem leyfir gestum að leita á vefnum með aðstoð MSN leitarvélarinnar.

Stock quote



Setur upp efnisþátt sem leyfir gestum vefsetursins að fá upplýsingar um verðbréfa-viðskipti.

MSNBC Components





Business Headlines from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „business“ fréttum MSNBC.

Living and travel headlines from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „living and travel“ fréttum MSNBC.

News Headlines from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „news headlines“ fréttum MSNBC.

Sports Headlines from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „sports“ fréttum MSNBC.


Technology Headlines from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „technology headlines“ fréttum MSNBC.

Weather forecast from MSNBC

Setur upp yfirlit úr „weather“ fréttum MSNBC.


Additional Components



Visual InterDev Navigation Bar

Setur upp „Visual InterDev“ leiðarkerfi. Þessi þáttur krefst „FrontPage 2002 Server Extensions“ eða „SharePoint Team Services.“

Advanced Controls



HTML

Setur inn HTML kóta sem FrontPage mun ekki breyta.

Java Applet

Setur inn Java forritling (e. applet). Smá forritling rituðum með Java forritunarmálinu.


Plug-In

Setur upp viðbótarforrit (e. plug-in). Forrit hannað í sérhæfðum tilgangi og ráparinn innir.

Confirmation Field

Birtir upplýsingar sem gestir slá inn í inn-sláttarform.

ActiveX Control



Setur upp „Microsoft ActiveX“ stjórnþæki. Slík stjórnþæki eru forritlingar ritaðir t.d. í „Visual Basic for Applications.“

Design-Time Control

„Design-Time“ stjórnþæki er svipað „ActiveX“ stjórnþæki nema sérsaklega ætlað til að vinna með vefhönnuði en ekki með gestum vefsíðunnar.

Movie in Flash Format


Setur „Macromedia Flash“ myndskaið einn á vefsíðu.

Gagnagrunnstenging

Til þess að geta tengt vefsíður við gagnagrunna þarf fyrst að gera gagnagrunn. Yfirleitt eru sérfræðingar sem hanna og smíða gagnagrunna, setja þá upp á netþjóni og útvega aðgengi að þeim.

Til þess að æfa sig er best að smíða einfaldan gagnagrunn í Microsoft Access. Myndin sýnir einfalda töflu í Access gagnagrunni og verður hún notuð í dæmunum hér á eftir.

Til þess að þessi gagnagrunnur sé aðgengilegur fyrir vefsíðugerðina þarf að setja upp ODBC tengingu við hann.



ODBC tengingar

ODBC er tengistaðall fyrir gagnagrunna á Neti og stendur skammstöfunin fyrir „Open Database Connectivity.“ Þessi staðall er notaður í flestum tilfellum þegar tengja þarf vefsíður við gagnagrunna og fer þá tengingin fram á vefþjóninum.

Í Windows 2000 og Windows XP finnst stjórtækið „Data Sources (ODBC)“ í möppunni „Administrative Tools“ í „Control Panel.“



Með þessu stjórtæki má smíða ODBC tengingar bæði fyrir staka notendur (User DSN) og fyrir alla notendur tölvunnar (System DSN).

Tengingin felur í sér að ODBC stjórninn þekkir tenginafn (DSN) gagnagrunnsins sem vefsíða getur notað til þess að tengjast við þau gögn sem gagnagrunnurinn geymir.

DSN stendur fyrir „Data Source Name“ sem við nefnum hér ýmist tengingu eða tenginafn.

Myndin sýnir hvar tengingin „fpgogn“ er skilgreind í ODBC stjóranum. Gættu að því að nota þarf hnappinn „Select“ til að geta flett upp á staðsetningu gagnagrunnsins á tölvunni.

Slóðin að gagnagrunninum birtist sem texti ofan við Select hnappinn. Ef gagnagrunnurinn er varinn með lykilorði þarf að smella á „Advanced“ hnappinn til að tilgreina það.



Frontpage tengt við ODBC

Með aðgerðinni *Tools - Site Settings - Database* fæst valmyndin *Site Settings* sem leyfir tengingu við gagnagrunn. Setja má inn eins margar tengingar og þarf. Tenging þessi gildir þá aðeins fyrir það vefsvæði sem unnið er í.

Með *Add* hnapp fæst valmyndin *New Database Connection*, sem leyfir að tengingin sé skilgreind nánar. Með *Modify* fæst sama valmynd, en þá þarf tenging að vera fyrir hendi og skal þá endurskilgreina hana en glugginn heitir þá „Database Connection Properties.“

Í *New Database Connection* valmyndinni má velja fjórar mismunandi tengingar:

File or Folder in Current web:

Gagnagrunns skrá á diskni eða á vefsvæðinu sjálfu.

System data source on webserver:

Tenging við gagnagrunn á vefmiðlara (ODBC)

Network connection to database server:

Tenging við gagnagrunnsmiðlara.

Custom definition:





sértæk stilling.

Valin er viðeigandi valmöguleiki, og smellt ýmist á *Browse* eða *Advanced* hnappa.

Advanced Connection Properties valmynd fæst ef smellt er á *Advanced*. Hér er sett inn aðgangs- og lykilorð fyrir aðgang að gagnagrunninum sem tengjast skal.

Myndin sýnir hvar sett er inn aðgangs- og lykilorð fyrir gagnagrunnstenginguna (fpgogn).

System Data Sources on Web Server valmyndin birtir þær gagnagrunnstengingar sem eru til staðar á netþjónum sem notandinn vinnur á. Slíkar tengingar gætu verið ODBC tenging í þeirri vél sem vefurinn er t.d. hannaður. Hér er einmitt ein slík tenging til staðar.



Fyrirspurn í gagnagrunn

Með skipuninni *Insert - Database - Results* má setja upp vefsíðu með uppflettingu í gagnagrunn.



Hér þarf að vera búð að fara í *Tools - Web Settings - Database* og skilgreina tengingu fyrir vefsvæðið.

Hér er valin gagnagrunnstengingin *fpgogn* sem er ODBC tenging í gagnagrunn á miðlara (netþjóni) höfundar.


Smellt er á *Next* til að fá fleiri stillingar.

Næst kemur valmynd sem leyfir að valin sé tafla í gagnagrunninum sem birta skal gögn úr (*Record Source*). Einnig má velja *Custom query*, en þá getur vefarinn gert flóknari SQL fyrirspurn á grunninn.

Hér má smella á „Custom Query“ hnapp til að smíða eigin gagnagrunnsfyrirspurn.




Næst er birtur listi yfir öll svið (dálka) í töflunni sem valin var hér fyrir framan. Hér má smella á *Edit List* og fæst þá valmynd sem leyfir frekara val á hvaða svið skuli birtast í niðurstöðum og hverjum skuli sleppa.



Valmyndin „Displayed Fields“ birtist sé smellt á „Edit List“ sem fyrr segir.

Hér má nota hnappana „Add“ og „Remove“ til að bæta við eða fjarlægja þau svið sem vefsíðan skuli birta.


Hægra megin eru sviðin sem birta skal og vinstra megin þau sem skal fela.



Sé smellt á „Options“ (sjá hér að framan) opnast glugginn „More Options.“

Hér má skilgreina skilyrði (Criteria) fyrir því hvaða færslur (e. Records) þ.e. línur skuli sækja í gagnatöfluna. Með „Ordering“ má skilgreina hvernig færslurnar skuli raðast t.d. í stafrófsröð eftir nöfnum einstaklinga eða eftir póstnúmerum. „Limit number of. ...“ reiturinn tilgreinir hversu margar færslur skuli sækja að hámarki.

Neðsti reiturinn er til þess að setja texta í vefsíðuna ef engar upplýsingar birtast úr gagnatöflunni.





Síðustu valmyndirnar tvær eru skilgreiningar fyrir hegðun vefsíðunnar sjálfrar. Hversu margar færslur úr gagna töflunni skuli birtast í senn.

Sé t.d. valið að aðeins fimm birtist þá myndi vefsíðan fá tengla svo hægt sé að skoða næstu fimm og svo koll af kolli.

Að síðustu má velja hvort haus sé settur á töfludálka í vefsíðunni, hvort útlínur töflunnar birtist og hversu breið taflan sé á síðunni.

Smellt er á „Finish“ og smíðar þá Frontpage allan kóta sem þarf til þess að vefsíðan geti séð gögn úr töflunni.





Gagnagrunnssíðan

Niðurstöðu vefsíðan mun ekki geta birt neinar niðurstöður á meðan vefhönnunin fer fram.

Birtast því skilaboð þess efnis að skjalið þurfi að hafa endinguna .asp til að geta birt niðurstöður. ASP stendur fyrir *Active Server Pages* og er ætlast til þess að vefmiðlari frá Microsoft vinni niðurstöðurnar og búi til vefsíðuna.

Windows 2000 Server og *Windows XP Professional* eru netþjónar og fylgja þeim báðum IIS vefþjónninn frá Microsoft. IIS stendur fyrir *Internet Information Server* og er hann besti ASP vefþjónninn í dag.

Hér er mynd bæði af skjalinu eins og það lítur út í hönnun, og þar sem vefsíðan er skoðuð á Vefnum. Ekki hefur nein vinna farið fram til að sníða útlit síðunnar.




IIS vefþjónninn

Sé notandi með annað hvort *Windows 2000 Server* eða *Windows XP Professional* stýrikerfi á tölvunni, er hægt vandi að ræsa *Internet Information Server* (IIS).

Sé hann ekki uppsettur á tölvunni þarf að fara í „Control Panel“ og ræsa „Add Remove Programs“ forritlinginn (e. Applet) og setja forritið inn. Eftir það er það sjálfkrafa ræst þegar stýrikerfið er ræst.

Þá má ræsa stjórnblað IIS Vefþjónsins úr „Administrative Tools“ í Control Panel og smíða ný vefsvæði þar, þ.e. búa til tilvísun á vefsvæðið sem notandinn er að vinna með í tölvunni.

Sé IIS uppsettur á tölvunni má vísa í heimasíðu hans með <http://localhost/> til að sjá vefsíðu hans.





Comment glugginn

Insert - Comment er notuð til að bæta inn athugasemdum í kóta vefsíðunnar sem sjást ekki við venjulega skoðun hennar.

Þær verða þó sýnilegar með skipuninni View - Source í vefskoðaranum. Þessi texti er þó ávallt sýnilegur í FrontPage.

Á fyrri myndinn sést hvar verið er að setja athugasemd í vefsíðu. Síðari myndin sýnir hvernig athugasemdin birtist í bæði „Design“ og „Code“ viðmóti í Frontpage.


Athugasemdin myndi þó, sem fyrr segir, ekki sjást við venjubundna vefskoðun.



Margmiðlun


Með *Insert - Picture - Video*, má velja myndskeið (e. Video), skrár með endingunni .avi sem geta þá birst í vefsíðu. Skrárnar þurfa þá að vera til staðar í vefsvæðinu.

Hér sést valmynd sem opnast sjálfkrafa við fyrrgreinda skipun, þar sem leita má að .avi skrá.



Hinar myndirnar sýna hver „Clip Art“ safnið er notað til að finna myndskeið á tölvunni. Fyrst er tilgreint að finna skuli „Video“ og því næst má velja úr þeim myndskeiðum sem finnast til að setja þau inn í síðuna.


Til að vinna með skrár af þessu tagi er ágætt að skipuleggja geymslumöppur sínar vel. Þá getur verið snjallt að nota *Clip Art* safnið (sjá umfjöllun annarsstaðar í bókinni) til að skipuleggja hvar slíkar skrár er að finna.



Þegar myndin er komin inn á síðuna þarf að hægri-smella á myndina og velja *Image Properties* og *Video* flipann til að stilla frekari hegðun myndarinnar.

Hér er tilgreint að myndskleiðið skuli spilast einu sinni og spilun hefjist við það að músin sé færð yfir myndina.

Hæglega mætti leyfa því að spila endalaust (Forever) og að beðið sé í t.d. 500 millísekúndur á milli endurtekninga, eða hálfa sekúndu.



Flash myndskleiði

Skipunin Insert - Picture - Movie in Flash Format leyfir að sett sé inn myndskleiði sem smíðað hefur verið með „Macromedia Flash“ en það er mjög vinsælt teikni-, og myndlífgunarforrit.

Alengt er að fólk smíði myndlífgaðar (e. Animation) teikningar með *Flash* t.d. auglýsingaborða og hnappa, sem síðan eru notaðar á vefsíðum.



Þá er þarf að finna .swf skrána sem fyrst var búin til með Flash og færist þá mynd inn á vefsíðuna. Þá skal hægri-smella á myndina til að velja „Movie ... Properties“ og opnast þá valmyndin sem hér sést en hún hefur tvo flipa.

Fremri flipinn leyfir að tilgreind séu gæði myndarinnar (e. Quality) og bakgrunnslitur hennar (Background color). Hér er valið að bakgrunnurinn sé gegnsær (e. Transparent).

Þá má velja staðsetningu (e. Alignment) innan efnisgreinar og stærð (e. Size).

Á hinum flípanum má skilgreina að myndskleiðið skuli spila endalaust (e. Loop) og að það spili sig sjálfkrafa (e. Auto play) þegar vefsíðan er skoðuð.



Þetta eru helstu stillingarnar sem velja þarf fyrir Flash myndskleiði. Rétt er að benda á að á <http://www.isbok.is> finnurðu upplýsingar um Flash bækur höfundar en hann hefur kennt Flash vinnslu síðan árið 2000.



Innsláttarform

Með *Insert - Form* má setja innsláttarform í vefsíðurnar. Vefsíða með einföldum form innslætti gæti verið með reitum þar sem lesandi síðunnar gefur upp tölvupóstfang sitt, skrifar nokkrar línur af texta sem með *Senda* hnappi má skipa heimasíðunni að senda áfram til umsjónarmanns vefsvæðisins.

Undir *Form* valliðnum birtist listi allra form þátta (e. Elements) sem nota má í formin. Fyrst þarf að setja inn „Form“ í síðuna og þá má setja aðra liði inn í formið. Hentugt er að draga út listann eins og hér er sýnt og gera stiku úr honum.



Hægri-smellir í vefsíðu og opnaðar formstýringar

Form Properties

Hægri-smellt er innan formsins og valið Form Properties til að opna samnefndan glugga. Þessi valmynd tilgreinir hvert senda skuli það sem notandi velur í formi.

„Send to“ er notað til að innsláttur fari í textaskrá og sé einnig sendur á netfang t.d. kerfisstjórans. „Send to database“ er notað til að innsláttur fari í gagnagrunn á sama vefþjóni og geymir vefinn. „Send to other“ er notað til að senda gögnin í t.d. tölvupósti eða á sérstakan gagnagrunnsmiðlara. Fyrir alla þessa þætti er best að hafa samsvarf við kerfisstjóra vefmiðlarans varðandi uppsetningu.

Sé smellt á Advanced hnapp opnast „Advanced Form Properties.“ Hér má skilgreina falin svið í forminu og tilgreina hvaða gildi þau skuli hafa. Slík svið sjást ekki á vefsíðunni en eru notuð til að senda sérstakar viðbótarupplýsingar með öðrum gögnum.

Form Options


Sé smellt á hnappinn Options í Form Properties opnast stillireitur sem hefur mismunandi eiginleika eftir því hvert formið skal senda gögn.

Myndin hér til hliðar birtist hafi verið valinn liðurinn „Send to“ í Form Properties. Þessi þáttur gerir ráð fyrir því að vefurinn sé geymdur á Microsoft IIS vefþjóni og hafi „Frontpage Extensions“ þáttinn virkan.

Þá má tilgreina að gögnin séu send á textaskrá og að einhver ábyrgur aðili fái tölvupóst í hvert sinn sem formið sé notað.

Flestar „Option“ stillingar hafa flipann „Saved Fields“ sem birtir öll þau svið sem formið geymir.

Hér má velja hvort gildi tiltekinna sviða skuli ekki send með þegar smellt er á staðfestingar hnapp í forminu.



Form Properties

Where to store results

☒ Send to

File name:

E-mail address:


☐ Send to database

☐ Send to other

Form properties

Form name:


Target frame:



Advanced Form Properties

Hidden fields

Name	Value
felureitur	"eittkvæð gildi"



Saving Results

File Results | E-mail Results | Confirmation Page | Saved Fields

File name:

File format:


☒ Include field names ☒ Latest results at end

Optional second file:

File name:

File format:

☒ Include field names ☒ Latest results at end



Options for Saving Results to Database

Database Results | Saved Fields | Additional Fields

Form Fields to Save:

Form Field	Database Column
felleguggi	heima
felureitur	pnir
R1	
S1	
T1	

Sé smeltt á „Send to other“ í Form Properties og síðan á „Options“ opnast þessi valmynd. Hér má velja tvo mikilvæga formþætti; GET og POST í *Method* línunni.

GET valliðurinn veldur því að formið sendir gildi sín til forrits (eða vefsíðu) með netfangs línunni í vafranum. Dæmi um slík form eru innskráningarform leitarvéla en þau nota GET.

Nokkrar takmarkanir eru á fjölda bæta sem senda má með þessari tækni. IIS þjónninn leyfir c.a. 2000 bæti en Apache 8000. Auk þess má bókamerka (e. Bookmark) síðuna með upplýsingunum, sem er slæmt ef send eru lykilorð.

POST valliðurinn veldur því að formið sendir gildi sín í HTTP haus (e. Header) vefsíðunnar. Dæmi um slíkt eru t.d. síður sem taka við greiðslukortanúmerum og síður sem taka við innsendum skráum (e. Upload).


„Action“ línan er notuð til að tilgreina hvert senda skuli gögnin og „Encoding type“ til að tilgreina að gögnin séu texti eða skrár.

Formþættir


Allir þættir (e. Elements) sem setja má í form hafa eiginleika (e. Properties) sem stilla má nánar. Rétt er að stilla þá alla og þá sérstaklega gefa þeim lýsandi heiti. Best er að nefna þætti með enskum rithætti og í stuttum orðum.

Myndirnar sýna hvar eiginleikar felli-vallista (e. Drop Down Box) eru stilltir af og valliðir settir inn í hann.




Síðasta myndin sýnir hvar sendihnappur (e. Submit) er stilltur af. Samskonar valmynd er notuð fyrir hnapp sem frumstillir form þ.e. hreinsar út innskrátt en þá er hann settur í „Button type“ *Reset*.



Form stillt á að senda gögn með tölvupósti.




Form stillt á að senda gögn til vefsíðuforrits (Script).



Önnur viðmót

Þegar unnið er með vefinn í heild sinni er auðvelt að missa sjónar á stærð hans og umfangi. Til þess að einfalda þessa vinnu og gera hana aðgengilegri eru önnur viðmót sem aðgengileg eru í gegnum „Web Site“ flipann efst til hægri.

Þá er auðvelt að hafa yfirsýn yfir fjölda síðna, mismunandi möppur sem geyma myndir og undirsíður, færa hluti af einum stað á annan, eyða hlutum eða smíða.



Sex viðmót þar sem notanda gefst kostur á að vinna með mismunandi þætti: Folders, Remote Web site, Reports, Navigation, Hyperlinks og Tasks.

Web Site viðmót

Í *Folders* sjást öll skjöl sem eru til staðar á vefsvæðinu, óháð því í hvaða möppu þau eru geymd. Allar skrár birtast í stafrófsröð vinstramegin. Síðan eru dálkar sem sýna: titil fyrir vafra (rápara), stærð í bætum, tegund skjals, hvenær síðast var hreyft við því, hver vann við það og athugasemdir (*Comments*).

Hægt er að breyta hvernig skjölin raðast með því að smella með músinni á heiti hvers dálks fyrir sig. Ef notandinn vill fá birtar allar síður eftir stærð þá smellir hann á *Size*, eru þá birtar minnstu síðurnar (í bætum) efst og svo stækkandi niður. Með því að smella aftur á *Size* snýst röðin við.

Þarna, eins og reyndar líka í öðrum viðmótum má smella á skrár og eyða þeim eða endurnefna þær. Einnig má tvísmella á skjal og opna til að breyta frekar í síðuritlinum.


Með því að hægri-smella á skrár og velja *Properties* má breyta ýmsum eiginleikum skráanna, svo sem titli, athugasemd eða efnisflokkun.

„General“ flipinn birtir slóð og stærð síðunnar og má breyta titli síðunnar hér.

„Summary“ flipinn birtir upplýsingar um hvenær síðan var smíðuð, henni breytt og hver gerði það. Hér má setja inn athugasemdir um skrána.

„Workgroup“ flipinn birtir upplýsingar um þá efnisflokka sem síðan tilheyrir og má breyta þeim hér. Einnig má hér velja hver skuli vinna við hana. Þessi eiginleiki nýtist best þar sem fleiri vefarar vinna við sama vefinn og hafa aðgang að honum með aðstoð ISS vefmiðlarans.


Sé smellt á Categories hnappinn má opna listann „Master Category List og bæði eyða út efnisflokkum og smíða nýja.



Skráaflutningur með Remote Web Site

„Remote Web Site“ viðmótið er ætlað til þess að koma vefnum á Netið. Til að opna þessa valmynd þarf annað hvort að músa á File - Publish Site eða á „Web Site“ flipann. Við fyrstu sýn gæti virst sem svo að um flókið fyrirbæri væri að ræða en svo er ekki. Aðal atriðin eru nokkuð skýr, vinstra megin er listi yfir öll gögn í vefnum og hægra megin er listi yfir þau gögn sem komin eru á netþjóninn.

Efst til vinstri er fellivalmyndin „View“ sem tilgreinir hvað skuli birtast vinstra megin. Hér er yfirleitt valið „Folder Contents“ og birtast þá öll gögn. Sé valið t.d. „Files to Publish“ má lista þær skrár sem hafa breyst síðan vefurinn var síðast settur á Netið. Með „Files not to Publish“ má sjá þær skrár sem ekki hafa breyst.



Séu allar skrár listaðar birtist blá píla framan við skráarheitið, til marks um að sú skrá muni færð yfir á Netið. Neðst til vinstri eru þrjár skipanir: „View your publish log file“ sem birtir lista yfir þær skrár sem voru færðar á Netið, „View your Remote Web site“ sem opnar vefinn af Netinu og „Open your Remote Web site in FrontPage“ sem leitast við að opna vefinn beint af Netinu í Frontpage.

Hægra megin eru hnappar sem tilgreina í hvaða átt skuli færa skrár: „Local to remote“ færir skrár af vinnutölvunni yfir á Netið, „Remote to local“ færir skrár af Netinu yfir á vinnutölvuna og „Synchronize“ leitast við að samræma á milli vinnutölvunnar og Netsins svo vefurinn sé sá sami báðum megin.

Efst til hægri má opna „Publish“ stillingar fyrir með hnöppunum „Remote Web Site Properties“ og „Optimize Published HTML“. Báðir hnapparnir opna sömu valmyndina.

Nauðsynlegt er að opna „Remote Web Site Properties“ í upphafi og skilgreina hvar á Netinu skuli vista vefinn og er um að ræða fjóra möguleika.

„FrontPage or SharePoint Services“ er fyrir tækni frá Microsoft sem styður mjög vel við vefsmíðatækni frá Microsoft forritum.

„WebDav“ er stöðluð og opin miðlaratækni sem styður allskyns gagnvirkni fyrir vefþjóna.

„FTP“ stendur fyrir *File Transfer Protocol* og er notað í langflestum tilvikum (sjá fremst í bók).

„File System“ er notað ef vefhönnuðurinn vinnur á sömu tölvu og vefþjónninn er inntur á.

Flipinn *Optimize HTML* er ætlaður til að hreinsa burt athugasemdir úr HTML kóta þeirra vefsíðna sem eru vistaðar á Netið.

Ýmsir gagnvirkir FrontPage eiginleikar (e. features) sem eru notaðir skilja eftir HTML athugasemdir í kótanum og notar forritið þessar athugasemdir til að finna staðsetningu þessara þátta í síðunum.




Sjálfgefna stillingin hreinsar þessa kóta út úr vefsíðum þegar þær eru settar á Netið. Er þetta fyrst og fremst til að gera óviðkomandi vefhönnuðum erfitt fyrir að rýna of náð ofaní kóta síðnanna.

Flipinn *Publishing* er fyrst og fremst ætlaður til að fínstilla hvaða skrár séu vistaðar á vefinn.


„Changed pages only,“ er sjálfgefin, og tiltekur að eingöngu séu vistaðar þær síður sem hafa breyst nýlega. Þetta stytir verulega þann tíma sem fer í að dagréttu (e. update) vefinn. „All pages ...“ tiltekur hins vegar að allar vefsíður á vinnutölvu hönnuðarins skuli dagréttar á vefnum.

Undir „Changes“ má stilla nánar hvort Frontpage samstilli vefsíður á milli vinnutölvunnar og netsins eftir uppruna-, og áfangastað, eða eftir dagsetningu síðustu vistunar.

Hér má einnig velja „Log changes ...“ svo FrontPage geri dagbók fyrir hverja dagréttingu.



FrontPage 2003





Vinstra megin er vinnutölva vefarans og hægra megin er vefþjónninn

Þegar *Publish* er framkvæmt, sérstaklega ef *Synchronize* aðgerðin er notuð lætur Frontpage vita ef ósamræmi er á milli gagna í vefsvæðinu á vinnutölvunni og netþjóninum. Myndin sýnir skilaboð þess efnis að skjalið *Blomabudin.htm* sé ekki til á vinnutölvunni en sé á Netinu, og býðst forritið til fjarlægja skrána.

Ýmis gagnvirkni og sérstök tækni frá Microsoft krefst þess að vefþjónninn hafi *Frontpage Extensions* (í. viðbætur) uppsett. Ennfremur skiptir máli, ef slík tækni er notuð, að þessar viðbætur breytast eftir útgáfum FrontPage.


Myndin sýnir skilaboð þess efnis að tvær síður í vefsvæðinu noti nýjustu Frontpage viðbæturnar en vefþjónninn í þessu tilfelli styður eldri útgáfu þeirra. Sé smellt á *Ignore and Continue* er vefurinn vistaður á þjóninn þrátt fyrir skilaboðin, sé smellt á *Cancel* er hætt við vistunina og má þá breyta síðunum.



Reportsviðmót

Þegar vefsvæði er orðið stórt getur verið gott að athuga stöðuna á síðum og öðru efni svæðisins. Í stórum vefsvæðum er auðvelt að missa yfirsýn.

Í „Reports“ viðmótinu er notuð fellivalmyndin „Site Summary“ samanber myndina.. Með henni má velja yfirlit yfir einstök svið vefsvæðisins. Þessi svið eru; allar skrár, myndir, ótengdar skrár, tengdar skrár, hægfara skrár, eldri skrár, nýlegar skrár, almenna tengla, óstaðfesta tengla, brotna tengla, tengla út fyrir vefsvæðið og innan þess, villuboð í *FrontPage* gagnvirkni, ófullgerð verkefni (*Tasks*) og ónotuð þemu (*Themes*). Einnig má fá efnisflokka, nýlega breyttar skrár og hver vinnur að hverju.





FrontPage 2003

Sé músað á Site Summary - Problems - Hyperlinks opnast glugginn hér til hliðar. Sé smellt „Yes“ skannar FrontPage alla tengla í vefnum og staðfestir hvort þeir séu heilir eða ekki. Þessi aðgerð getur tekið nokkra stund en sé smellt á No er hætt við hana.


Þegar aðgerðin lýkur sér af, er birt skýrsla um heila og rofna tengla (e. Broken Hyperlinks).

Birtir forritið þennan lista í dálkum með upplýsingum um hvert tengillinn vísar (stiklar), nafn vefsíðunnar sem hefur tengilinn og titil síðunnar. Smella má í titla þessara dálka til að endurraða skýrslunni eftir þeim dálk.



Hér hefur verið tvísmellt á einn brotinn tengil og kemur valmynd sem sýnir slóð tengilsins og hvar í vefsvæðinu (hvaða síðum) hann kemur fyrir. Þarna má rita nýja slóð og með *Replace* hnappi skipta út brotna tenglinum.

Ef sami tengillinn kemur fyrir í fleiri síðum en einni, birtast þær allar neðst í glugganum og má þá breyta tenglinum í viðkomandi síðum með einu handtaki. Sé smellt á *Edit page* er viðkomandi vefsíða opnuð til frekari vinnslu.




Navigation viðmót

Í þessu viðmóti leyfist notandanum að draga vefsíður úr listanum vinstra megin og inn á hægri gluggann. Myndast þá sjálfkrafa tengingar milli þeirra síðna sem dregnar eru.

Þegar síða er dregin yfir myndast gráleitt strik sem sýnir hvernig hún myndi tengjast þeirri næstu. Með því að draga vefsíðurnar til má ákveða hvernig þær tengjast innbyrðis. Hægt er að mynda mismunandi þrep og þannig flokka eftir því sem notanda sýnist hverju sinni.


Þegar tenging er búin til á þennan máta eru sérstök hnappasvæði sett sjálfkrafa inn á síðurnar í stað tengla (Shared Borders). Hnapparnir mynda síðan nöfn í samræmi við titla síðnanna. Með titli síðunnar er átt við þann titil sem skilgreindur er fyrir titillínu vefskoðarans en ekki raunverulegt nafn skjalsins sem myndar síðuna. Með því að smella á táknmynd síðunnar og styðja á F2 á hnappaborði má breyta þessum titlum. Með sömu aðferð má breyta nöfnum skrána í listanum vinstra megin.



FrontPage 2003

Eyða má út tengingum í þessum glugga með því að smella á tákn síðnanna og velja *Delete*.

Kemur þá valmyndin hér til hliðar, sem spyr hvort eigi að eyða síðunum út af *Navigation* hlutanum eða endanlega úr vefsvæðinu.



Þegar Navigation er notað til að tengja vefsíðurnar, birtast tenglarnir efst og hægra megin í vefsíðunum.


Sé músað á Tools - Site Settings opnast samnefndur gluggi. Á flípanum „Navigation“ má skilgreina hvað FrontPage nefnir fjóra staðlaða tengla í Navigation tenglaröðinni.

„Home page“ er fyrsta eða efsta síðan í röðinni.

„Parent page“ er síðan ofan við virka síðu.

„Previous page“ virkar eins og „Back“ hnappurinn í ráðaranum.

„Next page“ virkar eins og „Forward“ hnappurinn í ráðaranum.



Samnýttir jaðrar

Þegar tengingar eru búnar til með *Navigation* eru sjálfkrafa settar inn tengingar í þær síður sem tengja skal. Er þetta gert með því að á hverri síðu á vefnum er gert virkt svæði sem kallast *Shared Borders*.

Shared Borders má stilla af með skipuninni Format - Shared Borders. Sé skipunin óvirk má virkja hana með eftirfarandi hætti: Músa á Tools - Page Options - Authoring og merkja við í „Shared Borders“ gátreitinn.

Í Shared Borders glugganum má ákveða hvaða svæði vefsíðunnar innihalda þessa eiginleika.




Síður sem eru hlið við hlið í *Navigation* hluta eiga yfirleitt tengla á efsta hluta síðunnar en vefsíður sem tengjast niður í næsta þrep niður á við eru oftast hægra megin.

Tenging fyrir næstu síðu fyrir ofan og næstu síðu á undan í tengingum koma einnig fyrir efst á síðunni.

Í Shared Borders má velja að tengla-jaðrar geti verið á öllum jöðrum vefsíðunnar, efst, neðst, hægra-, og vinstra-megin.


FrontPage á að meðhöndla þessa virkni alveg sjálfkrafa. Neðsti hluti síðunnar er síðan fyrir texta sem skal vera sameiginlegur á öllum síðum. *Home*, *Back*, *Up* og *Next* hnappana má íslenska með aðgerðinni Tools - Web Settings - Navigation.

Sé smellt á „Border Properties“ hnapp í Shared Borders opnast samnefndur gluggi. Með honum má velja hvern jaðar fyrir sig með fellivalmyndinni „Border“ og stilla bakgrunnslit og bakgrunnsmynd fyrir þann jaðar.




FrontPage 2003

Til þess að setja samnýtta jaðra inn í vefsíðuna þarf að músa á Tools - Web Component. Opnast þá samnefndur gluggi og þarf að músa á „Link Bars“ efnisflokkinn, og velja þar „Bar based on navigation structure.“ Velja þarf „Next“ til að halda áfram.



Þegar smellt hefur verið á Next hnapp er boðið uppá lista af útliti fyrir jaðrana og er um nokkuð langan lista að ræða. Aðeins er hægt að velja einn stíl.



Í þriðja skrefi er í boði að skella jaðrinum efst í vefsíðuna eða hægra megin á henni.


Ekki er um fleiri skref að ræða og smellt er á „Finish“ til að setja jaðrana inn í síðuna.

FrontPage á að setja jaðrana sjálfkrafa inn í þær síður sem hafa verið tengdar í Navigation viðmóti en fyrir ótengdar síður þarf að nota þessa aðferð.

Þegar búið er að setja jaðra inn á síðuna opnast sjálfkrafa „Link Bar Properties“ gluggi. Hér má velja hvernig jaðrarnir eru notaðir þ.e. hvort á þeim sé tengihnappur fyrir upphafssíðu (Home) eða á vefsíðu ofanvið virka síðu (e. Parent).

Efst til vinstri er mynd sem sýnir hvernig hnappar eru settir inn á síðuna. Þar við hliðina eru einvalshnappar (e. Radio buttons) fyrir mismunandi uppraðarnir. Neðst til hægri er lýsing á litum myndarinnar.


Til að opna gluggann aftur þarf að tvísmella á þá jaðra sem eru komnir inn á vefsíðuna.



Hyperlinksviðmót


Við hlið Navigation viðmótsins er *Hyperlinks*. Þetta er einfalt notendaviðmót sem nota má til að sjá tengingar innbyrðis í vefsvæðinu, hvaða myndir eru tengdar á síðunum, hvaða síður innihalda pósttengla og hvaða tenglar fara út fyrir vefsvæðið.

Hægra megin á skjánum er listi yfir allar síður í vefsvæðinu og sé smellt á einhverja þeirra birtist hún hægra megin. Þá birtist jafnframt mynd af þeim tengingum sem koma inn á hana og fara frá henni. Hver táknmynd fær þá lítið plús-merki (+) og sé smellt í það birtist hvernig sú síða tengist í aðrar.



Hægt er að hægri-smella á hvaða skjal sem er. Þá er hægt að eyða skjalinu, velja að opna það í FrontPage eða fá frekari upplýsingar (Properties).

Stundum borgar sig að velja skipunina Tools - Recalculate Hyperlinks. Er þá hver einasti tengill innan svæðisins kannaður og lagfærður ef þess þarf. Þegar vefsæði inniheldur mikið magn síðna og mikið af tenglum getur þetta borgað sig. Einnig ef vefsvæðið er fært til innan tölvunnar, eða sótt af vefnum inn á nýja tölvu.




Tasksviðmót

Þægilegt getur verið, sérstaklega þegar vefsvæði verður sífellt stærra, að setja minnismiða (Task) við einhverja síðu.



Vefsíðan er valin og gefin skipunin File - New - Task. Þá kemur gluggi eins og hér til hliðar þar sem Task verkefnið fær nafn og lýsing er gefin á því verki sem vinna skal. Það er þá tengt viðkomandi síðu.

Á stærri myndinni sést í Task hlutanum listi yfir öll þau verkefni sem úthlutað hefur verið, hvaða síðum þau tengjast, hvort þeim hefur verið lokið eða ekki, hvenær þau voru búin til og hver gerði þau.



Task viðmótið

Búa má til ófullgerða síðu í *Task* með því að gefa skipunina File - New - More page templates og í „Page Templates“ glugga merkja við Just add web task, er þá vefsíðan búin til og sett inn lýsing fyrir hana í *Task* viðmótinu. Nú má vinna verkið úr *Task* hluta með því að velja viðkomandi síðu og músa á Edit - Task - Start.





Þá kemur valmyndin *Task Details* þar sem notandi getur gefið frekari verklýsingu eða smellt á hnappinn *Start Task* til að opna hana í *Page* viðmóti.

Þá er því breytt sem var rótin að *Task* úthlutuninni. Þegar vefsíðan er að því loknu vistuð með File - Save kemur valmynd sem leyfir að merkja *Task* verkið sem fullunnið (Yes) eða ekki (No).

Sé valið Yes kemur lýsingin *Completed* fremst í viðkomandi línu í *Task*, ef valið er No kemur lýsingin *In progress* fremst í sömu línu.

Hvenær sem er má smella á verk sem er orðið úrelt og velja *Delete*. Þá er spurt hvort óhætt sé að eyða verkefnalýsingunni úr listanum.


Stundum er gott að gefa skipunina View - Refresh til að uppfæra listann, falla þá úr listanum öll verkefni sem lokið er við. Á það reyndar við vinnu í öllum viðmótum *FrontPage* að eftir *Refresh* skipun sést ástand vefsins á hverri stundu.



Themes

Hægt er að hafa sjálfkrafa útlit á síðum með Format - Theme. Mörgum finnst ofaukið að eyða miklum tíma í útlit síðnanna sjálfra enda sé efnið aðalatriðið. Þá er þægilegt að fá möguleika á tugum sjálfvirkra útlitsstillinga eða þema (e. Themes).


Til að auðvelda valið er smellt á nafn einhvers þema í listanum og virkjust þá útlitið á síðuna sem er opin. Sé smellt í pílutáknið hægra-megin á smámynd einhvers þema má velja hvort það verki á opnu síðuna (Apply to selected page) eða á allar vefsíður vefsins (Apply as default theme).




Eins má með því að smella á píluna hægra megin í smámynd einhvers þema og valin skipunin „Customize“ má opna *Customize Theme* gluggann.

Þessi gluggi leyfir stillingar á litum (Color), myndum (Graphics) og lettri (Text) fyrir það þema sem smellt er á.

Með þessum hnöppum má breyta lita-samsetningu og myndum í þemanu og búa til sín eigin.





Ef valið er að eitthvert þema verki á allt vefsvæðið kemur þessi viðvörðunargluggi þess efnis að öll útlismótun sem unnin hafi verið á stökum síðum muni hverfa.

Breyting tilvísana

Einn kostur er við *FrontPage* sem fyrir vefarann getur verið ómetanlegur er sjálfkrafa breyting tengla. Eðli tengla er að þeir eru settir inn á vefsíður til að smellt sé á þá og komi þá ný vefsíða á skjáinn.



Það sama á við þegar mynd á að birtast á síðu. Aðeins er settur inn tengill sem vísar í myndina. Tengda skjalið þarf að vera tilbúið inni á vefsvæðinu.

Ef myndin eða vefsíðan sem vísað er til færist úr stað, þá mun tengillinn ekki lengur vísa rétt þegar smellt er á hann. Lesandinn fær þá aðeins tilkynningu um að síðan eða skjalið finnst ekki.

Áður fyrr ef skipt var um nafn á skjali sem tengill vísaði á eða það fært til inn í aðra möppu. Þurfti að opna hvert skjal sem vísaði á viðkomandi skrá og breyta tengla-kótanum handvirkt. Ef endurskipuleggja þurfti vefsvæði og ef um mörg skjöl og tengla var að ræða gat þetta verið mjög úmafrek vinna.

Þegar heiti eða staðsetningu skráar er hins vegar breytt í *FrontPage* kemur gluggi með skilaboðum um þær síður sem vísi á hana með tenglum. Þýðst notanda að velja hvort öllum tenglum sem vísa á viðkomandi skrá sé breytt sjálfkrafa (Yes) eða hvort notandi geri það sjálfur síðar (No). Einnig má velja Cancel til að hætta við allar breytingar skjals.

Ef valið er Yes þá kemur gluggi með tilkynningu um að breytingar standi yfir. Ef skrá er færð til innan vefsvæðisins, er sjálfkrafa breytt öllum tilvísunum í hana og frá.



Innflutt efni

Oft er nauðsynlegt að sækja skrár sem unnar hafa verið í öðrum forritum. Þessi möguleiki er einnig aðgengilegur með File - New - Page or Site sem fjallað er um annarsstaðar í bókinni.

Hér er músað á File - Import. Kemur þá upp gluggi þar sem velja má um þrjár skipanir:

Add file (Sækja staka skrá).

Add Folder (Sækja vefsvæði á tölvuna).

From Site (Sækja vefsvæði á vefinn).

Á *Import* valmyndinni er búið að velja af harða diskri tölvunnar tvær skrár. Þegar smellt verður á *Ok* koma skrárnar inn á vefsvæðið. Með *Remove* hnappi er hætt við innflutninginn.

Vefsvæði sótt

Sé smellt á „From Site“ opnast „Import Web Site Wizard“ gluggi. Hér þarf að velja frá hverskonar vefþjóni skuli sækja vefsvæðið en algengast er að nota *HTTP*. Í línuna „Web Site Location“ þarf að slá inn slóð að vefsetrinu eins og hún myndi birtast í rápara (vafra) og því næst á *Next*.

Á næsta glugga má velja að sótt vefsetrinu sé bætt við þann vef sem unnið er við (Add to current Web Site). Sé merkið tekið úr þeirri skipun virkjust lína þar ofan við sem nota má til að tilgreina staðsetningu sóttar vefsins á tölvunni.





Smella þarf í „Encrypted connection required (SSL)“ ef sóttur er vefur á öruggan vefþjón sem varinn er með „Secure Sockets Layer.“

Næsti gluggi tilgreinir nánari stillingar fyrir þær skrár sem má sækja:

„Import the home page plus linked pages“ tilgreinir að forsíða vefsins sé sótt og allar síður sem tengjast út frá henni. Með því að tilgreina tölu hér má takmarka hversu mörg þrep tenginga skuli lesin inn.

„Import maximum of“ leyfir stillingu á hversu mörg bæti skuli sótt. Þetta er notadrjúgt ef í ljós kemur að sótt vefsetrið væri t.d. 100 MB og aðeins væri óskað að sækja helming þess.

„Import only HTML and image files“ tilgreinir að eingöngu séu sóttar myndir og vefsíður en ekki t.d. forrit sem kunna að leynast í sóttu setrinu.



Ýmsar stillingar

Með því að gefa skipunina Tools - Options má fá stilliglugga með fimm flipum.

General

Hér er valið hvort verkrúðan (e. Task Pane) birtist við opnun Frontpage og hvort opnaður sé sami vefurinn sem síðast var unnið í.





Þá er stillt hér að FrontPage athugi að það sé aðal ritþór heimasíðna og að síður búnar til í öðrum *Microsoft Office* forritum séu þá unnin áfram í þeim.

Stilla má hvort upplýsingalínan (e. Status bar) sé sýnileg eða ekki og að viðvaranir vegna gamals efnis og gagnvirkra hluta séu virkar svo og viðvaranir þegar þemu eru sett inn á vefinn. Þarna má einnig stilla *Proxy* stillingar fyrir Internet tenginguna.

Configure Editors flipinn

Hér má velja hvaða forrit er notað til að opna skrár. Vinstra megin er listi yfir allar skráategundir sem Frontpage þekkir. Hægra megin er listi forrita sem vinna með hverja tegund fyrir sig.

Ofan við vinstri listann eru þrír hnappar til að vinna með tendingar skráategunda: „New Extension“ opnar glugga sem býr til nýja tegund og leyfir val á forriti sem vinnur með endinguna. „Modify Extension“ leyfir að stafsetningu valinnar endingar sé breytt. „Delete Extension“ eyðir út þeirri endingu sem valin er.



Hér er stillt af að Adobe Photoshop sé notað til að opna myndir úr Frontpage. Ofan við forritalistann eru tveir hnappar til að eyða út forritum úr listanum og bæta inn nýjum.

Reports View

Hér er er *Reports* viðmótið stillt á grunnstillingar. Hvenær hættir skrá að vera nýleg skrá (e. Recent), hvenær er skrá orðin gömul (e. Older), hvenær er skrá orðin þung (e. Slow) og hver er viðmiðunarhraði í slíkri þyngdar-mælingu (e. Kbps).

Kbps stendur fyrir „Kilobits per second“ eða þúsund bita á sekúndu. Til samanburðar er eitt bæti sett saman úr 8 bitum.

FTP

FTP flipinn er til þess að tilgreina hvernig „Publish“ aðgerðin í Frontpage færir skrár á milli vinnutölvunnar og netþjónsins.




Sé skráarending sett hér í listann eru skrár með þeirri endingu færðar sem texti en séu skrár í vefsetrinu sem ekki birtast hér, eru þær sendar á tvíundar sniði.

ASP.NET

Hér má taka fram hver sé staðsetning grunnþátta fyrir ASP.NET tækni sem vefsetrið notar, ef um hana er að ræða.

Efri línan er fyrir sjálfgefna staðsetningu ASP.NET grunnþátta en sú neðri fyrir staðsetningu grunnþátta sem séu sérstakir fyrir það vefsvæði sem unnið er við.

Ef nota á þessa þætti þarf fyrst að setja upp „Microsoft .NET Framework“ á tölvunni. Þá mætti nota „Database Interface Wizard“ til að setja upp ASP.NET vefsvæði sem verkaði gagnvirkir t.d. á MS SQL server.




Frontpage Extensions

FrontPage Extensions eru hugbúnaðarviðbætur á netþjóni (miðlara) til þess að styðja við vefi með gagnvirkum eiginleikum eins og fyrirspurnar- og skráningarformum, teljurum, gestabókum, gagnagrunnsviðbótum og ýmsum öðrum gagnvirkum eiginleikum.

Til þess að nýta sér slíka þætti er yfirleitt settur upp Frontpage vefur á „Internet Information Server“ sem fylgir bæði „Windows 2000 Server“ og „Windows XP Professional.“ Einnig má setja upp þessar viðbætur á Unix/Linux vefþjónum en þarf þá að niðurhala þeim sérstaklega frá www.microsoft.is.


Frekari stillingar

Með Tools - Page Options má fá stillisþjald til að afrétta ýmsar grunnstillingar í *FrontPage*.




General

Hér má velja að *FrontPage* noti sérkótun til að stilla af hluti á síðum, viðhalda sjálfkrafa formhlutum innan formsvæða. Hér má einnig gera stafsetningarleiðréttingu óvirka og velja sjálfgefið tungumál fyrir vefsíður.




AutoThumbnail

Hér má setja grunnstillingar fyrir *AutoThumbnail* sem nota má fyrir stórar myndir. Stórri mynd sé breytt í smá-mynd (e. Thumbnail) á vefsíðu en sé jafnframt tengill í þá stærri.




Default Font

Hér er ákveðið fyrir hvaða tungumálasvæði síðurnar skuli kótaðar. Sjálfgefið er vestur-evrópskt tungumálasvæði.




Code Formatting

Grunnstillingar fyrir ritun á kóta s.s. að dálka-innsláttur sé ritaður með orðabilum og ívafsheiti og breytuheiti séu í lágstöfum fyrir XHTML samhæfni.




Color Coding

Hér er valið hvernig HTML flipinn í *Page* viðmótinu litamerkir við kótun til að gera hana læsilegri.




Authoring

Hér má virkja „SharePoint“ þætti sem krefjast þess að vefurinn sé á „Microsoft SharePoint“ vefþjóni, velja hverjir séu aðal ráparar til að skoða vefinn og hvort vefurinn noti ýmsa „Frontpage Extensions“ þætti.




Picture

Hér er sjálfkrafa valið að 256 lita myndir verði vistaðar með .gif sniði og myndir með meiri litadýpt með .jpg sniði. Breyta mætti þessu yfir í .png snið sem styður bæði 256 lita myndir og 16.7 milljón liti.




Code Snippets

Hér finnst listi yfir fáein kótabrot sem skella má inn í HTML kóta vefsíðna með því að rita inn orðið í *Keywords* listanum og slá inn Ctrl+Enter. Með *Add* hnappi má bæta inn nýjum kótabrotum. Með *Modify* hnapp má sníða þessi kótabrot til.



Ruler and Grid

Hér má setja upp grunnnet fyrir síðu-hönnun (e. Design) sem auðveldar staðsetningar á þáttum í vefsíðunum þegar unnið er með útlit þeirra.




IntelliSense

Hér má fínstilla HTML hegðun í kótavinnslu s.s. að gildi fyrir ívafsbreytur sé ávallt sett innan tvíhöggs (enskar gæsalappir) og að þegar ívaf er opnað sé því sjálfkraf lokað.

9. æfing - lifandi hlutir

- A) Opnaðu síðasta vef og hafðu *index.htm* opna. Veldu fyrirsögn síðunnar gefðu skipunina Insert - Web Component - Dynamic Effects - Marquee. Vegna þess að fyrirsögnin var valin kemur hún sjálfkrafa inn á valmyndina. Stílltu í samræmi við myndina.

Vistaðu síðuna og skoðaðu árangurinn í ráparanum. Gerðu þetta við allar síður í vefsvæðinu og prófaðu að breyta stillingum fyrir hverja síðu.



- B) Settu textabendilinn neðst á *index* síðuna og gefðu skipunina Insert - Web Component - Web Search - Current Web.

Í valmyndinni sem upp kemur skaltu setja eftirfarandi:


Label for Input: Leita að.


Width in Characters: 30.

Label for "Start Search" Button: Hefja leit.

Label for "Clear" Button: Endurstilla.

Þá kemur inn leitarform á síðunni sem leyfir að leitað sé innan vefsvæðisins að hverju sem er.





- C) Settu nú textabendilinn í sömu línu og tenglarnir á síðunni. Gefðu skipunina Insert - Web Component - Dynamic Effects - Interactive Button.



Í *Text* skrifarðu Ferðalög, því næst smellir þú á Browse hnappinn aftan við *Link* línuna og smellir á *ferdalog.htm*. Smelltu á *Font* og stilltu *Font style* á Bold og *Size* á 15. Smelltu á OK.

Veldu hnappasnið á *Button* flipa og veldu liti á *Font* flípanum undir „Original Font Color“, „Hovered Font Color“ og „Pressed Font Color“.


Prófaðu útkomuna í ráparanum áður en þú velur endanlegt útlit.

- D) Settu nú hnapp með samskonar stillingum í stað hinna tenglanna á síðunni og vistaðu hana. Búðu einnig til hnapp sem tengist *index.htm*.

Gerðu eins við aðrar síður vefsvæðisins t.d. með því að afrita hnappana úr þessari síðu með *Copy* og *Paste*.




FrontPage 2003



Þeger þú hefur notað „Interactive Button“ máttu búast við því að Frontpage visti fjölda mynda inn í vefsvæðið. Best er að hafa sérstaka möppu fyrir þessar myndir.


- E) Búðu nú til tóma síðu með nafninu og vistaðu sem *fotur.htm*. Afritaðu með hnappana úr *index.htm* með Edit - Copy/Paste inn á þessa síðu og vistaðu hana.

Opnaðu því næst hverja síðu fyrir sig eyddu út hnöppunum neðst og gefðu í staðinn skipunina Insert - Web Component - Included Content - Page. Smelltu á Browse og veldu *fotur.htm*. Þá mun fóturinn birtast eins í öllum síðum og ef þarf að breyta honum síðar, er nóg að opna *fotur.htm* og breyta þar.



10. æfing - samskiptaform

- A) Opnaðu síðasta vef, búðu til nýja síðu og vistaðu hana sem samskipti.htm. Búðu nú til tengihnapp (Interactive Button) í hana og settu í *fotur.htm*.
 Á síðunni *samskipti.htm* skaltu nú búa til töflu með 6 línum og 2 dálkum.
Allir aðrir þættir sem eru notaðir í þessu verkefni fást með skipuninni Insert - Form. Best er að færa Form stikuna út á vinnusvæðið eins og sést á myndinni.




- B) Settu bendilinn ofarlega í síðuna veldu Insert - Form - Form og sláðu svo inn Enter nokkrum sinnum.

Nú er komið innsláttarform á síðuna með „Submit“ og „Reset“ hnöppum. Formið sést best á því að punktalína umlykur það.

Settu bendilinn ofarlega í formið, sláðu inn textann „Samskiptaform“ og síðan Enter.

Veldu því næst Check Box til að fá gátreit á síðuna. Sláðu inn texta aftan við reitinn samanber myndina. Þetta þarftu að gera þrisvar til að fá sama útlit og sést hér.



- C) Passaðu að hafa hnappinn *Submit* neðst í forminu.

Settu í næstu One-Line Text box, eyddu hnöppunum og skrifaðu Tölvupóstfang aftan við reitinn.

Í næstu línu seturðu *Drop-down Menu* og skrifa þar aftan við Eðli samskipta.

Hægri-smelltu á sviðið og veldu „Form Field Properties“ til að fá valmyndina hér við hliðina. Skrifaðu Vallisti í *Name* sviðið og smelltu á *Add* til að fá *Add Choice* valmynd.

Settu inn þrjú atriði:

1. Choice = Svar óskast, Selected.
2. Choice = Ekki svara. Veldu *Not Selected*.
3. Choice = Upplýsingar óskast.

Smelltu á OK til að loka *Drop Down Menu Properties* valmyndinni.

Choice	Selected	Value
Ekki svara	Yes	
Svar óskast	No	
Upplýsingar óskast	No	

- D) Í næstu línu seturðu *Text Area*. Eyddu hnöppunum og hægri-smelltu á reitinn og veldu *Form Field Properties* til að fá valmyndina hér til hliðar.

Stilltu *Width in Characters* á 40 og *Number of lines* á 3. Smelltu á OK.

- E) Fyrir „Submit“ og „Reset“ hnappana skaltu nú setja eftirfarandi *Properties* stillingar:

Reset:

Name = Hreinsihnappur,

Value/Label = Hreinsa,

Button type: Reset.

Submit:

Name = Sendihnappur,

Value/Label = Senda,

Button type: Submit.

- F) Hægri-smelltu í forminu og veldu *Form Properties* til að stilla form hegðunina og tryggja að upplýsingar sem slegnar verða inn í reitina verði sendar inn.

Hér má setja inn tölvupóstfang þess sem skal fá sendar niðurstöðurnar eða velja að þær séu vistaðar í textaskrá á vefsvæðinu (*Frontpage Extensions* krafist).

Einnig má senda upplýsingarnar á vefforrit hjá www.isbok.is/aitarefni/ (sjá neðst í vefsíðunni þar).

Veldu „Send to other“ í *Form Properties* og smelltu því næst á „Options.“

Settu inn slóðina

„<http://www.isbok.is/forskriftir/fptut.asp>“ í *Action* línuna og veldu GET í *Method* línunnni.

Að síðustu seturðu töflu í síðuna (innan formsins) og tryggir að form-sviðunum sé raðað snyrtilega upp.


Dæmi um hvernig stilla má formið á að senda upplýsingar með tölvupósti.

HTML kóti formsins hjá höfundi við gerð bókarinnar:

```
<form method="GET" action="http://www.isbok.is/forskriftir/fptut.asp">
<p><input type="checkbox" name="vefa_gaman" value="ON"> Mér finnst gaman að
vefa</p>
<p><input type="checkbox" name="grafik_gaman" value="ON">Mér finnst gaman að
grafíkera</p>
<p><input type="checkbox" name="gruska_gaman" value="ON">Mér finnst gaman að
grúska</p>
<p><input type="text" name="netfang" size="20"> Tölvupóstfang</p>
<p><select size="1" name="vallisti">
  <option selected>Ekki svara</option>
  <option>Svar óskast</option>
  <option>Upplýsingar óskast</option>
</select>Eðli samskipta</p>
<p><textarea rows="3" name="athugasemd" cols="40"></textarea></p>
<p><input type="reset" value="Endursetja" name="Hreinsihnappur">
  <input type="submit" value="Senda" name="Sendihnappur"></p>
</form>
```

```
<form
  method="POST"
  | enctype="text/html"
  action="mailto:ekkitil@isbok.is"
  onSubmit="location.href='_derived/northbots.htm';return false;" webbot-onSubmit>
  <p><input type="checkbox" name="vefa_gaman" value="ON"> Mér finnst gaman að vefa</p>
  <p><input type="checkbox" name="gaman_grafik" value="ON">Mér finnst gaman að grafíkera</p>
  <p><input type="checkbox" name="gaman_gruska" value="ON">Mér finnst gaman að grúska</p>
  <p><input type="text" name="netfang" size="20"> Tölvupóstfang</p>
  <p><select size="1" name="vallisti">
    <option selected value="ekki-svara">Ekki svara</option>
    <option>Svar óskast</option>
    <option>Upplýsingar óskast</option>
  </select>Eðli samskipta</p>
  <p><textarea rows="3" name="athugasemd" cols="40"></textarea></p>
  <p><input type="reset" value="Endursetja" name="Hreinsihnappur">
  <input type="submit" value="Senda" name="Sendihnappur"></p>
</form>
```

Litmynd af kóta höfundar



Lokaútlit með kóta

11. æfing - Rammasíður



- A) Opnaðu síðasta vef og gefðu skipunina File - New | More page templates.

Á „Page Templates“ valmyndinni velurðu flipann *Frames Pages*.

Veldu *Contents* og smelltu á OK. Nú er sjálfkrafa búin til rammasíða með tveimur römmum.

Smelltu á báða *New Page* hnappana sem birtast. Eru þá settar inn tvær tómar síður.


Smelltu nú á hægri rammann svo hann sé valinn. Með skipuninni Insert - File skaltu finna *index.htm* í vefnum og smella á Open þegar hún finnst. Er þá aðalforsíða vefsins lesin inn í hægri gluggann.



- B) Opnaðu nú *fotur.htm* og dragðu hnappana yfir á vinstri rammann. Haltu Ctrl á meðan þú dregur til að afrita hnappana.


Hnapparnir eru settir hver neðan við annan og slegið inn Shift + Enter aftan við hvern þeirra.

Lokaðu síðan *fotur.htm* með File - Close.




- C) Gefðu nú skipunina File - Save. Vistunin fer fram í þremur skrefum enda þrjár síður í gangi: rammasíðan, vinstri síðan og sú hægri síðan.

Vinstri hlutanum skal gefa nafnið
vinstri.htm.






Hægri hlutanum skal gefa nafnið
forsida.htm.



Aðal ramminn skal heita index.htm.

Ef spurt er hvort skrifa eigi ofan í þá
gömlu skaltu smella á Yes.






- D) Nú skaltu smella með hægri músarhnappi á hvern hnapp í vinstri hluta og velja Button Properties. Smelltu á *Browse* hnapp og síðan Target Frame.

Smelltu ákveðið á myndina af hægri síðunni og birtist þá *Main* undir „Target setting.“ Fyrir *Heim* hnappinn ætti að velja *Parent Frame* eða *Whole Page*.

Þetta er til þess að allir tenglar í vinstri hlið kalli upp síður í hægri hlið. Hægri smelltu í hvorri síðu fyrir sig og veldu *Frame Properties*. Skoðaðu einnig innihald flipanna neðst á skjánum, sérstaklega „No Frames.“ Að endingu ættirðu að setja vefinn á Netið.



Orðalisti

BENDILL:	Með bendli er átt við textabendil í textasvæðum þar sem texti er skrifaður . Einnig músarbendilinn sem er notaður til að smella á eða velja hluti.
BLOKKA:	Sjá <i>Velja</i> .
BREYTA:	Breyta er heiti á gildi sem getur tekið breytingum yfirleitt innan viss ramma.
ÍVAF:	Þetta er íslenskun á enska hugtakin <i>Tag</i> samkvæmt íslenska tölvuorðasafninu.
FAVORITES:	Slóðum í vefsíður á Netinu er gjarnan safnað í lista sem kallast <i>Favorites</i> (Internet Explorer) og er til þess að geta heimsótt síðurnar aftur. Aðrir ráparar nota heitið <i>Bookmarks</i> .
HARÐUR DISKUR:	Aðaldiskur tölvunnar til að vista gögn á. Diskar eru alltaf auðkenndir í <i>My Computer</i> með drifbókstöfum. A: er disklingadrif, C: er harði diskurinn, D: er geisladrif.
HÁSTAFIR:	Upphafsstafir. T.d. sé stutt á <i>Caps Lock</i> lykilinn á lyklaborðinu koma eingöngu hástafir.
HTML:	Ívafsmál e. <i>Hyper Text Markup Language</i> skammstafað HTML. Mál sem vefsíður eru ofnar með.
LÁGSTAFIR:	Litlir stafir. Sé vélritað koma venjulega lágstafir en sé <i>Shift</i> (hásta-falykli) haldið niðri kemur hástafur.
LESANDI:	Í þessari bók þegar talað er um lesanda er átt við þann sem skoðar og les vefi á Netinu, einnig notandi.
MB, KB:	Megabæti, kílóBæti. Í tölvum er umfang gagna mælt í stærðareiningunni bæti og er miðað við bókstaf. 1 Bæti = 1 bókstafur.
Mb, Kb:	Megabiti, kílobiti. 1 bæti er gert úr 8 bitum. B=bæti, b=biti. Mælieiningarnar mega og kíló þekkja flestir.
NETFANG:	Notandanafn notanda á netþjóni. Skiptist oftast í nafn notanda og nafn tölvu svo og skilgreiningu svæðis. Dæmi: notandi@nafntolvu.is
VEFFANG:	Slóð (e. Address, URI) að vefsíðu eða vefsetri á Lýðnetinu.
NOTANDI:	Í þessari bók er oft talað um notanda. Er þá átt við þann sem er að nota bókina og/eða <i>FrontPage</i> til að setja saman vef, en ekki notanda á vefnum.
OPNA:	Þegar eitthvað er opnað er átt við að vera í forriti og opna skjal sem unnið er í viðkomandi forriti með <i>File - Open</i> .
PÓSTTENGILL:	Venjulegur tengill að flestu leyti, en þegar smellt er á hann opnast tölvupóst-forritið og er tilbúið að senda póst í það netfang sem tengillinn vísar til.
RAMMAR:	Rammasíða er sérstök HTML síða sem ekki sést á skjá heldur sækir aðrar síður og raðar þeim í sérstakar rammastillingar á skjá notandans.
RAMMASÍÐA:	Vefsíða sem birtist innan ramma.
RITILL:	Hvert það forrit sem leyfir notanda að skrifa inn upplýsingar og vista á einhverju formi. Til dæmis er <i>FrontPage</i> vefsíðuritill. <i>Notepad</i> forritið í <i>Windows</i> er textaritill án umbrots og leturbreytinga.

RÓT:	Rót er þar sem möpputré tölvu eða svæðis byrjar eða á upphaf sitt. Til dæmis er C:\ drifið rót að öllum möppum sem koma þar út frá, <i>My Computer</i> er rót fyrir öll drifin í tölvunni. Mappa getur verið rót fyrir þær möppur sem koma þar út frá.
RÆSA:	Þegar eitthvað er ræst er átt við að fá á skjáinn og gera virkt það forrit sem ætlunin er að vinna í.
SÉRISLENSKIR:	á, ð, é, í, ó, ú, ý, þ, æ og ö. Bæði í lágstöfum og hástöfum.
SKJÁFYLLI:	Með skjáfylli er átt við þegar efni sem unnið er með nær útfyrir skjámyndina og nota þarf flettistikur í brún gluggans til að skruna útfyrir gluggamörkin.
SLÓÐ:	Skilgreining hvar t.d. heimasvæði finnst á Netinu. Slóðin www.isbok.is vísar til heimasvæðis Ísbókar. Einnig er oft talað um slóð þegar talað er um hvar tiltekin skrá finnst á harða diskum tölvunnar. Í slóðum fyrir heimasvæði eru séríslenskir stafir ekki leyfðir.
URI:	<i>Uniform Resource Identifier</i> . Hugtak fyrir slóð heimasíðu, yfirleitt kallað <i>Location</i> eða <i>Address</i> á ensku. Áður kallað URL eða <i>Universal Resource Locator</i> .
RÁPARI:	Forrit til að skoða vefsíður. Algengustu forritin eru <i>Internet Explorer</i> , <i>Mozilla Firefox</i> og <i>Opera</i> . Íslenskt töluorðasafn nefnir þetta hugtak Rápari, sem er íslenskun enska orðsins <i>Browser</i> . Algengt slangurorð er orðið <i>Vafri</i> sem að öllum líkindum mun verða ráðandi. Bæði orðin eru notuð í bókinni.
VELJA:	Að velja texta með blokk. Átt er við þegar músinni er rennt yfir texta og músarhnapp haldið niðri um leið. Þá upplitast textinn og er búið að velja hann.
VERKSTIKA:	Einnig kallað <i>Verkrein</i> . Borðinn neðst á tölvuskjánum þegar unnið er í <i>Windows</i> umhverfi. Á honum birtast táknmyndir þeirra forrita sem eru í gangi. Kallast á ensku <i>Taskbar</i> .
VAFRI:	Sjá <i>Rápari</i> .
VALBORDI:	Samheiti: vallisti, skipanalisti, skipanalína. Borðinn þar sem skipanir forrits liggja s.s. File, Edit, Format, o.s.frv. Sé smellt á heiti skipunar í valborða birtist vallisti eða skipanalista. Einnig mætti kalla valborðann <i>skipanastiku</i> .
TITILLÍNA:	Efsta lína forrits sem birtir heiti þess og heiti þess skjals sem unnið er í.

Úr tölvuorðasafni

Einválshnappur: Enska: Radio button.

Gátreitur: Enska: Checkbox.

Flytja upp: Flytja forrit eða gögn frá einni tölvu til annarrar tengdrar tölvu sem er veigameiri, t.d. frá einmenningstölvu til stórtölvu. Enska: upload.

FTP-samskiptareglur:

Heiti á samskiptareglum fyrir flutning skráa um net milli tveggja hýsitölva. Enska: File transfer protocol (FTP).

Gandálfur: Álfur, sjálfvirkt hjálparkerfi sem aðstoðar notanda við að feta sig gegnum aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að ljúka tilteknu verki. Gandálfur útskýrir hvern kost sem völ er á og velur sjálfvirkt liði af valmynd og skipanir og stofnar til samtala við notanda. Gandálfur leggur þessa liði fyrir notandann eftir því sem við á. Enska: wizard, smart guide, auto-pilot.

Gátreitur: Enska: check box

HTML: Heiti á einföldu ívafsmáli sem notað er til þess að búa til stikluskjöl sem unnt er að flytja á milli verkvangs. Skýring: 1. HTML er gert eftir SGML og hefur stofnræna merkingarfræði, hentuga til þess að setja fram upplýsingar frá margvíslegum notkunarhugbúnaði. 2. HTML skjöl geta verið fréttir í formi stiklutexta, póstur, valmyndir í formi stiklutexta, niðurstöður fyrirspurna til gagnasafna, einföld mótuð skjöl með teikningum og geymdar upplýsingar, séðar sem stiklutexti. Enska: hypertext markup language (HTML).

Hýsitölva: Tölva í tölvuneti sem veitir notendum ýmsa þjónustu, sér t.d. um útreikninga og veitir aðgang að gagnasöfnum, og stjórnar yfirleitt notkun netsins. Enska: host computer og host.

Ívaf: Texti sem er bætt við gögn í skjali til þess að veita upplýsingar um skjalið sjálft. Fyrirmæli um úrvinnslu. Enska: markup.

Ívafsmál: Mál með ívafsskipunum sem felldar eru í skjal til aðstoðar við úrvinnslu þess. Enska: markup language.

Kóti: Kótaþula (í forritun), bútur af forritstexta, skráður á forritunarmáli eða í formi sem smali, vistþýðandi eða annar þýðandi hefur skilað. Enska: code.

Krækja: Hlekkur, tengill, stikla. Enska: link.

Línuhlaup: Enska: line wrap.

Lýðnet: Internet, heiti á tilteknu fjölneti sem nær til flestra ríkja jarðar. Lýðnetið hefur einnig verið nefnt alnetið. Enska: Internet.

Merki: Lýsandi ívaf. Dæmi: byrjunarmerki og lokamerki. Enska: Tag.

Nýglæða: Enska: Refresh.

Orðahlaup: Enska: word wrap.

Rápari, Rápforrit (á Interneti), Vafri (á Interneti). Forrit til að fletta uppá og birta vefsíður af lýðnetinu. Enska: Browser, Navigator.

Staðarnet:	Tölvunet sem er staðsett á starfssvæði notanda og innan takmarkaðs landsvæðis. Samskipti við aðila utan netsins geta verið háð einhverjum reglum. Enska: local area network (LAN).
Stiki:	Breyta sem hefur breytanlegt gildi innan ákveðins gilsissviðs gildi í tilteknu viðfangsefni. Enska: Parameter.
Stiklutexti:	Stiklubúnaður þar sem notaður er texti, myndir eða hvort tveggja. Stiklutexti gefur kost á framsetningu skjala þar sem líkt er eftir því hvernig mannshugur raðar saman hugmyndum. Í bókum, kvikmyndum og tali er efni hins vegar sett fram í tiltekinni röð. Enska: hypertext.
Veffang:	Staðgreinir á vef, t.d. á veraldarvefnum. Stafastrengur sem auðkennir annaðhvort Lýðnetssetur eða skrá eða þjónustu sem unnt er að fá aðgang að á Lýðnetssetri. [skýr.] Veffangið segir einnig til um hvernig aðgangi að setrinu, skránni eða þjónustunni er háttað. Þegar veffang vísar til skrár er einnig tilgreint heiti viðeigandi Lýðnetsseturs. s.s "http://www.iso.ch" er veffang Lýðnetsseturs og skrá heimasíðunnar er aðgengileg með HTTP-samskiptareglunum. Enska: Universal Resource Locator, URL.
Víðnet:	Net sem veitir samskiptaþjónustu á stærra landsvæði en því sem staðarnet eða borgarnet þjónar. [skýr.] Víðnet gæti t.d. náð um allt Ísland eða um Norðurlönd. Enska: Wide Area Network (WAN).
Þjónn:	Miðlari, búnaðareining sem veitir vinnustöðvum eða öðrum búnaðareiningum sameiginlega þjónustu um gagnaflutningsnet. Skráaþjónn, prentþjónn, pósthjónn. Hluti þjónustunnar getur verið sérnota þjónusta frekar en sameiginleg þjónusta. Enska: server.

